



**LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS**

2001

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS Í MAÍ 2002

RITSTJÓRI:

JÓN BALDVIN HALDÓRSSON UPPLÝSINGAFULLTRÚI

HÖNNUN OG UMBROT:

AGNES VILHELMSDÓTTIR GAGNASMIÐJU LSH

LJÓSMYNDUN:

VIGFÚS BIRGISSON

ÞÓRDÍS ERLA ÁGÚSTSDÓTTIR GAGNASMIÐJU LSH

OG ÝMSIR FLEIRI

PRENTUN:

PRENTSMÍÐJAN GRAFÍK



Á VENJULEGUM VIRKUM DEGI Á LANDSPÍTALA - HÁSKÓLASJÚKRAHÚSI

- **ER 961 SJÚKLINGUR Á LEGUDEILDUM**
- **KEMUR 181 Á SLYSA- OG BRÁÐADEILD**
- **FÁ 415 MANNS MEÐFERÐ HJÁ SJÚKRA- OG IÐJUPJÁLFUM**
- **KOMA 1.162 Á DAG- OG GÖNGUDEILDIR**
- **FÆÐAST 8 BÖRN**
- **FARA 48 Í SKURÐAÐGERÐ**
- **ERU 53 SVÆFÐIR OG/EÐA DEYFÐIR AF SVÆFINGALÆKNUM**
- **ERU 43 SJÚKLINGAR Á VÖKNUN Í EFTIRLITI EFTIR SKURÐAÐGERÐ**
- **ERU GERÐAR 385 RÖNTGENRANNSÓKNIR**
- **HEIMSÆKIR SJÚKRAHÚSTENGD HEIMAPJÓNUSTA 13 SKJÓLSTÆÐINGA**
- **ERU 7.079 RANNSÓKNIR GERÐAR Á RANNSÓKNARSTOFUM**
- **GEFA 55 MANNS BLÓÐ**
- **FRAMREIÐIR ELDHÚSIÐ 4.160 MÁLTÍÐIR FYRIR SJÚKLINGA**
- **ER LYFJAKOSTNAÐUR 4,5 MILLJÓNIR KRÓNA**
- **FALLA TIL TÆP 4 TONN AF SORPI**
- **ÞVÆR ÞVOTTAHÚSIÐ 4,5 TONN AF ÞVOTTI**
- **SINNA PRESTAR SKJÓLSTÆÐINGUM Í 25 SÁLGÆSLUSAMTÖLUM**

STJÓRNARNEFND

Guðný Sverrisdóttir, formaður
Thomas Möller-
Pálmi R. Pálmasson
Egill T. Jóhannsson
Margrét S. Björnsdóttir--
Esther Guðmundsdóttir
Már Kristjánsson

• Lét af setu í apríl 2002
-- Ari Skólaðson í fjarveru Margrétar sept. 2001- jún. 2002

SKRIFSTOFA FORSTJÓRA
Ráðgjafi forstjóra: Torfi Magnússon
Upplýsingafultrúi: Jón Baldvín Halldórsson
Lögfræðingur: Jóhannes Pálmasson
SKRIFSTOFA STARFSMANNAMÁLA
Sviðsstjóri: Erna Einarsdóttir

FORSTJÓRI

Magnús Pétursson

FRAMKVÆMDASTJÓRN

FRAMKVÆMDASTJÓRI
FJÁRREIÐNA OG UPPLÝSINGA

Anna Lilja Gunnarsdóttir

FRAMKVÆMDASTJÓRI
TÆKNI OG EIGNA

Ingólfur Þórisson

FRAMKVÆMDASTJÓRI
LÆKINGA

Jóhannes M. Gunnarsson

FRAMKVÆMDASTJÓRI
HJÚKRUNAR

Anna Stefánsdóttir

FRAMKVÆMDASTJÓRI
KENNSLU, VÍSINDA OG ÞRÓUNAR

Gísli Einarsson

LÆKNARÁÐ
Sverrir Bergmann, formaður

HJÚKRUNARRÁÐ
Steinnur Ingvarsdóttir, formaður

SKRIFSTOFA FJÁRREIÐNA OG UPPLÝSINGA

FJÁRMÁLASVIÐ
Sviðsstjóri: Sigrún Guðjónsdóttir
Starfinu gegndi Sigurður Páll Óskarsson 2001-2002
Rekstrarættanir
Deildarstjóri: Jónína Birgisdóttir
Rekstrarefirlit og frávikgreining
Deildarstjóri: Herdís Herbertsdóttir
REIKNINGSHALDSSVIÐ
Sviðsstjóri: Þorbjörg Guðadóttir
Fjárhagsbókhald
Deildarstjóri: Bjarki Þór Baldvínsson
Launabókhald
Deildarstjóri: Bjarni Kr. Grímsson
Þróun fjármákerfa
Deildarstjóri: Bina Stefnsdóttir
Fjárhagsrefirlit
Deildarstjóri: Margrét K. Sigurðardóttir
HAG- OG UPPLÝSINGASVIÐ
Sviðsstjóri: Guðmundur I. Bergþórsson
Upplýsingadeild
Deildarstjóri: Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir
INNRI ENDURSÖÐUN
Sviðsstjóri: Helga Víðarsdóttir
Deildarstjóri: Guðmundur Einarsson
INNKAUPASVIÐ
Sviðsstjóri: Kristján Antonsson
Innkaup rekstrarvara og vörustjórn
Deildarstjóri: Kristján Valdimarsson

Deild lyfamála
Yfirleiknir: Sigurður B. Þorsteinsson

SKRIFSTOFA TÆKNI OG EIGNA

BYGGINGARSVIÐ
Sviðsstjóri: Aðalsteinn Pálsson
Byggingadeild
Aðalsteinn Pálsson
Umjón fasteigna og leða
Egill T. Jóhannsson umjónarm. Hringbraut
Hagerup Isakson umjónarm. Kleppi/Akraholti
Magnús Már Vilhjálmsson umjónarm. Leða
Steinþór Gunnarsson umjónarm. Fossvogi
Vilhjálmur Ólafsson umjónarm. Vífilsst./Kóp.
UPPLÝSINGATÆKNISVIÐ
Sviðsstjóri: Balður Johnsen
Hugbúnaður
Emma Annaðóttir forstöðumaður
Tækni og þjónusta
Ólafur Aðalsteinsson forstöðumaður
REKSTRARSVIÐ
Sviðsstjóri: Gísli Hermannsson
Eldhús
Heiða Hilmsdóttir forstöðumaður
Ræsting
Katrín Guðstafsdóttir forstöðumaður, Hb.
Sesselja Eiríksdóttir forstöðumaður, Fv.
Öryggis- og flutningadeild
Kristján Nielsen öryggisstjóri, Fv.
Pálmi Þór Evarsson öryggisstjóri, Hb.
Símanavsla
Sólveig Smith forstöðumaður
HEILBRIGÐISÆKNISVIÐ
Sviðsstjóri: Þorgeir Pálsson
Verkræði- og ráðgjafi
Gísli Georgsson forstöðumaður
Heilbrigðisæknideild
Magnús Björnsson deildarstjóri
Rannsóknir og þróun
Þórður Helgason forstöðumaður
SJÁLSTÆÐAR REKSTRAREININGAR
Sviðsstjóri: Karólína Guðmundsdóttir
Dauðhræmsnardeild
Bina Lárusdóttir forstöðumaður
Þvottahús
Gísli Jóhann Sigurðsson forstöðumaður
Saumastofa
Sigrún Björg Einarsdóttir forstöðumaður

BARNASVIÐ

Sviðsstjóri: Ásgeir Haraldsson
KVENNASVIÐ
Sviðsstjóri: Jón Hilmar Allerðsson
GEDSVIÐ
Sviðsstjóri: Hannes Pétursson
LYFLÆKNINGASVIÐ I
Sviðsstjóri: Guðmundur Þorgeirsson
LYFLÆKNINGASVIÐ II
Sviðsstjóri: Vilhelmina Haraldsdóttir
SKURDLÆKNINGASVIÐ
Sviðsstjóri: Jónas Magnússon
SVÆFINGA-, GIÖRGÆSLU- OG SKURDSTOFUSVIÐ
Sviðsstjóri: Ólafur Fjalldal
KLÍNÍSKT ÞJÓNUSTUSVIÐ
Sviðsstjóri: Aðbjörn Jónsson
SLÝSA- OG BRÁÐASVIÐ
Sviðsstjóri: Brynjólfur Mogensen
ENDURHEFINGARSVIÐ
Sviðsstjóri: Guðrún Sigurbjörnsdóttir
og Stefán Þingvason
ÖLDRUNARSVIÐ
Sviðsstjóri: Pálmi V. Jónsson
BLOÐBANKI
Sviðsstjóri: Sveinn Guðmundsson
RANNSÓKNARSTOFUN LSH
Sviðsstjóri: Ólafur Steingrímsson

BARNASVIÐ

Sviðsstjóri: Helga Bragadóttir
KVENNASVIÐ
Sviðsstjóri: Margrét I. Hallgrímsson
GEDSVIÐ
Sviðsstjóri: Eydis Sveinbjarnardóttir
LYFLÆKNINGASVIÐ I
Sviðsstjóri: Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir
LYFLÆKNINGASVIÐ II
Sviðsstjóri: Kristín Sophusdóttir
SKURDLÆKNINGASVIÐ
Sviðsstjóri: Elin J.G. Halsteinsdóttir
SVÆFINGA-, GIÖRGÆSLU- OG SKURDSTOFUSVIÐ
Sviðsstjóri: Helga Kristín Einarsdóttir
KLÍNÍSKT ÞJÓNUSTUSVIÐ
Sviðsstjóri: Gyða Halldórsdóttir
SLÝSA- OG BRÁÐASVIÐ
Sviðsstjóri: Margrét Tomasdóttir
ENDURHEFINGARSVIÐ
Sviðsstjóri: Þóris Ingólfssdóttir
ÖLDRUNARSVIÐ
Sviðsstjóri: Ingibjörg Hjaltadóttir

SKRIFSTOFA KENNSLU, VÍSINDA OG ÞRÓUNAR

BÓKASAFNA- OG UPPLÝSINGASVIÐ
Sviðsstjóri: Sólveig Þorsteinsdóttir
Gagnasmíðja
Forstöðumaður: Svanhildur Ásgeirsdóttir
FRÆÐASVIÐ HJÚKRUNAR
Sviðsstjóri: Hrand Scheving Þorsteinsson
LÆKNISFRÆDISVIÐ
Sviðsstjóri: Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir

Sjá nánar á skipuriti
heilbrigðisþjónustu

Sjá nánar á skipuriti
heilbrigðisþjónustu



EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS STJÓRNARNEFNDAR	3
ORÐ FORSTJÓRA	5
SKRIFSTOFA FORSTJÓRA	13
SKRIFSTOFA STARFSMANNAMÁLA	13
SKRIFSTOFA TÆKNI OG EIGNA	15
SKRIFSTOFA FJÁRREIÐNA OG UPPLÝSINGA	17
SKRIFSTOFA KENNSLU, VÍSINDA OG ÞRÓUNAR	19
FRAMKVÆMDASTJÓRI LÆKNINGA	21
FRAMKVÆMDASTJÓRI HJÚKRUNAR	21
BARNASVIÐ	23
KVENNASVIÐ	25
GEÐSVIÐ	27
LYFLÆKNINGASVIÐ I	29
LYFLÆKNINGASVIÐ II	31
SKURÐLÆKNINGASVIÐ	33
SVÆFINGA-, GJÖRGÆSLU- OG SKURÐSTOFUSVIÐ	35
SLYSA- OG BRÁÐASVIÐ	37
KLÍNÍSKT ÞJÓNUSTUSVIÐ	39
ÖLDRUNARSVIÐ	41
ENDURHÆFINGARSVIÐ	43
BLÓÐBANKI	45
RANNSÓKNARSTOFNUN LSH	47
STAÐFESTING ÁRSREIKNINGS	57
ÁRITUN ENDURSKOÐENDA	57
REKSTRARREIKNINGUR	58
EFNAHAGSREIKNINGUR	59
SJÓÐSTREYMI	60
SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI	61
HELSTU REKSTRARTÖLUR	66
YFIRLITSTÖLUR	68



ÁVARP FORMANNS STJÓRNARNEFNDAR

Þegar við lítum til ársins 2001 var unnið af dugnaði og festu að ýmsum mikilvægum málum á Landspítala - háskólasjúkrahúsi.

Á fyrri hluta árs 2001 skipaði heilbrigðisráðherra starfsnefnd til að vinna að framtíðaruppbyggingu Landspítala - háskólasjúkrahúss. Nefndinni var falið að gera grein fyrir þeim möguleikum sem helst koma til greina og leggja fram tillögur um staðsetningu og hvernig standa beri að uppbyggingu spítalans. Í nefndina voru skipuð Ingibjörg Pálmadóttir fyrrverandi heilbrigðisráðherra, formaður, Magnús Pétursson forstjóri Landspítala - háskólasjúkrahúss og Páll Skúlason rektor Háskóla Íslands. Nefndin gerði tillögu um uppbyggingu á einum stað, þ.e. við Hringbraut og að nýbyggingar risi aðallega sunnan núverandi Hringbrautar. Afar brýnt er að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið og koma áframhaldandi starfi í öruggan farveg. Í ljósi ríkjandi aðstæðna í rekstri LSH hvetur stjórnarnefndin því til þess að undirbúningi og framkvæmdum við framtíðaruppbyggingu Landspítala verði hraðað eins og kostur er.

Á ársfundi spítalans 10. maí 2001 var undirritaður samstarfssamningur milli Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahúss. Sá samningur var gerður í framhaldi af viltjafirlyngingu rektors H.Í. og forstjóra LSH sem undirrituð var samhliða sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík. Nú er unnið að viðbótarsamningi sem fjallar m.a. um verklagsreglur um störf og stöðu sameiginlegra starfsmanna, nafnbætur og fyrirkomulag stjórnunar. Málið er flókið og vandasamt en nauðsynlegt er að allar boðleiðir í stjórnun og ábyrgð séu skýrar. Vísindastefna fyrir Landspítala - háskólasjúkrahús hefur nú verið sett. Vísindastefnan var kynnt á sérstökum vísindadögum sem haldnir eru í tengslum við ársfund spítalans. Vísindastefnan er leiðarljós og hvatning fyrir stjórnendum og starfsmenn og um leið yfirlýsing LSH um þátttöku meðal starfsmanna í vísindastarfi.

Landspítali - háskólasjúkrahús var rekinn með um 2% halla 2001 en á föstu verðlagi kostaði reksturinn ívið minna en árið 2000. Slíkt verður að teljast góður árangur þegar horft er til mikilla breytinga í rekstri, sameiningar sérgreina og aukinnar starfsemi á mörgum sviðum. Þessi árangur hefur fyrst og fremst náðst vegna dugmikillar framgöngu starfsmanna spítalans. Athyglisvert er að hann náðist þrátt fyrir 3,5% fjölgun á innlögnum sjúklinga á sólarhringsdeildir, að meðallegutími styttest úr 9,0 dögum í 8,3 daga, sem þýðir að sjúklingar sem lágu inni hverju sinni voru veikari en áður, þjónusta á dag- og göngudeildum fór vaxandi og biðlistar hafa heldur styst. En betur má ef duga skal. Nú hafa verið teknar í notkun nýjar og fullkomnar skurðstofur og við höfum því allar forsendur til að gera fleiri aðgerðir og stytta verulega biðlista. Rókrétt er að nýta aðstöðuna til fulls þegar þess er gætt að fastur kostnaður í rekstri skurðstofu er umtalsverður.

Fjármögnun spítalans er veigamikil viðfangsefni, bæði að því er tekur til heildarfjármuna og eigin tekjuöflunar. Haldið var áfram að innleiða svokallað DRG-kerfi í starfsemi spítalans. Það kerfi gerir kleift að bera saman kostnað vegna einstakra spítalaverka við önnur sambærileg á alþjóðlegum vettvangi. Þessi samanburður er LSH ákaflega hagstæður þegar við lítum til sjúkrahúsa erlendis sem eru af svipaðri stærð. Áfram verður unnið að því að taka DRG-kerfið upp til að meta kostnað við legur, aðgerðir og fleiri verk svo hægt verði að nota það við kostnaðarmat og fjármögnun spítalans.

Unnið var ótulllega að sameiningu sérgreina og tilflutningi þeirra milli staða á árinu. Reynt hefur verið að finna bestu lausn á skiptingu sérgreina og nýta húsnæði og tækjabúnað vel. Stefnt er að því að sameiningu sérgreina verði að mestu lokið fyrir hluta næsta árs. Ljóst er að nokkur röskun hefur verið og verður á starfsemi spítalans meðan á breytingunum stendur og hlýtur mjög að reyna á þolrif starfsmanna. En hafa ber í huga að þegar breytingunum lýkur verðum við bæði með betri og hagkvæmari stofnun og betri starfsaðstöðu. Það er markmiðið sem stefnt er að.

Á síðasta ári var mikið unnið að endurbótum á húsnæði LSH. Áfram var unnið við nýjan barnspítala, skurðstofur voru endurnýjaðar og ýmsar deildir og ný líknardeild var tekin í notkun á Landakoti, svo fátt eitt sé nefnt. Þessi verk voru mjög brýn og trúlega var meiru varið til endurbóta á húsnæði árið 2001 en mörg undanfarin ár. Þessum endurbótum verður að halda áfram því sum húsakynni spítalans hafa lengi verið svelt í viðhaldi.

Landspítali - háskólasjúkrahús á mikið undir velvilja og stuðningi almennings, félagasamtaka og fyrirtækja. Spítalanum bærust fjödamargar gjafir árið 2001 sem eru gagnlegar í starfinu og bæta þjónustu við sjúklinga. Öllum gefendum eru færðar alúðarpakkir fyrir gjafir sínar, stórar og smáar, og velvilja í garð spítalans. Að lokum vil ég þakka öllum starfsmönnum Landspítala - háskólasjúkrahúss fyrir vel unnin störf á liðnu ári.

Í maí 2002



af spítalastarfinu

MIKILVÆGT HLUTVERK Í STJÓRNUN

Ráð, stjórnir og nefndir hafa mjög mikilvægu hlutverki að gegna í ráðgjöf, starfi og stjórnun á Landspítala - háskólasjúkrahúsi og hefur markvisst verið leitast við að styrkja þann vettvang. Veigamestu ráð og nefndir hafa skilgreint hlutverk samkvæmt lögum, svo sem starfsmannaráð, hjúkrunarráð, læknaráð, siðanefnd, lyfjanefnd og öryggisnefnd. Fjölmargar fleiri nefndir og starfshópa má nefna í spítalastarfinu sem hafa afar mikilvægu hlutverki að gegna við stjórnun eða stefnumótun í einstökum málaflokkum, svo sem gæðaráð, kjara- og launanefnd, stefnunefnd HÍ og LSH, vísindaráð, sýkingavarnarnefnd, siðfræðinefnd og upplýsinganefndir. Lögð hefur verið áhersla á að fá nefndum erindisbréf til að vinna eftir og að þær geri grein fyrir starfi sínu reglulega, til dæmis á upplýsingavef spítalans.

VÍSINDARÁÐ GEFUR RÁÐ OG KYNNIR VÍSINDASTARF



Vísindaráð Landspítala - háskólasjúkrahúss er stjórnarnefnd og framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindastarf á sjúkrahúsinu. Það sér um kynningu á vísindastarfi sem fram fer á spítalanum, meðal annars með "vísindum á vordögum". Þar eru markverðar vísindaniðurstöður kynntar starfsfólki spítalans, fræðimönnum og almenníngi. Vísindaráði er einnig ætlað vera til ráðgjafar við veitingu viðurkenninga fyrir vísindastörf á Landspítala - háskólasjúkrahúsi og það á aðild að úthlutun styrkja úr vísindasjóði LSH.

Fyrsta vísindaráð Landspítala - háskólasjúkrahúss skipa:
Gunnar Sigurðsson prófessor, formaður, Auðna Ágústsdóttir hjúkrunarfr., Brynjar Karlsson eðlisfræðingur, Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur, Kristín Björnsdóttir hjúkrunarfræðingur, Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir lækni og Þórarinn Gíslason lækni. Ritari vísindaráðs er María Henley.

GÆÐARÁÐ

Gæðaráð er skipað til fjögurra ára í senn og hélt fyrsta fund sinn 18. janúar 2001. Það er málsvári þeirra sem þurfa á þjónustu sjúkrahússins að halda og er framkvæmdastjórn til ráðgjafar um mótun og framvindu gæðastefnu sjúkrahússins. Ráðinu ber að leitast við að fylgjast með gæðum þjónustu sjúkrahússins og sjá til þess að hún sé á hverjum tíma í samræmi við viðurkennda reynslu, þekkingu, gæðastaðla, lög og innan þess ramma sem markaður er af heilbrigðisyrvöldum, svo og gæðaaætlun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Til viðfangsefna gæðaráðs teljast atríði á sviði lækningar, hjúkrunar og rekturs spítalans. Umbætur og gæði í þjónustu spítalans skal ávallt meta út frá sjónarhóli sjúklínga og starfsmanna spítalans og gæta þess að búnaður og mannaflí sé nýttur á áhrifaríkan og skilvirkan hátt fyrir sjúkrahúsið.

Gæðaráð skipa:

Anna Stefánsdóttir hjúkrunarforstjóri, Jóhannes M. Gunnarsson lækningaforstjóri, Benedikt Davíðsson forseti Landssambands eldri borgara, Gísli Georgsson forstöðumaður á skrifstofu tækni og eigna, Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir deildarstjóri á skrifstofu fjárreiðna og upplýsinga, Guðrún Ragnarsdóttir forstöðumaður gæðastjórnunar Íslandsbanka FBA, Haukur Hjaltason lækni, Helga Viðarsdóttir sviðsstjóri á skrifstofu fjárreiðna og upplýsinga og Oddný S. Gunnarsdóttir deildarstjóri á skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar.

GÆÐAÐEILD

Gæðadeild hefur að markmiði að tryggja að þeir sem þurfa á sjúkrahúsinu að halda fái þá þjónustu sem kemur fram í gæðastefnu og gæðamarkmiðum þess, svo og gæðaaætlun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Deildin hefur yfirumsjón með uppbyggingu gæðastarfs, fylgir eftir framkvæmd gæðastefnu sjúkrahússins og metur árangur.

Starfsemin felst m. a. í ráðgjöf og þjónustu fyrir starfsfólk sjúkrahússins, könnunum, úttektum og fræðslu. Gæðadeildin heyrir undir hjúkrunarforstjóra og lækningaforstjóra sem skiptast á um yfirstjórn hennar til tveggja ára í senn.



ORÐ FORSTJÓRA

Árið 2001 var fyrir margra hluta sakir eftirminnilegt í starfi Landspítala - háskólasjúkrahúss. Við viljum trúa því og treysta að okkur hafi tekist að sækja fram á öllum sviðum þar sem spítalinn hefur skyldum að gegna. Það á við um þjónustu við sjúklinga, kennslu nemenda og rannsóknir og vísindastörf.

Á síðastliðnu ári var tekin veigamikil ákvörðun um sameiningu fjölmargra sérgreina og staðsetningu þeirra í húsnæði spítalans. Þessi ákvörðun byggði á vandaðri vinnu stjórnenda spítalans þar sem haft var að leiðarljósi hvað mætti verða til þess að efla sérgreinar í lækningum og hjúkrun, hvað leiddi til hagræðingar og betri rekstrar og hvort breytingar væru framkvæmanlegar með tilliti til húsakosts og aðstöðu. Þeir þekkja best sem að lækningum og hjúkrun starfa, að það er flókið að samhæfa störf milli sviða og sérgreina spítalans við núverandi aðstæður. Nauðsynlegur tilflutningur og endurnýjun húsnæðis stendur nær stöðugt yfir og er að því stefnt að þessu verki ljúki í meginatriðum á fyrri hluta ársins 2003. Það sýnir styrk og samtakamátt stjórnenda spítalans að um breytinguna náðist góð samstaða.

Stjórnendur spítalans lögðu áherslu á að heilbrigðisfyrivöld hertu á vinnu og ákvörðun um uppbyggingu og staðsetningu spítalans til framtíðar. Einnig að hlutverk spítalans og starfsskyldur yrðu skýrðar. Ákvörðun hefur nú verið tekin um að framtíðaruppbygging verður við Hringbraut og nú er verið að fjalla um hlutverk spítalans í samræði við heilbrigðisfyrivöld. Á sl. ári lagði yfirstjórn spítalans nokkuð til þessara mála með því að móta skoðun um hvernig léttari læknisverkum skuli háttað á spítalanum. Þetta er með flóknari málefnum og skiptir gríðarlega miklu máli fyrir framtíð spítalans vegna samspils þess starfs sem þar er unnið og einkarekinna læknastofa. Afar mikilvægt er að samstaða náist um tilhögun þessara mála.

Skipulagi spítalans og verkefnum stjórnenda eru gerð góð skil í ársskýrslunni. Þess sjást glögg merki að skipurit spítalans er nú sett fram með fyllri hætti en fyrir ári. Stjórnarnefnd spítalans ákvað á árinu 2000 að fyrir októberbyrjun árið 2002 skyldu skipulag, starfslýsingar og aðalviðfangsefni stjórnenda yfirfarin. Þetta starf er nú að hefjast.

Rekstur LSH er mikið verkefni og vandasamt. Á annan bóginn togast á skyldur við sjúklinga, nemendur og starfsmenn og á hinn þær skyldur sem opinberar stofnanir hafa um ráðstöfun fjármuna og rekstur. Því verður tæpast andmælt að verulegur árangur hefur náðst í því að styrkja rekstur spítalans. Raunkostnaður við starfsemina minnkaði um rúmt 1/2 prósent frá árinu 1999 til 2000 og síðan um rúmt 1 prósent frá 2000 til 2001. Hinu er þó ekki að leyndu að enn er ekki fullt samræmi milli útgjalda og fjárheimilda. Krafa almennings og þörf fyrir þjónustu er mjög rík og má marka það af lengri bið eftir vissum meðferðum en góðu hófi gegnir. Þetta er jafnt viðfangsefni stjórnenda spítalans sem heilbrigðisfyrivalda að greiða úr.

Einkar ánægjulegt er að nú skuli liggja fyrir kjarasamningar við allar starfsstéttir sem á spítalanum starfa. Þar sem rekstrarútgjöld sjúkrahússins eru að 70 hundraðshlutum launakostnaður þá segir sig sjálf að sátt um laun og starfsmannahald skiptir afar miklu máli. Í kjarasamningum er það sem rauður þráður að samskipti stéttarfélaganna og stjórnenda spítalans um tilhögun launa og réttindi starfsmanna fara vaxandi. Þessu ber að fagna en setur báðum aðilum ríkar skyldur. Vinna þarf ötullega að því að styrkja enn frekar umfjöllun um starfsmannamál í spítalanum þótt margt hafi áunnist. Í ársbyrjun 1999 sagði forstjóri að þetta væri mikilsvert verkefni til þess að okkur farnaðist vel. Vonandi hefur nokkuð áunnist í þessu efni.

Að lokum er mér ljúft að þakka stjórnendum og öllum starfsmönnum spítalans fyrir vel unnin störf á árinu 2001. Það hefur reynt verulega á samstarf og vilja til þess að efla þessa mikilvægu stofnun heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Undantekningalaust hafa starfsmenn tekið þátt í starfinu hvar sem þeir vinna og hvaða hlutverki sem þeir gegna í starfi Landspítala - háskólasjúkrahúss. Fyrir það verður ekki nógsamlega þakkað.

Í maí 2002



af spítalastarfinu



STARFSMENN LSH OG HÍ

Læknadeild

Arthur Löve dósent sýklafræði,
Atli Dagbjartsson dósent barnasjfr.,
Árni Kristinsson dósent hjartasjúkdómar,
Árni V. Þórsson dósent barnasjúkdómafr.,
Ásbjörn Jónsson dósent geislagreining,
Ásgeir Haraldsson prófessor barnasj.fr.,
Bjarni Agnar Agnarsson dósent
liffærameinafr.,

Bjarni Þjóðleifsson prófessor lyflækningar,
Bjarni Torfason dósent hjarta- og brjóstholsskurðlækningar,
Björn Guðbjörnsson dósent gigtarrannsóknir,
Björn Rúnar Lúðvíksson dósent klínísk ónæmisfræði,
Brynjar Karlsson dósent læknisfræðileg eðlisfræði,
Einar Stefánsson prófessor augnlæknisfræði,
Eiríkur Örn Arnarson dósent sálarfræði,
Ellas Ólafsson prófessor taugasjúkdómafræði,
Haukur Hjaltason dósent taugasjúkdómafræði,
Friðbert Jónsson prófessor augnsjúkdómafræði,
Gisli Einarsson lektor endurhæfingarfræði,
Gísli Heimir Sigurðsson prófessor svæfinga- og gjörg.lækn.,
Guðmundur Jón Elíasson lektor geislagreining,
Guðmundur Oddsson lektor lyfja- og eiturefnafræði,
Guðmundur S. Jónsson dósent líffræðileg eðlisfræði,
Guðmundur Víkar Einarsson dósent þvagskurðlækningar,
Guðmundur Þorgeirsson prófessor lyflæknisfræði,
Gunnar Sigurðsson prófessor lyflæknisfræði,
Gunnlaugur Geirsson prófessor réttarlæknisfræði,
Halldór Jóhannsson dósent handlæknisfræði,
Halldór Jónsson dósent bæklunarskurðlækningar,
Hannes Blöndal prófessor líffærafræði,
Hannes Petersen dósent háls-, nef- og eyrnalækn.,
Hannes Pétursson prófessor geðlæknisfræði,
Helgi Jónsson dósent lyflæknisfræði gigtarsjúkd.,
Helgi Valdimarsson prófessor ónæmisfræði,
Hildur Harðardóttir lektor fæð.- og kvensj.d.fr.,
Ingileif Jónsdóttir dósent sýkla- og ónæmisfræði,
Jens A. Guðmundsson dósent fæð.- og kvensj.d.fr.,
Jóhannes Ö. Björnsson prófessor lífenameinafr.,
Jón Grétar Stefánsson dósent geðsjúkdómafr.,
Jón Gunnlaugur Jónsson dósent
liffærameinafræði,
Jón Hjaltalín Ólafsson dósent húð- og kynsjúkd.,
Jón Jóhannes Jónsson dósent meinafræði,
Jónas Magnússon prófessor handlæknisfr.,
Karl Gústaf Kristinsson prófessor sýklafræði,

TÍMAMÓTA- SAMNINGUR

Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahúss fjallar um uppbyggingu háskólasjúkrahúss, kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindagreinum. Samninginn undirrituðu 10. maí 2001 Magnús Pétursson forstjóri LSH, Páll Skúlason rektor HÍ, Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra og Björn Bjarnason menntamálaráðherra. Samningurinn gildir til 5 ára og hefur í för með sér miklar breytingar á stjórnun og skipulagi, fræðslu og þjálfun háskólamenntaðra heilbrigðisstétta.

Samningurinn var gerður vegna þess að

- bráðabirgðaaákvæði háskólalaga frá 1. maí 1999 gerði ráð fyrir samkomulagi milli þessara stofnana innan tveggja ára frá gildistöku laganna og að samkomulagið leysti þá af hólmi 38. grein eldri laga um Háskóla Íslands nr. 131/1993.
- aðilar samningsins höfðu á liðnum árum þróað sín á milli formlegt og óformlegt samstarf um kennslu og rannsóknir sem þeir vildu skilgreina með skýrum hætti;
- samningsaðilar áforma að efla og bæta þjónustu sjúkrahússins við sjúklinga, kennslu, rannsóknar- og vísindastarf.

Stefnunefnd HÍ og LSH 2001:

Páll Skúlason rektor HÍ

Marga Thomé forseti hjúkrunarfræðideildar HÍ

Reynir Tómas Geirsson forseti læknadeildar HÍ

Varamenn: Einar Ragnarsson forseti tannlæknadeildar (fyrir Reyni Tómas)

Þórdís Kristmundsdóttir forseti lyfjafræðideildar (fyrir Mörgu Thome)

Magnús Pétursson forstjóri LSH

Gísli Einarsson framkvæmdastjóri kennslu, vísinda og þróunar LSH (SKV)

Torfi Magnússon ráðgjafi forstjóra LSH

Varamaður: Hrunn Scheving Thorsteinsson, sviðsstj. fræðasviðs hjúkrunar, SKV

Ritari er Þórður Kristinsson, kennslustjóri og framkv. stjóri stjórnsýslusviðs H.Í.

af spítalastarfinu

Kristján Erlendsson dósent/kennslustjóri,
Krístrún R. Benedíktsdóttir dósent heimilislækningar,
Margrét Oddsdóttir dósent klínísk handlæknisfræði,
Ólafur Steingrímsson dósent sýklafræði,
Páll Torfi Ónundarson dósent blóðsjúkdómafræði,
Pálmi V. Jónsson dósent öldrunarlækningar,
Rafn Benediktsson dósent lyflæknisfræði,
Reynir Tómas Geirsson prófessor fæðinga- og kvensjúkdómafræði,
Runólfur Pálsson lektor nýrnalækningar,
Sígurður B. Þorsteinsson dósent lyflæknisfræði, smitsjúkdómar,
Sígurður Ingvarsson dósent krabbameinsrannsóknir,
Sígurður V. Sigurjónsson lektor líffærafræði,
Steinn Jónsson dósent lungnasjúkdómafræði,
Sverrir Harðarson dósent líffærafræði,
Tómas Zoega lektor slysa- og áfallageðlækningar,
Unnur Steina Björnsdóttir dósent klínísk ónæmisfræði,
Þorsteinn Svörfuður Stefánsson dósent svæfingalæknisfræði,
Þorvaldur Jónsson dósent handlæknisfræði,
Þóra Steingrímisdóttir dósent fæðinga- og kvensjúkdómafræði,
Þórarinn Gíslason dósent lyflækningar,
Þórður Harðarson prófessor lyflæknisfræði,
Þórður Sigmundsson dósent líffræðilegar geðlækningar.

Hjúkrunarfræðideild

Anna Gyða Gunnlaugsdóttir lektor hjúkrun fullorðinna II,
Árdís Ólafsdóttir lektor ljósmóðurfræði,
Ásta St. Thoroddsen lektor hjúkrun fullorðinna I,
Birna Guðrún Flygenring lektor hjúkrunarstjórnun,
Björg Guðmundsdóttir lektor geðhjúkrun,
Gyða Baldursdóttir lektor inngangur að hjúkrunarfræði II,
Helga Jónsdóttir dósent hjúkrun langveikra,
Hrafn Ó. Sigurðsson lektor svæfinga-, gjörg.- og skurðst.hjúkr.,
Hrund Sch. Thorsteinsson lektor kennslustjóri,
Laura Sch. Thorsteinsson lektor inngangur í hjúkrunarfr. I,
Sóley S. Bender dósent barneignir og heilbrigði kvenna.

Tannlæknadeild

Ársæll Jónsson dósent almenn lyflæknisfræði,
Jón Viðar Arnórsson lektor röntgenfr. og greining,
Sigfús Þór Nikulássson lektor meinafræði
og meinafræði munns.

Raunvísindadeild

Inga Þórsdóttir prófessor næringarfræði.

Sjúkraþjálfun

Ella Kolbrún Kristinsdóttir dósent sjúkraþjálfun,
María Þorsteinsdóttir dósent sjúkraþjálfun.

HELSTU ATRÍÐI SAMNINGSINS

- Samningurinn er fyrsti hluti heildar-samnings um kennslu, rannsóknir og þjálfun í heilbrigðisvísindagreinum sem kenndar eru við Háskóla Íslands og stundaðar á Landspítala - háskólasjúkrahúsi.
- Í fyrsta sinn hefst með formlegum hætti vinna við skipulagningu sameiginlegra verkefna heilbrigðisvísindadeilda Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahúss..
- Samningurinn nær til yfirstjórna hvorrar stofnunar og samstarfshátta þeirra í milli. Fyrir stofnunum fara háskólaráð og stjórnarnefnd og starfa rektor Háskólans og forstjóri spítalans í þeirra umboði. Framkvæmdastjórn LSH og stjórnýsla háskólans annast daglegan rekstur stofnananna og er í samningnum ekki gert ráð fyrir beinni samþættingu þeirra stjórnýslustiga. Samningurinn fjallar í aðalatriðum um næsta stjórnýslustig, sem eru sviðsstjórnir á sjúkrahúsinu og fræðasvið/fræðigreinar heilbrigðisvísinda-greina í Háskólanum.
- Í samningnum er viðurkennt forræði forstöðumanna fræðigreina, þ.e. kennara í Háskólanum á sinni fræðigrein á sjúkrahúsinu, svo og rétt þeirra til að koma á framfæri sjónar-miðum fræðigreina sinna í skipulagningu kennslu, vísinda-rannsóknna og við uppbyggingu klíníks starfs á sjúkrahúsinu.
- Sviðsstjórar á spítalanum eru valdir af forstjóra og eru ábyrgir gagnvart framkvæmdastjórn. Háskólinn gerir formlegar akademískar hæfiskröfur til þeirra sem til greina koma í stöður sviðsstjóra. Forstjóra til ráðgjafar um val sviðsstjóra verður þriggja manna nefnd og skal einn nefndarmanna valinn sameiginlega af aðilum.
- Sett er á stofn stefnunefnd sem mótar og fjallar um sameiginlega stefnu aðila, sameiginlegar stöður og starfsmenn, svo og önnur sameiginleg mál. Þrír fullrúar hvors aðila eiga sæti í nefndinni og eru rektor og forstjóri í forsæti. Sambærilegir stjórnendur beggja aðila á deildum spítalans geta vísað málum sínum til nefndarinnar. Með nefndinni á að vera tryggt að jafnræði ríki í umfjöllun sameiginlegra mála.
- Í framhaldi samningsgerðar skal fjalla um samþættingu starfsþátta neðan þeirra stjórnunarлага sem nú hefur verið samið um þeir samningar snúa að skipan starfsmannamála almennt, stöðu nemenda í heilbrigðisvísinda-greinum og nám þeirra, rekstur og fjárhagsábyrgð, vísindastörf og rannsóknna-verkefni og fleira.

af spítalastarfinu

SAMEINING SÉRGREINA

-staða í lok apríl 2002

Undanfarið ár hefur einkennst af umróti sem fylgir flutningum á starfsemi og sameiningu sérgreina. Á vormánuðum skipaði forstjóri vinnuhóp til þess að fara yfir starfsemi- upplýsingar, húsnæði og tækjakost í samstarfi við sviðsstjóra og setja í kjölfarið fram tillögur um nýtingu húsnæðis og forgangs röðun verkefna í sameiningarferlinu.

Vinnuhópurinn átti gott samstarf við sviðsstjóra en einnig hafði hann til hlíðsjónar skýrslur danska ráðgjafar fyrirtækisins EMENTOR sem skilaði tillögum um framtíðar húskáskipan á LSH til framkvæmdastjórnar í apríl 2001. Um miðjan september kynnti framkvæmdastjórn áform sín um sameiningu sérgreina. Þar kom fram sá ásetningur að stærsta hluta sameiningar yrði lokið í árslok 2002.

Ljóst er að ýmsir annmarkar fylgja því að reka bráðaspítala á 2 stöðum og sitt sýnist hverjum um þær málamiðlanir sem verða ofan á varðandi skiptingu sérgreina í hús. Endurskipulagningunni er ekki lokið og nýjar lausnir á þessu stóra verkefni þróast samhliða þeim breytingum sem eru að verða.



• Í lok ársins 2001 lauk endurnýjun á skurðstofum í Fossvogi. Eftir breytingar eru þar 7 fullkomnar skurðstofur og aðstaða stórbætt frá því sem var.

• Geðsvið fékk deild 32A á Hringbraut til afnota og gat þar með sameinað bráðastarfsemina á Hringbrautarlóð. Geðdeild A-2 Fossvogi flutti inn á 32A í ársbyrjun 2002 eftir endurbætur á deildinni. Á sama tíma flutti meðferðarheimili sem verið hafði á Vífilsstöðum á Klepp og starfsstöðvum geðsviðs fækkaði um leið.



• Í febrúar 2002 var öll þjónusta við krabbameinssjúklinga sameinuð við Hringbraut. Breytingum á húsnæði var haldið í lágmarki og ljóst að í náinni framtíð þarf að bæta þar úr.

• Á lyflækningasviði I ber helst að nefna að lungnadeild flutti í janúar 2002 af Vífilsstöðum og sameinaðist sú starfsemi í endurgerðu húsnæði á deild A-6 í Fossvogi. Fyrirhugað er að göngudeildarhluti starfseminnar flytji á A-3 í maí. Í apríl 2002 sameinaðist þjónusta við hjartasjúklinga á 14E og G við Hringbraut. Einnig eru hafnar framkvæmdir við deild B-2 í Fossvogi en þar er fyrirhugað að sameina þjónustu við sjúklinga með taugasjúkdóma.

• Gæsludeild á slysa- og bráðasviði verður opnuð í endurnýjuðu húsnæði á A-2 í maí. Rúmafjöldi tvöfaldast á gæsludeild og fjölgun skoðunarherbergja á slysa- og bráðadeild G-2 styðja við hlutverk Fossvogs í bráðþjónustu spítalans.

• Innan skamms verður 7. hæð E-álmu í Fossvogi tekin í notkun undir skrifstofur. Er þar bætt úr brýnni þörf og gefst m.a. tækifæri til að losa gáma sem notaðir hafa verið sem bráðabirgða skrifstofur fyrir sérfræðinga spítalans.

• Gagngerar endurbætur voru gerðar á röntgendeild E-3 í Fossvogi. Innréttáðar voru þrjár stofur, skyggnistofa, lungnastandur og lungnastofa.

af spítalastarfinu

MIKLAR ENDURBÆTUR Á HÚSNÆÐI

Í kjölfar sameiningar sjúkrahúsanna í Reykjavík og vegna sameiningar sérgreina hafa verið miklar framkvæmdir við endurbætur á húsnæði Landspítala - háskólasjúkrahúss árið 2001 og fram á árið 2002. Einnig er búið að styrkja allt netkerfi síma- og tölvulagna á LSH í heild. Skrifstofa tækni og eigna annast viðhald og endurbætur á húsnæði spítalans.



Fossvogur

Unnið var að breytingum og lagfæringum á húsnæði rannsóknardeildar á E-1 í tengslum við ný rannsóknartæki sem tekin voru í notkun. Á skurðstofugangi E-5 var unnið að heildarendurnýjun á 3 skurðstofum og skolaðstöðu, auk þess sem tvær nýjar sérútbúnar skurðstofur voru innréttaðar fyrir æðaskurðlækningar og bæklunaraðgerðir. Þá var unnið að miklum endurbótum á legudeild A-6 fyrir lungnadeild sem fluttu frá Vífilsstöðum í janúar 2001. Á síðasta ári hófst vinna við innréttingu skrifstofuhæðar á E-7 en sú hæð var byggð ofan á E-álmuna fyrir nokkrum árum. Framkvæmdum við E-7 lýkur í maí 2002.

Á árinu 2002 hefur verið unnið á slysa- og bráðadeild, fyrsta áfanga í endurnýjun á húsnæði hennar og hefur skoðunarstofum verið fjölgað til að mæta aukningu vegna þeirrar bráðaþjónustu sem fluttist af Hringbraut. Unnið er að lagfæringu á röntgendeild og verða tvö ný röntgentæki tekin í notkun í maí 2002.

Á A-2 er unnið að innréttingu á nýrri gæsludeild og lýkur framkvæmdum í lok maí. Á E-7 lýkur innréttingu á nýrri skrifstofuhæð 15. maí 2002.

Unnið hefur verið að yfirferð á deild A-7 og framkvæmdir hafnar á A-3, göngudeild lungna- og ofnæmisdeildar sem flyst frá Vífilsstöðum og Hringbraut. Auk þessa hefur verið unnið að stofnlagnakerfum í Fossvogi.

Landakot

Á Landakoti var innréttuð ný líknardeild á L-5 í því húsnæði sem launadeildin hafði áður til afnota. Með tilkomu þeirrar deildar var hægt að færa til starfsemi á Landakoti og flytja öldrunardeild af Vífilsstöðum inn á K-2.

Arnarholt

Í Arnarholti var unnið að utanhússviðhaldi.

Hringbraut

Á Hringbraut var unnið að heildarendurnýjun á legudeild 13G, auk þess sem kvenlækningadeild 21A var lagfærð. Í byrjun árs var tekin í notkun endurbætt skurðstofa á skurðstofugangi 12D fyrir þvaggæra-skurðlækningar vegna flutnings þeirra úr Fossvogi. Auk þess var unnið að lagfæringum á skurðstofu 5, hjartastofu. Þá var unnið að endurbótum á húsnæði ísótópadeildar á 10G og teknir þar í notkun sérstakir geislaheldir blöndunarskápar.



Á árinu 2002 hefur verið unnið að eftirfarandi breytingum á húsnæði við Hringbraut: Deild 32A var lagfærð fyrir flutning geðdeildar af A-2 í Fossvogi. Deild 11G var lagfærð fyrir dag- og legudeild lyflækningasviðs II, blóðsjúkdóma- og krabbameinslækningadeild sem fluttu af A-3 og A-7 í Fossvogi. 14E og 14G hafa verið yfirfarnar og sett upp monitorakerfi fyrir hjartadeild sem fluttu úr Fossvogi.

af spítalastarfinu

ÞVAGFÆRA- SKURÐLÆKNINGAR SAMEINAST

Þvagfæraskurðlækningar sameinuðust þann 1. mars 2001 þegar þvagfæraskurðlækninga-deildin í Fossvogi fluttist á Hringbraut. Ákvörðun um sameiningu var tekin fjórum mánuðum áður og undirbúningur fyrir flutning hófst skömmu síðar. Starfsemin hefur legurymi á 13D en þjónusta við fólk með þvagfæravandamál fer að auki fram á skurðstofu, þvagfærarannsóknum og steinbrjóti á 11C, sem og göngudeild og ýmsum deildum spítalans. Þvagfærarannsókn sem var á A-3 í Fv. flyst á Hb. og lýkur með því að mestu leyti vel heppnaðri sameiningu sérgreinarinnar. Viðfangsefnið á þvagfæraskurðlækningadeild er greining, meðferð og ummönnun sjúklunga með nýrna- og þvagfærasjúkdóma. Þetta eru sjúkdómar sem spanna allt frá einföldum góðkynja þvagfæravandálum upp í illkynja krabbamein á lokastigi. Með sameiningunni hefur skipast tækifæri til frekari verkaskiptingar milli þvagfæraskurðlækna og til kennslu og hjálfnar unglækna. Þá er einn þvagfæraskurðlæknir á vakt í stað tveggja áður. Verkefni nánustu framtíðar felast helst í því að þróa og samhæfa hornsteina starfseminnar sem eru legudeild, dagdeild, skurðstofa, þvagfærarannsóknir og steinbrjótur. Á þvagfæraskurðlækningadeild eru 9 þvagfæraskurðlæknar í 7,75 stöðugildum en þar af greiðir Urður Verðandi Skuld hálftrú rannsóknarstöðugildi sérfræðings. Á deildinni er einn unglæknir og tveir deildarlæknar. Hjúkrunarfræðingar eru í 12,3 stöðugildum og sjúkraliðar 9,6. Á deildinni er 1 hjúkrunarritari og 3,5 stöðugildi eru í ræstingu og býtibúri. Meðalstarfsaldur hjúkrunarfræðinga við hjúkrun sjúklunga með sjúkdóma í þvagfærum er 13 ár og sjúkraliða 14 ár á sömu deildum. Þetta er óvenju hárfelldur miðað við önnur störf þessara stétta á sjúkrahúsinu.

ÞVAGFÆRASKURÐLÆKNINGA-DEILD 13D

Á þvagfæraskurðlækningadeild 13D eru 20 rúm og skjólstæðingahópnum má skipta í þrenn: Þeir sem fara í litlar aðgerðir liggja að meðaltali 1-2 sólarhringa. Meðallegutími þeirra sem fara í miðlungs og stærri aðgerðir er 4-5 dagar. Í þriðja hópnum eru þeir sem fara í stórar aðgerðir og/eða eru með langt genginn sjúkdóm og flókin heilbrigðisvandamál, á líknandi meðferð eða deyjandi. Síðasti hópurinn fer stækkandi. Að meðaltali leggjast inn á deildina um 100 manns á mánuði. Hjúkrunarformið er „kjarnahjúkrun“. Lögð er áhersla á að hver sjúklingur fái einstaklingsbundna þjónustu sem tekur mið af þörfum hans og sjúkdómi. Markmið hjúkrunar á deildinni er samvinna, samfella, sjálfsbjörg og fræðsla til sjúklunga.



ÞVAGFÆRARANNSÓKNIR 11C

Þvagfærarannsóknir er göngudeild sem er opin virka daga kl.8.00 - 16.00. Starfsemin er tvíþætt, annars vegar nýrna-steinbrotsmeðferð, þar sem nýrna og þvagleiðarasteinar eru brotnir með hljóðbylgjum og einstaklingurinn fer heim samdægurs að öllu jöfnu. Hinsvegar eru „urodynamískar rannsóknir“. Þetta eru rannsóknir sem varða starfsemi neðri þvagvega. Þannig er hægt að safna upplýsingum um fyllingu, geymslu og tæmingu þvags. Má þar nefna þvagflæðimælingar, tæmingarmælingar, blöðruþrýstingsmælingar, þvaglekapróf o.fl. Þá er þar einnig önnur starfsemi svo sem lyfjainnhellingar í þvagblöðru, kennsla í blöðrutæmingu með einnota þvagleggjum, kennsla við notkun hjálpartækja vegna þvagleka, raförvunarmeðferðir, blöðruþjálfun, grindarbotnsæfingar og ýmiss konar fræðsla. Einnig fer fram kennsla hjúkrunar- og læknanema.

Við sameiningu sjúkrahúsanna bættust við starfsemina minniháttar aðgerðir, blöðruspeglanir, sýnatökur o.fl. til greiningar ásamt reglubundu eftirliti mænuskadaðra frá Grensási. Á 11C starfa 4 hjúkrunarfræðingar, þar af 2 uroterapeutar (ráðgjafar) í rúmlega 3 stöðugildum.



af spítalastarfinu

BÆKLUNARSKURÐLÆKNINGAR Í FOSSVOG

Starfsemi bæklunarskurðlækningadeilda sameinaðist í áföngum árið 2001. Þann 1. mars fluttist öll hryggjar- og barnabæklunarsstarfsemi frá Hringbraut í Fossvog og 1. júní öll gerviliðastarfsemi. Frá þeim tíma fluttist öll „kirúrgísk“ meðferð við stoðkerfisvandamálum og áverkum á börnum sem fullorðnum í Fossvog. Læknaritaraar sameinuðust í takt við sérfræðinga. Bæklunarskurðeild 13G fluttist í Fossvog 1. júní 2001 og sameinaðist þá hjúkrun bæklunarskurðsjúklinga í Fossvogi. Hjúkrun þeirra er mjög sérhæfð og miðar að því að lina verki og að sjúklingarnir verði sjálfbjarga eftir aðgerð.

Bæklunarskurðlækningadeildir hafa búið við þröngan húsakost á fyrsta starfsárinu í Fossvogi en við sameininguna tvöfaldaðist álag á legudeildir (bæklunar-, gæslu- og dagdeild), endurkomu og rannsóknardeildir á mjög skömmum tíma. Ástandið var verst á skurðstofuganginum. Það batnaði þó verulega í byrjun desember þegar tekin var í notkun stærsta og fullkonnasta aðgerðarstofa landsins, auk þess sem fyrri skurðstofa var algjörlega endurnýjuð.

Vegna erfiðleika við mönnun og breytingar á húsnæði reyndist að jafnaði ekki unnt að hafa fleiri rúm opin en sem svaraði einni legudeild áður. Það kom þó ekki að sök um sumarið því slyss urðu ekki fleiri en svo að álag á skurðstofu og legudeild var viðráðanlegt. Hins vegar var biðlisti um áramót eftir bæklunaraðgerðum orðinn mjög langur og brýn þörf á að vinna á honum.

Meginhlutverk bæklunarskurðlækninga er að lækna og líkna þeim einstaklingum sem eru með vandamál frá stoðkerfinu, bæði við og eftir slyss, ýmis meðfædd- og áunnin vandamál, sýkingar, æxli og meinvörp. Einnig bóklegr og verkleg kennsla í heilbrigðisfræðum ýmissa stétta í samvinnu við menntastofnanir landsins.

Meginviðfangsefni sérgreinarinnar eru gerviliðaáðgerðir á mjöðmum og hjám, spengingaáðgerðir á hryggsúlu við slitigt og hryggskekkju, margvíslegar áðgerðir á börnum, svo og allt sem lítur að meðferð við áverkum á stoðkerfinu. Þessu tengt er rannsóknarstarfsemi og samvinna við skóla-, rannsóknar- og heilbrigðisstofnanir.



FLEIRI NÝJAR SKURÐSTOFUR Í FOSSVOGI



Heila- og taugaskurðstofan



Æðaskurðstofan

af spítalastarfinu



APRÍL 2002



APRÍL 2001



JÚNÍ 2000



APRÍL 2000

BARNASPÍTALINN RÍS

Nýi barnaspítalinn er risinn en fyrsta skóflustunga var tekin fimmtudaginn 19. nóvember 1998 og nú hyllir undir verklok. Vorið 2001 var boðinn út lokaáfangi byggingar Barnaspítala Hringins. Margir öflugir verktakar gerðu tilboð í verkið en lægsta tilboðið kom frá Ólafi og Gunnari, byggingarverktökum og var því tekið. ÓG-bygg sá einnig um uppsteypu hússins. Stefnt er að opnun spítalans haustið 2002.

Barnasvið nýtur mikils velvilja og stuðnings og því barst árið 2001 fjöldi gjafa. Fyrirtæki og félagasamtök styrktu spítalann margvíslega, einkum til tækjakaupa. Kvenfélagið Hringurinn styrkti Barnaspítala Hringins sem fyrr. Thorvaldsenfélagið gaf barnadeildinni í Fossvogi veglega gjöf til meðferðar og eftirlits með sykursjúkum börnum. Barnið okkar, góðgerðarfélag, gaf út geisladisk fyrir jólin 2000 og seldi í samvinnu við Bónus, Hagkaup og Olís. Afraksturinn var notaður til kaupa á fullkomnu lungnarannsóknartæki fyrir Barnaspítalann.

Einnig gáfu einstaklingar og smærri hópar fé til spítalans. Börn eru tíðir gestir á Barnaspítala Hringins og gefa afrakstur af hlutaveltum eða söfnunum sem þau standa fyrir. Allar þessar gjafir koma að góðum notum og eru vel þagnar.



SKRIFSTOFA FORSTJÓRA

Forstjóri stjórnar rekstri Landspítala - háskólasjúkrahúss í umboði stjórnarnefndar og ráðuneytis, samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Hann er skipaður af heilbrigðisráðherra til fimm ára í senn.

Skrifstofu forstjóra tilheyrir starfsemi spítalans sem forstjóri og framkvæmdastjórn leggja sérstaka áherslu á hverju sinni, svo sem lögfræði, starfsþróun og kjaramál, rannsókn- og þróunarstarf og upplýsinga- og kynningarmál.

Lögfræðingur, ráðgjafi forstjóra og upplýsingafulltrúi starfa að þeim málefnum. Skrifstofa starfsmannamála er skipulagslega hluti af skrifstofu forstjóra.

Forstjóri og framkvæmdastjórn eiga reglubundið samráð við ráðgefandi stjórnir, ráð og nefndir, sem eru mikilvægur þáttur í stjórnkerfi spítalans.

SKRIFSTOFA STARFSMANNAMÁLA

Skrifstofa starfsmannamála ber ábyrgð á stefnumótun, skipulagningu og samhæfingu starfsmannamála með það að leiðarljósi að þjóna hagsmunum, bæði starfsfólks og spítalans og styðja þannig við meginmarkmið hans. Henni er ætlað að veita stjórnendum ráðgjöf, annast gerð og túlkun kjarasamninga, fara með samskipti við stéttarfélag, fylgja eftir ákvæðum vinnuréttar og lögfræðilegum atriðum varðandi réttindi og skyldur starfsmanna, aðstoða við móttöku nýrra starfsmanna, nýliðabjálfun og meðhöndlun starfsmannamála, að sjá um upplýsingaöflun og úrvinnslu tölfraði um starfsmannamál og viðhorfsmælingar hjá starfsmönnum og að stuðla að því að ungt og efnilegt fólk leiti sér menntunar á þeim sviðum sem spítalanum eru nauðsynleg.

Skrifstofa starfsmannamála var stofnuð í janúar 2000. Innan hennar eru þrjár deildir, heilsa, öryggi og vinnuvernd, kjaramál og ráðningar og starfsþróun og fræðsla.

Undirbúningur og innleiðing á nýju starfsmannakerfi í samstarfi við Ríkisbókhald var eitt fjölmargra verkefna skrifstofu starfsmannamála árið 2001 en áætlað er að kerfið verði tekið upp á árinu 2002. Einnig var mótuð heildarstefna og sett markmið varðandi heilbrigðiseftirlit starfsmanna og skipulagningu á móttöku nýrra starfsmanna.

Vinnuaðferðir í skráningu vegna móttöku nýráðins starfsfólks voru bættar. Eyðublað um slysa- og atvikaskráningu hefur verið endurskoðað og unnið er að bættri afgreiðslu á slysa- og atvikaskýrslum. Vinnubrögð hafa líka verið bætt varðandi tilkynningar til Vinnueftirlits ríkisins og Tryggingastofnunar ríkisins, í samræmi við lög og reglur um tilkynningarskyldu vinnuslysa.

Miðlægir kjarasamningar flestra stéttarféлага á LSH voru lausir í ársbyrjun og höfðu verið það síðan í október árið áður. Um mitt ár 2001 var flestum þeirra lokið. Umfangsmikið starf var unnið í kjara- og launanefnd, þar sem

stefnumótun á sviði kjaramála fer fram en nefndin er skipuð fulltrúum úr yfirstjórn spítalans. Viðtækt fræðsluhald var á vegum skrifstofu starfsmannamála fyrir stjórnendur og almenna starfsmenn, auk kynninga fyrir grunnskólá-nemendur.

Starfsmannastefna spítalans var endurskoðuð. Yfirskrift hennar er: Velferð starfsfólks, virðing í samskiptum. Starfsmannastefnan fjallar um ráðningar, kjaramál, starfsþróun, samskipti, heilsu og öryggi, jafnrétti og siðfræði.



af spítalastarfinu



FLUTT FRÁ VÍFILSSTÖÐUM

Hjúkrunardeildin á Vífilstöðum var flutt á Landakot 3. september 2001, deild K-1, en liður í sameiningarferli Landspítala - háskólasjúkrahúss var að þétta og sérhæfa þjónustuna. Við flutninginn var deildinni breytt í öldrunarlækningadeild fyrir lungnasjúklinga en það felur í sér að ekki er um varanlega vistun að ræða, nema í undantekningartilvikum.

Markmið deildarinnar er að styðja sjúklingana til sjálfsbjargar og heimferðar, hvort heldur er á eigin heimili eða hjúkrunarheimili. Aukin áhersla er á teymisvinnu og endurhæfingu. Auk 16 rúma fyrir lungnasjúklinga verða fjögur pláss fyrir skammtímainnlagnir aldraðra. Borghildur Árnadóttir er deildarstjóri og fyrsti öldrunarlæknirinn Helga Hansdóttir. Nán samvinna er milli deildarinnar og lungnalækningadeildar LSH enda koma flestir sjúklinganna þaðan og kemur lungna-sérfræðingur til ráðgjafa tvisvar í viku.

Starfsfólk lungnadeildar á Vífilstöðum stillti sér upp til myndatöku áður en horfið var til nýrra starfsstöðva á Landakoti og í Fossvogi.



ÍSLENSKA KRABBAMEINSVERKEFNIÐ Í SAMSTARFI VIÐ UVS

Landspítali - háskólasjúkrahús og Urður Verðandi Skuld (UVS) gerðu í ársbyrjun 2001 með sér samstarfssamning um vinnu að „Íslenska krabbameinsverkefninu“ sem er stórátak margra helstu sérfræðinga og stofnana landsins á sviði krabbameinsrannsókna. Verkefninu er ætlað að opna nýjar leiðir til forvarna, greiningar og meðferðar á krabbameini og gefa heildstæða mynd af krabbameini hjá heilli þjóð.



LSH leggur til samstarfsins stofnun krabbameinsmiðstöðvar, aðstöðu til að vinna verkefnið, aðgang að gögnum, lífsýnum og þekkingu í samræmi við gildandi reglur. UVS leggur 300 milljónir fram á næstu átta árum til krabbameinsmiðstöðvar og greiðir allan kostnað af verkefninu, þar með talin þau stöðugildi á LSH sem tengjast því. Að auki skuldbindur UVS sig til að leggja hluta af tekjum sem aflast til verkefnisins í styrktarsjóðinn „Niðjar Ingólfs“.

Sjóðnum Niðjar Ingólfs er ætlað að styrkja krabbameinsmiðstöðina, stuðla að krabbameinsrannsóknum og bæta þjónustu við krabbameinssjúklinga á Íslandi. Auk þessa leggur UVS fram fé til vísindarannsókna samstarfslækna Íslenska krabbameinsverkefnisins.

SÉRRIT UM VÍSINDASTARFSEMI

Með ársskýrslu 2001 er í fyrsta skipti gefið út sérrit yfir vísindastarfsemi á LSH. Tilgangurinn er að varpa ljósi á mikilvægi og umfang þeirrar vísindastarfsemi sem fram fer á spítalanum. Starfsmenn hans sinna mjög mikilli vísindastarfsemi og þróunarvinnu, ýmist innan spítalans og/eða í samvinnu við vísindamenn utan hans. Líta verður á þetta sérrit sem fyrsta skref. Í því er ekki tæmandi upptalning um vísindastarfsemi, einkum vegna þess að erfiðara reyndist að afla nauðsynlegra gagna en vænst var. Stjórnendur spítalans leggja hins vegar áherslu á að þessi útgáfa verði í framtíðinni árlegt og greinargott heildarsafn um vísindastarfsemi á LSH. Í sérritinu er m.a. yfirlit yfir fræðigreinar í ritryndum blöðum og tímaritum.



SKRIFSTOFA TÆKNI OG EIGNA

Skrifstofa tækni og eigna annast alla tækniþjónustu og almenna eignaumsýslu Landspítala - háskólasjúkrahúss og vinnur að áætlun um skipulags- og byggingaþróun. Skrifstofan annast þjónustu á sviði byggingamála, heilbrigðistækni, upplýsingatækni og ennfremur á sviði flestra þjónustudeilda svo sem eldhúss, flutninga, ræstinga, þvottahúss og öryggismála. Skrifstofa tækni og eigna annast samningagerð við verktaka á ofanefndum sviðum og kappkostar að tryggja að þjónustan sé í samræmi við kröfur og gæðaviðið.

Skrifstofa tækni og eigna hefur þá stefnu að tækniþúnaður spítalans og þjónusta tækneilda sé í samræmi við það sem best gerist í nágrennalöndunum og lögð er áhersla á samstarf við tækneildir háskólasjúkrahúsa erlendis og þátttöku í rannsóknar- og þróunarverkefnum, svo sem verkefni um þróun rafrænnrar sjúkrákrár. Starfsmenn hafa góða þekkingu á tæknimálefnum, hver á sinu sviði, og lögð er áhersla á að þeir viðhaldi henni með erlendu samstarfi, námskeiðum og lestri fagbóka.

Byggingarsvið sér um rekstur fasteigna spítalans, breytingar á húsnæði og uppsetningu tækja. Á sviðinu er ennfremur unnið að skipulags- og þróunarmálum, skipulagi nýbygginga og meiriháttar breytinga. Það annast ennfremur rekstur lóða spítalans.

Heilbrigðistæknisvið annast viðhald og umsýslu lækningatækja spítalans. Sviðið sér um tæknilega lýsingu tækja fyrir útböð, kemur að mati á tilboðum og er þátttakandi í gerð tækjakaupaáætlunar. Áhersla er lögð á rannsóknar- og þróunarstarfsemi, m.a. með þátttöku í ýmsum rannsóknarverkefnum með heilbrigðisstarfsmönnum og erlendum háskólasjúkrahúsum.

Rekstrarsvið sér um þjónustu flestra stoðdeilda svo sem eldhúss, ræstinga, flutninga og öryggisgæslu. Á sviðinu er lögð áhersla á skjóta og góða þjónustu og að brydda stöðugt upp á nýjungum.

Sjálfstæðar rekstrareiningar annast rekstur þvottahúss og dauðhreinsunar. Þvottahúsið þvær fyrir fjölda heilbrigðisstofnana á höfuðborgarsvæðinu og annast endurnýjun á líni. Dauðhreinsunardeildin þjónustar skurðstofur Landspítala með dauðhreinsun líns sem notað er á þeim og ennfremur innkaup á dauðhreinsuðum vörum til notkunar á skurðstofunum.

Upplýsingatæknisvið sér um rekstur upplýsingakerfa spítalans. Lögð er áhersla á að byggja upp traust og nútímalegt tölvuumhverfi en jafnframt að tryggja í hvívetna öryggi gagna spítalans. Þjónusta við notendur er umfangsmikil, bæði uppsetning þúnaðar og aðstoð vegna erfiðleika sem notendur lenda í, sem er m.a. gert með þjónustuborði. Á sviðinu er ennfremur lögð áhersla á erlend samskipti og þátttöku í rannsóknar- og þróunarverkefnum.

af spítalastarfinu

SAMNINGUR UM BLÓÐBANKANN

Á miðju árinu 2001 var undirritaður samningur milli Blóðbankans og yfirstjórnar LSH sem gerir ráð fyrir því að hann verði sjálfstæð rekstrareining innan sjúkráðsins.

Starfsemin hefur verið kostnaðargreind og er ætlunin að standa undir rekstrarkostnaði og þróun starfseminnar með gjöldum samkvæmt gjaldskrá. Markmið samningsins er að gera kostnaðarliði sýnilega og tryggja skilvirkni, gæði og framfarir blóðbankaþjónustunnar.

Mikilvæg reynsla hefur fengist á fyrsta hálfu ári þessarar tilraunar. Vottað gæðakerfi er hornsteinn tilraunarinnar og árið 2002 verða gagnkvæmar skyldur aðila skilgreindar. Það er líka vilji beggja að koma á samstarfi við erlenda aðila um samunburð á starfsemi og árangri Blóðbankans og hliðstæðra stofnana erlendis.

Starfsemistölur Blóðbanka 2001

Rauðkornaþykki	13.765
Hvítkornasiun á rauðkornaþykki	723
Hlutfall rauðkornaþykkna sem eru hvítkornasiuð	5,3%
Rauðkornaþykki - ungbarnaening - hvítkornasiuð	134
Blóðflögubykki frá BC - hvítkornasiuð	336
Blóðflögubykki frá blóðskilju - hvítkornasiuð	389
Plasma - ferskfryst	2.881
Geislaðir blóðhlutar (á geislaeðlisfræðid.)	268
ABO Rh flokkun	15.258
Krosspróf	23.598
BKS-próf - blóðflokkaþing og skimun	9.350

Tölur um starfsemi í Blóðbankanum sýna meðal annars að aukning hefur annars vegar orðið í geislu blóðhluta fyrir sjúklinga með blóðsjúkdóma og eitlakraðamein og hins vegar framleiðslu blóðflögubykkis með blóðfrumuskilju fyrir sama sjúklingahóp. Þessi aukning endurspeglar nýja möguleika sem hafa á síðustu árum skapast í meðferð þessara sjúklinga.

ÓTTI VIÐ MILTISBRAND

Sýkingavarnadeild sendi frá sér ítarlegar upplýsingar fyrir starfsmenn LSH um miltisbrand. Það var gert í kjölfar hryðjuverkaárásar á World Trade Centre í New York 11. september 2001 og sendinga á bréfum með miltisbrandsbakteríum til nafngreindra einstaklinga vestanhafs. Mikil ótti greip um sig víða um heim vegna þeirra bréfasendinga, þar á meðal hér á landi og voru allmörg grunsamleg bréf tekin til skoðunar á sýklafræðideild. Í upplýsingum sýkingavarnadeildar var meðal annars lýst hvernig sjúkdómur miltisbrandur er, hvernig miltisbrandsbaktería er notuð til að fremja hryðjuverk, hvernig fólk sýkist, hvernig er hægt að verjast og lækna og hvernig á að annast sjúklinga sem eru sýktir.



NÝ TÆKNI VIÐ KJÁLKAADGERÐIR

Ný tækni hefur verið tekin upp við kjálkaadgerðir á lýtalækningadeild. Breytingin felst í því að notaðar eru titanskrúfur til að festa alla beinfleti í aðgerð þannig að ekki þurfi að víra saman efri og neðri kjálka í lok aðgerðar. Þetta leiðir til þess að þörf fyrir vistun þessara sjúklinga á vöknun/gjörgæslu verður mun minni en áður, svo ekki sé talað um bættu líðan sjúklinganna fyrstu vikurnar eftir aðgerð.





SKRIFSTOFA FJÁRREIÐNA OG UPPLÝSINGA

Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga stýrir fjármálum Landspítala - háskólasjúkrahúss og ber ábyrgð á að upplýsingar um starfsemi og rekstur spítalans séu í samræmi við þarfir um virka upplýsingagjöf. Hún leggur áherslu á hraða og vandaða þjónustu, gott skipulag og fagmannleg vinnubrögð. Lögð er áhersla á frumkvæði, framsæknar hugmyndir og sjálfstæði starfsmanna skrifstofunnar og að þeir leggi metnað sinn í að veita áreiðanlegar, traustar og hagnýtar upplýsingar um rekstur spítalans og að leysa vandamál þeirra sem til skrifstofunnar leita á greiðvikinn hátt. Ennfremur er lögð áhersla á að starfsmenn hafi góða þekkingu á lögum og reglugerðum um fjárreiður ríkisins, rekstri og stjórnun og að þeir fylgist með nýjungum á því sviði.

Fjögur svið, auk innri endurskoðunar og deildar lyfjamála, starfa innan skrifstofu fjárreiðna og upplýsinga; fjármálasvið, reikningshaldssvið, innkaupasvið og hag- og upplýsingasvið. Nokkur verkefni nutu sérstaks forgangs árið 2001: Sameining á bókhaldi fyrrverandi Rsp og SHR, stefnumótun skrifstofunnar, mótun stefnu um innkaup og birgðahald á LSH, undirbúningur innleiðingar á nýju fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, efling áætlanakerfis spítalans, kostnaðargreining á starfsemi spítalans og DRG (Diagnosis Related Groups) flokkun og tilraunaverkefni á því sviði.

Á fjármálasviði er ábyrgð á gerð rekstraráætlana fyrir spítalann og fjárstýringu, svo sem samskipti við ríkisféhirdi og viðskiptabanka, greiðsla og innheimta reikninga og umsjón með gjaldskrár spítalans. Fjármálasvið hefur umsjón með fjárlagatillögum og verkefnavisum ásamt frávika-greiningu og rekstrarefirliti.

Á reikningshaldssviði er ábyrgð á fjárhagsefirliti og öllu bókhaldi spítalans, þar með talinni launavinnslu. Þá sér sviðið um gerð milliuppgjöra og ársreikninga spítalans og útgáfu á bókhaldsniðurstöðum. Undirbúningur og innleiðing á nýju fjárhagskerfi fer fram á sviðinu í samstarfi við Ríkisbókhald en áætlað er að kerfið verði tekið upp í áföngum á árunum 2002 og 2003.

Á innkaupasviði er ábyrgð á innkaupum spítalans og umsjón með birgðastöðvum og vörustjórnun.

Á hag- og upplýsingasviði er unnið að ýmsum hagrænum verkefnum, svo sem þróun og beitingu nýrra greiðsluleiða í heilbrigðisþjónustu, kostnaðargreiningu, gerð og þróun þjónustusamninga, vísitölureikningum, ásamt hagkvæmisútreikningum. Þar fer einnig fram stýring á upplýsinga-

málum, svo sem mat á upplýsingaþörf, söfnun upplýsinga úr upplýsingakerfum spítalans og miðlun upplýsinga ásamt þróun lykiltalna í rekstri hans. Sjúklingaflokkun spítalans var færð til sviðsins í lok ársins 2001.

Innri endurskoðun, í samvinnu við Ríkisendurskoðun, hefur eftirlit með því að fylgt sé reglum um opinberan rekstur og að innra eftirlit sé virkt.

Deild lyfjamála er ný eining sem stofnuð var árið 2001. Helstu verkefni deildarinnar, ásamt lyfjanefnd LSH, er að móta stefnu spítalans í lyfjamálum, meðal annars með því að vinna að gerð lyfjalista fyrir sjúkrahúsið. Deildin vinnur einnig að gerð klínískra leiðbeininga í samráði veið sérfræðinga spítalans. Hún stýrir samskiptum við Sjúkrahúsapótekið ehf. og hefur umsjón með notkun á S-merktum lyfjum á spítalanum.




af spítalastarfinu

FÆÐINGAMET Í ÁGÚST

Í ágúst 2001 var slegið met á fæðingadeildinni þegar fleiri börn fæddust þar en áður hefur gerst á einum mánuði. Þennan tiltekna mánuð fæddust 287 börn eða að meðaltali 9 á sólarhring. Undanfarin ár hafa að jafnaði fæðst 8 börn á sólarhring á fæðingadeildinni. Árið 2001 fæddust 2819 börn á fæðingadeildinni, heldur færri en árið áður sem var metár. Að jafnaði er ekki mikill munur á fjölda fæðinga eftir mánuðum.

Keisaraskurðir eru að verða heldur tíðari en áður. Árið 2001 voru þeir 510 eða 18,1% af öllum fæðingum en til dæmis 16,9% árið 1997. Þetta er sama þróun og víða erlendis en er heldur hægarí hér.

Fjöldi fæðinga á kvennasviði



Sængurkonur fljótar heim

Árið 2001 kaus í fyrsta skipti meira en helmingur kvenna sem fæddu á spítalanum að fara heim innan 24 klukkustunda frá fæðingu eða 1564, sem eru 55% af öllum fæðingum. Þetta hlutfall hefur aukist mjög hratt síðustu ár, ekki hvað síst frá 2000 til 2001 með tilkomu Hreiðursins, sem er skammtíma sængurlegudeild. Árið 2001 var fyrsta heila starfsár þess. Þessi breyting endurspeglar líka í því að allan síðasta áratug jókst heimaþjónusta við sængurkonur stöðugt og einnig umsvif MFS einingarinnar (meðganga-fæðing-sængurlega).

Hnakkabyggtarmæling

Rannsóknir fósturgreiningadeildar kvennasviðs hafa breyst nokkuð síðustu tvö ár með tilkomu hnakkabyggtarmælinga. Það er svokölluð snemmskimun, gerð í 11 - 14 viku meðgöngu, þar sem hnakkabyggt er mæld. Aukin hnakkabyggt, reiknuð í stuðlum með aldri móður, aldri fósturs og hnakkabyggt getur verið vísbending um fóturgalla. Prófið er talið 75-80% öruggt en nákvæmni eykst ef tekið er lífsýni úr móður um leið til rannsókna. Aukning á snemmskimunum hefur leitt til þess að legvatnsástungum hefur fækkað til muna.

HEIMAVEFUR TIL BÆTTRAR UPPLÝSINGAMIDLUNAR



Nýr heimavefur Landspítala - háskólasjúkrahúss var opnaður 14. desember 2001 í matsalnu á Landspítala Ármúla. Vefinn hönnuðu Gagnasmiðjan og hugbúnaðarfirmar tækið Hugvit. Umsjón með verkinu höfðu upplýsinga-fulltrúi og upplýsinganefnd um almannatengsl og fréttamiðlun.

Nýja heimavefnum er ætlað miklægt hlutverk í að varðveita og miðla upplýsingum innan sjúkrahússins. Það er meðal annars gert með fréttabjónustu, upplýsingum um starfsemi sviða og deilda og reglulegri birtingu á ýmiskonar efni, svo sem fundargerðum og stjórnunarupplýsingum. Mikilvægur hluti af heimavefnum er dagbók þar sem skráðir eru viðburðir í starfsemi á sjúkrahúsinu, svo sem fundir og mannfagnaðir.

MIKIL FJÖLGUN Á DAGÖNN KVENNASVIÐS

Aukin starfsemi daganna meðgöngudeildar á kvennasviði er gott dæmi um stórauðna göngudeildarstarfsemi á Landspítala - háskólasjúkrahúsi og að sama skapi fækkun innlagna. Meðgöngudeildin þjónar konum með vandamál á meðgöngu, bæði með göngudeildarþjónustu og innlögnum. Árið 2001 jókst göngudeildarþjónustan verulega og innlögnum fækkaði mikið.

	Dagönn	Innlagnir
1999	3316	883
2000	3638	1337
2001	4173	919



SKRIFSTOFA KENNSLU, VÍSINDA OG ÞRÓUNAR

Meginhlutverk skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar (SKV) er að vinna að eflingu háskólastarfs, vísindastarfs og kennslu fyrir heilbrigðisstéttir. Vorið 2001 gerðu Landspítali - háskólasjúkrahús og Háskóli Íslands með sér samning um hlutverk hvors aðila í formlegu samstarfi stofnananna. Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar fer með daglega stjórnsýslu samningsins fyrir hönd LSH, ásamt stjórnsýsluviði Háskóla Íslands. Í því felst meðal annars að fjalla um sameiginlega stefnu þessara stofnana og vinna við skipulagningu sameiginlegra verkefna heilbrigðisvísindadeilda HÍ og LSH. Skrifstofan annast einnig tengsl spítalans við heilbrigðisvísindadeildir innlendra og erlendra háskóla.

Nafni skrifstofunnar var breytt úr skrifstofu kennslu og fræða þar sem það þótti ekki lýsa starfsemi nægilega vel. Skrifstofan hefur frá árslokum 2001 haft aðsetur á 12. - 14. hæð í Fossvoginum. Starfsmenn á hennar vegum eru 36. Aðstoðarmaður framkvæmdastjóra SKV er Svanhvit Björgvinsdóttir.

Bókasöfn LSH sameinuðust formlega á árinu 2001. Aðalsafnið er í Eirbergi við Hringbraut en aðrir afgreiðslustaðir eru Fossvogur, Landakot og á geðdeild. Forstöðumaður safnsins er sviðsstjóri bókasafna- og upplýsingaþjónustusviðs. Því tilheyrir Gagnasmiðjan en hún sér um ýmis konar hönnun á efni í prentuðu og rafrænu formi. Þar er m.a. hönnun og fjölföldun á bæklingum, skýrslum, kynningarefni, eyðublöðum og Spítalapúlsinum, svo og vefhönnun vegna upplýsingavefjar LSH.

Þessu sviði tilheyrir einnig ljósmyndaþjónusta spítalans sem annast klíníka ljósmyndun.

Í vísinda- og kennsluþjónustudeild er unnið að heildarskráningu á rannsókn- og þróunarverkefnum á spítalanum. Haldin er skrá yfir starfsmenn LSH sem stunda slíkt, innlenda og erlenda samstarfsmenn þeirra, styrkveitendur og sjóði er leggja þeim lið. Einnig er haft yfirlit yfir viðurkenningar sem rannsóknaraðilar öðlast. Verið er að kanna skipulega framlag starfsmanna LSH til kennslu og vísindastarfsemi.

Hlutverk fræðasviðs hjúkrunar er að veita þjónustu vegna vísindastarfsemi og þróunarverkefna í hjúkrun. Markmið starfseminnar er að efla þróun í klínískri hjúkrun og stuðla að því að rannsóknarniðurstöður séu nýttar í starfi á spítalanum. Umfangsmikið námskeiðahald fer fram á vegum sviðsins og það veitir ráðgjöf og umsagnir, t.d. við gerð fræðsluefnis fyrir sjúklinga.

Á lækisfræðisviði eru unnið að marklýsingum og kennsluáætlanum fyrir framhaldsnám lækna, þ.e. aðstoðar- og deildarlækna á fyrstu stigum framhaldsnáms. Þjónusta er við læknanema á spítalanum og samskipti eru um vísinda- og kennslumál við innlend og erlend kennslusjúkrahús.

Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands tilheyrir skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar en hún er samstarfsverkefni HÍ og LSH. Hún geymir gagnagrunn HÍ í ætt- og erfðafræði og nýta vísindamenn LSH og aðilar utan spítalans þjónustu nefndarinnar.

SKV hefur umsjón með 12 kennslu- og fundarsölum á spítalanum. Þessir salir nýtast nemum í HÍ og starfsfólki spítalans. Tíu af þessum sölum hafa verið tækjavæddir, meðal annars settir upp skjávarpar og húsgögn endurnýjuð að hluta. Nokkuð er þó enn óunnið í þeim efnum.



af spítalastarfinu

„SAMAN AÐ SETTU MARKI“

Endurhæfingarsvið hóf undirbúning að stefnumótun í lok ársins 2000 undir heitinu „endurhæfing á nýrri öld“. Í janúar 2001 var skipaður þverfaglegur hópur frá öllum starfsstöðvum sviðsins til að stjórna verkinu. Formaður var Bergþóra Baldursdóttir yfirsjúkraþjálfari á Landakoti. Mikið starf var unnið á árinu 2001 og flestir starfsmenn sviðsins komu að því á einhvern hátt. Skýrsla um stefnumótunina og lýsing á þeirri vinnu sem var undanfari hennar var lögð fyrir framkvæmdastjórn, sem staðfesti hana um miðjan nóvember. Þann 29. nóv. 2001 var stefnumótunin kynnt fyrir starfsmönnum sviðsins. Á þeirri uppskeruhátíð var endurhæfingarsviði valið slagorðið „Samán að settu marki“. Eftt var til samkeppni innan sviðsins um slagorð. Alls bárust 37 tillögur og var kosið á milli 3 þeirra á uppskeruhátíðinni. Höfundur slagorðsins reyndist vera Stefán Yngvason, einn af þremur sviðsstjórum endurhæfingarsviðsins. Í stefnumótunarskýrslunni er gerð grein fyrir hlutverki sviðsins, framtíðarsýn og helstu markmiðum. Þau lúta að þjónustu, starfi, menntunar- og kennslumálum, rannsóknum, gæðamálum, starfsmannamálum, kynningu, almannatengslum og rekstri. Til að ná markmiðunum eru skilgreind ýmis umbóta- verkefni sem starfsmenn munu vinna. Búið er að ljúka sumum verkefnum, önnur hafa verið skilgreind og tímasett og vinnast á næstu tveim árum. Kalla Malmquist, staðgengill sviðsstjóra þjálfunar, stýrir þeirri vinnu. Meginhluti stefnumótunarinnar var unnin í hópum starfsmanna úr mismunandi starfsstéttum og frá mismunandi starfsstöðvum sviðsins. Sú tilhögun að hafa hópana svo blandaða hefur aukið mjög skilning starfsmanna á starfsemi sem fram fer utan þeirra eigin starfsstöðvar. Það er sannfæring þeirra sem að stefnumótuninni stóðu að hún hafi verið ákaflega mikilvæg á tímum sameiningar til að bræða saman ólík viðhorf og væntingar starfsmanna sem áður unnu á tveimur stofnunum.



STARFSMANNANEFNDIR Í NÝJUM STARFSREGLUM

Stjórnarnefnd staðfesti nýjar starfsreglur fyrir starfsmannaráð Landspítala - háskólasjúkrahúss 25. október 2001.

Ráðið starfar samkvæmt reglugerð nr. 413/1973 með síðari breytingum. Hlutverk þess er meðal annars að kjósa fulltrúa starfsmanna í stjórnarnefnd og stuðla að félagslegri þjónustu við starfsfólk, svo sem rekstri orlofshúsa, eflingu hollrar hreyfingar og félagslífs meðal starfsmanna.

Í starfsreglunum er kveðið á um að starfsmenn kjósi í starfsmannanefndir sem hafa það hlutverk að velja í 11 fulltrúa starfsmannaráð LSH. Kjörgengi í starfsmannanefndir hafa allir sem starfa við sjúkrahúsið í hálfu starfi eða meira og hafa gert það að minnsta kosti í 6 mánuði samfleytt áður en kjör fer fram.

Starfsmannanefndir eru 6. Þær kjósa í starfsmannaráð 3 fulltrúa frá Hringbraut, 3 frá Fossvogi, 2 frá geðsviði en 1 frá endurhæfingu, Landakoti og Rannsóknarstofnun LSH.

Fyrsta kosning í starfsmannanefndir var ákveðin 28. nóvember 2001 en sjálfkjörið var í þær allar.



VEGGSPJÖLD UM VÍSINDASTÖRF

Vísindaráð Landspítala - háskólasjúkrahúss stendur fyrir því að kynna með veggspjöldum niðurstöður rannsókna starfsfólks spítalans og samstarfsaðila. Veggspjöldum er komið fyrir í anddyri í Fossvogi, við Hringbraut og á Landakoti. Veggspjald hangir uppi í tveir vikur á hverjum stað en er þá flutt á þann næsta. Á „vísindum á vordögum“ er veitt viðurkenning fyrir besta veggspjaldið, í fyrsta skipti vorið 2002.

FRAMKVÆMDASTJÓRI LÆKNINGA

Lækningaforstjóri er einn fimm framkvæmdastjóra spítalans og hefur skyldur í samræmi við það, er yfirlæknir sjúkrahússins og kemur fram sem læknisfróður forsvarsmaður þess. Hann hefur umsjón með framkvæmd læknisþjónustunnar og gerir tillögu að stefnu spítalans í læknisþjónustu í samráði við forstjóra, framkvæmdastjórn og stjórnarnefnd annars vegar og sviðsstjóra og stjórnendur lækninga hins vegar. Þá annast hann samskipti við lækna ráð sem hefur ráðgefandi hlutverk um hvað eina er varðar læknisfræðileg efni á spítalanum. Lækningaforstjóri heldur vikulega fundi með sviðsstjórum. Fundir eru með yfirlæknum þegar sérstök tilefni ber til. Samvinna við hjúkrunarforstjóra er nán og sameiginlegir fundir með sviðsstjórum í hjúkrun og rekstri, ásamt forstjóra, eru einnig reglulegir. Aðstoðarmaður framkvæmdastjóra lækninga er Niels Chr. Nielsen læknir.

Eitt af markmiðum lækningaforstjóra er að sjúklingum spítalans sé veitt besta mögulega þjónusta og réttiði þeirra virt. Kvartanir þeirra og hugsanlegar kærur vegna læknisþjónustu eiga því að berast skrifstofu lækningaforstjóra til að hægt sé að halda yfirlit yfir slík mál og koma þeim í réttan farveg í

samráði við lögfræðing spítalans. Afhending afrita sjúkragagna til sjúklinga fer að mikli leyti fram á vegum lækningaforstjóra.

Ráðning yfirmanna í lækningum fer um hendur lækningaforstjóra. Ýmis málefni starfsmanna berast sem fyrirspurnir eða ósk um ráð af hálfu yfirmanna í lækningum. Unnið er að ýmsum verklagsreglum í starfsemi sem formfesta og samræma meðhöndlun mála, s. s. verklagsreglum um afhendingu sjúkraskráupplýsinga vegna vísindarannsóknna, um lyfjamál og starf apóteks, sýkingavarnir o. fl. Hefðbundin þróunar- og gæðamál og gerð klínískra leiðbeininga eru einnig meðal verkefna lækningaforstjóra.

Fyrirferðarmest af fjölbreytilegum verkefnum lækningaforstjóra eru skipulagsmál læknisþjónustunnar vegna sameiningar spítalanna.

FRAMKVÆMDASTJÓRI HJÚKRUNAR

Hjúkrunarforstjóri er yfirmaður hjúkrunar á Landspítala - háskólasjúkrahúsi og einn af fimm framkvæmdastjórum. Hann hefur frumkvæði að stefnumótun sjúkrahússins í málefnum hjúkrunar og vinnur að þróun og umbótum í hjúkrunarstarfi ásamt öðrum stjórnendum í hjúkrun. Aðstoðarmaður framkvæmdastjóra hjúkrunar er Lilja Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Á vegum hjúkrunarforstjóra er unnið að ýmsum þróunarverkefnum sem tengjast hjúkrun. Nýtt framgangskerfi hjúkrunarfræðinga var tekið í notkun. Það endurspeglar áherslur hjúkrunarforstjóra varðandi hjúkrunarstarfið og starfsþróun hjúkrunarfræðinga. Nýtt launa-kerfi var tekið upp fyrir sjúkraliða. Markmiðið var að skilgreina ábyrgð sjúkraliða og auka möguleika þeirra til starfsþróunar. Lögð voru drög að starfsþróun hjúkrunarfræðinga til að auka sérþekkingu og minnka brottfall úr starfi. Í tengslum við nýjar áherslur í 3. útgáfu tilmæla Landlæknisembættis um lámarksskráningu vistunarupplýsinga var á vegum hjúkrunarforstjóra, gæðadeildar og hjúkrunarfræðasviðs undirbúið víða-mikil könnun á því hversu vel tilmælunum væri fylgt á deildum LSH. Í þeim felst að ávallt sé skráður ábyrgur hjúkrunarfræðingur í hverri legu sjúklings, hjúkrunargreiningar skráðar samkvæmt flokkunarkerfi NANDA og úrlausnir hjúkrunar samkvæmt flokkunarkerfi NIC.

Áfram var unnið að þróun og innleiðingu rafrænnar hjúkrunarskráningar. Krabbameins- og blóðsjúkdómadeild á 11E var valin til að halda áfram prófunum og þróun skráningarinnar. M.a. þarf að aðlaga flokkunarkerfi NANDA og NIC að áherslum í hjúkrun á hverri deild. Innleiðing á rafrænni hjúkrunarskráningu hófst síðan í september 2001. Kynning á hjúkrunarskráningu í SÖGU var haldin á námskeiðinu ESSONI (European Summer School in Nursing Informatis) í ágúst 2001. Í desember var gerð könnun á því hvaða hjúkrunar meðferðir væru veittar á göngudeildum á LSH. Ekki voru til nein heildstæð gögn um umfang og áherslur hjúkrunar á göngudeildum. Hjúkrunarforstjóri taldi nauðsynlegt að afla slíkra gagna í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi á rekstri göngudeilda.

af spítalastarfinu

LÍKNARDEILD OPNUÐ Á LANDAKOTI



Líknardeild var opnuð formlega á fimmtu hæð L á Landakoti 26. október 2001, þar sem á árum áður var gjörgæsludeild St. Jósefsspítala. Frá því í nóvember 1998 hafði verið þróuð líknarmeðferð fyrir aldraða á deild K-1 á skipulegan og sérhæfðan hátt. Með opnun níu rúma líknardeilda er hápunktí þriggja ára þróunar náð.


Öll herbergin eru einbýli og í hönnun var lögð áhersla á að deildin yrði heimilisleg og hlýleg. Húsnæðisbreytingar voru fjármagnaðar af Framkvæmdasjóði aldraðra en Kvinnadeild Reykjavíkurdeilda Rauða kross Íslands gaf rafdrifin rúm og húsmuni á stofur en Styrktarsjóður Landakotsspítala gaf mest af búnaði í stofu, borðstofu, á gang og í eldhúsi.

Starfsfólk deildarinnar hefur aflað sér viðbótarmenntunar á þessu sviði. Markmiðið er að sinna andlegum, líkamlegum og trúarlegum þörfum sjúklingsins auk þess sem ættingjar þurfa oft mikinn andlegan stuðning og umhyggju. Flestir sjúklinganna koma frá krabbameins- og bráðadeildum sjúkrahússins og hefur öldrunarteymið milligöngu um undirbúning tilfærslunnar. Deildarstjóri er Bryndís Gestsdóttir og læknir deildarinnar er Guðlaug Þórsdóttir. Séra Kjartan Örn Sigurbjörnsson vinnur náð með deildinni.



NEUREGULIN 1 OG GEÐKLOFI

Vitneskja um tengsl gensins neuregulin 1 við áhættu á geðklofa varð opinber haustið 2001 og birtast niðurstöður rannsókna þess efnis í virtu ritryndu tímariti á árinu 2002. Í ljósi hennar var sótt um veglega styrki til taugasálfræðirannsókna hjá Rannís og Vísindasjóði Háskóla Íslands. Vitneskja þessi er afrakstur vinnu rannsóknarhóps undir forystu Hannesar Péturssonar prófessors þar sem skoðaðir voru erfðabættir sem tengjast geðklofa og geðhvörfum, í samvinnu við vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar. Í ágúst 2000 hafði verið sótt um einkaleyfi á vegum ÍE á basaröð gensins neuregulin 1. Vitneskjan um einkaleyfi deCODE vegna tengsla gensins við áhættu á geðklofa var tilkynnt í lok 9. heimsþings Samtaka um erfðarannsóknir á sviði geðsjúkdóma í október 2001 í St. Louis í Bandaríkjunum.



AUÐKENNISKORT STARFSMANNA

Ný auðkennis- og viðveruskráningarkort fyrir Landspítala - háskólasjúkrahús voru tekin í notkun 1. febrúar 2001 fyrir alla starfsmenn til að bera við vinnu sína. Þau eigi bæði að sýna hver starfsmaðurinn er, sem er mikilvægt öryggisatriði og jafnframt nýtast við að skrá viðveru hans á vinnustað. Hvort tveggja er til hagsbóta fyrir starfsmenn og stofnunina, að allir gangi með auðkenniskort og að viðvera sé skráð af nákvæmni.



BARNASVIÐ

Barnasvið Landspítala - háskólasjúkrahúss annast sjúk börn og unglínga af öllu landinu. Á barnasviði er veitt bæði almenn og mjög sérhæfð þjónusta, auk þess sem það gegnir forystuhlutverki á sviði heilbrigðisvísinda, rannsókna og kennslu sem tengist þjónustu við veik börn og unglínga á Íslandi.

Kennsla heilbrigðisstétta er órjúfanlegur þáttur í starfseminni og koma nemar frá hinum ýmsu sviðum heilbrigðisþjónustu á barnasviði. Þá koma auk þess hópar í kynnisferðir, erlendir sem innlendir.

Barnasvið skiptist í nokkrar starfseiningar sem staðsettar eru á Barnaspítala Hringbraut og á Landspítala Fossvogi. Starfseiningarnar skiptast í almennar legudeildir barna sem þurfa á lyflækningum og skurðlækningum að halda, gjörgæslu nýbura - vökudeild, dagdeildarþjónustu, bráðamóttöku og göngudeildir.

Starfsfólk barnasviðs veitir mikla, faglega ráðgjöf foreldrum og öðru heilbrigðisstarfsfólki á Íslandi. Umfang þessarar starfsemi hefur farið vaxandi. Þá sinna læknar á vökudeild þjónustu við nýfædd börn á fæðingadeild kvennadeildar en öll börn eru ítarlega skoðuð af barnalæknum til að greina mögulega, meðfædda galla, nýburasjúkdóma eða önnur vandamál.

Á barnasvið koma reglulega erlend börn, einkum frá Grænlandi en einnig af Keflavíkurflugvelli.

Á barnasviði er veitt leikmeðferð og skóli er starfræktur í tengslum við Austurbæjarskólann í Reykjavík.

Starfsemi á barnasviði hefur farið vaxandi. Fjöldi barna, sem leitar á bráðamóttöku, göngudeildir eða dagdeild fer vaxandi. Tekist hefur að stytta legutíma verulega og færa þannig umtalsverðan hluta starfseminnar yfir á göngudeildir og bráðamóttöku. Á sama tíma eru þau börn sem liggja inni að jafnaði veikari en áður.

Á árinu var unnið áfram að byggingu nýs Barnaspítala Hringbraut. Samningar voru gerðir við verktaka um lokaáfangabyggingarinnar. Fyrirhugað er að taka húsið í notkun haustið 2002.

af spítalastarfinu

RANNSÓKNA- OG HÁSKÓLANET

Landspítali - háskólasjúkrahús tók árið 2001 þátt í stofnun „Rannsókn- og háskólanetsins“ (RH-nets). Það vinnur að uppbyggingu háhraða gagnaflutninganets sem tengir saman rannsókn- og vísindastofnanir á Íslandi og er jafnframt tengt og í formlegu sambandi við NorduNet, sambærilegt gagnaflutninganet á Norðurlöndum. NorduNet er tengt gagnaflutninganeti í Evrópu og Ameríku. Mikil frumvinna var við lagnir um höfuðborgarsvæðið annars vegar og suður og vestur um land og til Akureyrar hins vegar. Áfram verður unnið af krafti að því að renna stöðum undir rannsókn og háskólanetið með því að margfalda bandvidd til að auðvelda flutning á vísinda- og rannsóknagögnum, auk rafrænna gagna í öðru samstarfi LSH og HÍ við sjúkrahús og rannsóknarstofnanir innanlands sem erlendis.

BÓKASÖFN SAMEINUÐ

Bókasafn LSH hefur staðið fyrir auknum og bættum aðgangi að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Það hefur verið gert með betri og meiri samningum og fræðslu á spítalanum. Haldið var námskeið í Evidenced Based Medicine með erlendum fyrirlesurum. Fyrirlesarar frá OVID Technologies kynntu nýjungar í upplýsingatækni í lækni-fræði auk þess sem starfsfólk safnsins hélt reglulega námskeið fyrir starfsfólk LSH og nema í HÍ. Bókasöfn LSH sameinuðust formlega 1. ágúst 2001. Aðalsafnið er í Eirbergi við Hringbraut. Aðrir afgreiðslustaðir eru í Fossvogi, á Landakoti og á geðdeild. Til að kynna sameininguna var safnið með opið hús á öllum afgreiðslustöðum 6. september. Áhersla er lögð á samræmingu og endurskipulagningu starfseminnar.



ATHYGLISVERÐAR RANNSÓKNIR Á BRJÓSTAKRABBAMEINI

Skemmd eða afbrigði í erfðavísu (genum) og prótínafurðum þeirra getur valdið illkynja æxlisvexti. Með því að beina sjónum að fjölskyldum með háa tíðni brjóstkrabbameins hefur tekist að einangra nokkra erfðavísa sem áhrif hafa á myndun þessa krabbameins. Þeir erfðavísar sem einna best eru skilgreindir eru BRCA1 og BRCA2.

Rannsóknir vísindamanna frumulíffræðideildar Rannsóknarstofu Háskólans í meinafræði á ættlægu brjóstkrabbameini hafa meðal annars sýnt fram á að um það bil 8% brjóstkrabbameina megi að verulegu leyti rekja til ákveðinnar kímínustökkbreytingar í BRCA2. Frekari rannsóknir benda til þess að þróun æxlismyndunar í brjósti ráðist að verulegu leyti af upphafserfðavísi æxlismyndunarinnar, þ.e.a.s. BRCA1, BRCA2 eða einhverjum öðrum erfðavísi.

Síðari hluta árs 2001 hóf frumulíffræðideildin þjónusturannsóknir fyrir íslenskar konur sem greinast með brjóstkrabbamein. Beinast rannsóknirnar að því að einangra úr æxlunum BRCA1 og BRCA2 erfðavísa. Niðurstöður gætu haft forspárgildi um gang sjúkdómsins og aðstoðað við meðferð sjúklinga.



BARNABIÐSTOFA

Barnabiðstofa flutti í stærra og rúmbetra húsnæði á slysa- og bráðadeild Landspítala Fossvogi 21. desember 2001. Þar á deildinni hefur verið lítil biðstofa og oft þröngt. Nýja biðstofan er á svipuðum stað en mun stærri og bjartari. Íslandsbanki gerði með stuðningi sínum kleift að búa biðstofuna vel en bankinn styrkti kaup á húsgögnum, leikjatölvu, sjónvarpi og DVD spilara. Barnasmíðjan veitti faglega ráðgjöf og veglegan fjárstuðning varðandi barnahúsgögn og leikföng fyrir biðstofuna.



KVENNASVIÐ

Á kvennasviði er veitt sérhæfð heilbrigðisþjónusta annars vegar fyrir konur með vandamál vegna almennra kvensjúkdóma, illkynja kvensjúkdóma og vegna ófrjósemisvandamála og hins vegar fyrir konur í meðgöngu, fæðingu og sængurlegu. Á sviðinu er veitt viðtæk ráðgjöf fyrir heilbrigðisstofnanir á öllu landinu og til almennings. Flestir nemar heilbrigðisstétta fá kennslu á kvennasviði en kennsla er stór þáttur í starfseminni. Stöðugt er unnið að rannsóknum á þáttum er varða heilbrigði kvenna. Kvennasvið er eitt fárra sviða á Landspítala - háskólasjúkrahúsi þar sem sameining sjúkrahúsanna í Reykjavík hefur haft tiltölulega lítil áhrif. Starfsemin er að mestu í byggingu kvennasviðs, að frátöldu því að 0,9% staða lækis og 1,2% staða ljósmóður eru bæði við kvennasvið og Heilsugæsluna í Reykjavík (mæðravernd) og 1,5% staða lækis er bæði við kvennasvið og Krabbameinsfélagið (krabbameinsskoðun). Sviðið hefur þó þurft að taka á sig þrengingar í húsnæðismálum til að létta undir við sameiningu hjá öðrum. Mæðraverndin, sem hafði verið á kvennadeildinni frá upphafi og Heilsugæslan í Reykjavík tók formlega yfir 1999-2000, flutti endanlega úr kvennasviðsbyggingunni 10. maí 2001.

Á fæðingadeildinni er þjónusta við konur í eðlilegum fæðingum og konur í fæðingum sem þurfa sérstakt eftirlit eða inngrip. Á 7 árum frá 1995 hafa tæplega 20 þúsund börn fæðst á fæðingadeildinni, að jafnaði um 2840 á ári eða 8 börn á hverjum sólarhring.

Á skurðstofum kvenna voru um 3300 aðgerðir árið 2001. Það eru aðgerðir sem lúta að vandamálum og/eða sjúkdómum í grindarholi kvenna. Mikið hefur færst í vöxt að nota speglunartækni við aðgerðirnar sem felur í sér til minna inngrip og hefur styt legutíma.

Hreiðrið eykur valmöguleika foreldra í barnseignarferlinu. Hreiðrið er skammtíma sængurlegudeild. Þar er lögð áhersla á samfellda þjónustu og samveru barns og foreldra allan sólarhringinn, auk þess að vera fæðingadeild fyrir konur sem ekki eru taldar vera í áhættu. Árið 2001 var fyrsta heila starfsár Hreiðursins en starfsemin byrjaði í nóvember 2000. Meðalrúmanýting árið 2001 var 76% en fór upp í 100% í þeim mánuði sem fæðingar voru flestar. Þetta nýja þjónustuform hefur mælst mjög vel fyrir hjá skjólstæðingum og þykir góður valmöguleiki fyrir nýorðna foreldra. Meðgöngudeild þjónar konum með vandamál á meðgöngu. Þar er rekin bæði göngudeildarþjónusta og þjónusta fyrir konur sem þurfa innlög. Á árinu jókst starfsemi göngudeildar til muna eins og stefna LSH er og hefur það dregið úr innlögnum vegna meðgönguvandamála. Á sængurlegudeild er konum þjónað sem gengið hafa í gegnum langdregnar, erfiðar fæðingar. Auk þess liggja þar konur eftir keisaraskurði.

Kvenlækningadeildin er stærsta deild LSH með 31 rúm. Deildin er bæði handlækningadeild og lyflækningadeild. Hún er allt í senn göngudeild, dagdeild og legudeild fyrir konur með góðkynja og illkynja sjúkdóma. Þessi deild sameinaðist um áramót 1999-2000 og var árið 2001 notað til að gera endurbætur á deildinni. Aðallega voru gerðar breytingar á vaktaherbergjum, fækkað úr tveimur í eina vakt, ásamt ýmsu fleira. Á fósturgeiningadeild eru um 7000-8000 skoðanir á ári, aðallega fósturgeiningar en einnig ómskoðanir á grindarbotnsliffærum. Móttökudeild er göngudeild fyrir konur með kvensjúkdóma, góðkynja og illkynja. Tæknifrjóvgunardeild þjónar fólki sem stríðir við barnleysi.

Stoðdeildir. Ritaramiðstöð þar sem lækningar vinna og varðveittar eru sjúkraskýrslur kvennasviðs. Ræstimiðstöð en þar er miðstöð starfsfólks í ræstingum og bítibúri. Brjóstgafaráðgjafar vinna þvert á þær deildir sviðsins þar sem sængurkonur liggja auk þess sem þeir sinna töluverðri göngudeildarþjónustu.



af spítalastarfinu

GJAFIR SEM NÝTAST VERÐANDI FORELDNUM



Nýbakaðir foreldrar myndarlegrar dóttur, Elin Björk og Ingimundur Birnir, sýndu þakklæti sitt fyrir góða þjónustu MFS (meðganga/fæðing/sængulega) og Hreiðursins með því að færa því að gjöf mjaltavél en slíkt tæki var ekki til þar. Rósa Bragadóttir deildarstjóri, Rannveig Rúnarsdóttir ljósmóðir og Margrét I. Hallgrímsson sviðsstjóri veittu gjöfinni viðtöku.



Félagarnir í Lionsklúbbum Frey sögðust komnir af barnseignaraldri og bjuggust ekki við að eiga leið í Hreiðrið sem verðandi feður. Þeir veltu því hins vegar upp þegar þeir færðu Hreiðrinu tvo Lazy Boy stóla að gjöf, hvort þeir mættu ekki tylla sér í þá þegar þeir kæmu í heimsókn til nýfæddra barnabarna sinna.



vatninu. Ef svo ber við getur faðir verið með konunni í baðkarinu og veitt að auki nudd og stuðning. Vatn hefur þau áhrif að það dregur mjög úr þörf á verkjastillandi lyfjum í fæðingunni.

Listakonan Sigrún Gísladóttir (Moussa) gaf kvenlækningadeild 21A sjö eftirprentanir í gylltum römmum sem prýða dagdeildarstofur krabbameinssjúkra kvenna.

NÝ VERKEFNI Á RANNSÓKNARSTOFU Í ÖLDRUNARFRÆÐUM

Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahúss í öldrunarfræðum (RHLÖ), sem var stofnsett á ári aldraðra 1999, dafnar vel. Á árinu 2001 hófst verkefni á öllum Norðurlöndunum undir stjórn frá Íslandi, þar sem úrtak eldri en 75 ára sem leggjast brátt á sjúkrahúsið er metið með svokölluðu RAI-AC mælitæki. Markmið rannsóknarinnar er annars vegar að þera saman mælitækið og hefðbundna skráningu lækna og hjúkrunarfræðinga og hins vegar að greina þá þætti sem spáð gætu fyrir um hverjir þurfa sérlega á hjálp öldrunarlækningadeilda að halda til þess að ná sem bestri sjálfsbjargargetu, forðast endurinnlagnir og fyrirbyggja hjúkrunarheimilisvistun. Starfsmenn verkefnisins eru Sigrún Bjartmarz hjúkrunarfræðingur og Ólafur Samúelsson öldrunarlæknir.

Einnig hófst árið 2001 evrópsk rannsókn sem er framkvæmd samtímis í 11 löndum. Í henni eru skoðar hagir aldraðra í heimahúsum sem þurfa á öldrunarþjónustu að halda. Þetta verkefni nýtir RAI-HC mælitækið og er unnið í samvinnu öldrunarsviðs LSH, Heilsugæslunnar og Félagsþjónustunnar í Reykjavík á vegum RHLÖ. Markmið rannsóknarinnar er að skilgreina hvernig öldruðum í heimaþjónustu verði best þjónað faglega og skipulagslega. Fyrri rannsókn á Íslandi 1997 hafði sýnt að allstór hópur þessara skjólstæðinga er verulega einangraður og lasburða.



VIKULEGA Á ESJUNA

Vaskir starfsmenn Landspítala - háskólasjúkrahúss tóku upp þann sið að ganga á Esjuna hvern miðvikudag sumarið 2001. Fyrir þessu stóðu nokkrir úr starfsmannaleikfiminna. Lagt var upp frá bilastæðinu við Mógilsá kl. 17:00 og gengið á Þverfellshorn. Ættingjum og vinum var heimilt að slást í för. Fjöldi göngumanna í hvert sinn var breytilegur og sömuleiðis hversu marga miðvikudaga menn mættu. Esjugangan stóð fram í október.



GEÐSVIÐ

Geðsvið veitir almenna og sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu fyrir íbúa höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar utan Norðausturlands en geðdeild FSA þjónar íbúum þar. Veitt er ráðgjöf í síma fyrir heilbrigðisstarfsmenn um land allt, t.a.m. í tengslum við fyrstu meðferð í bráðum geðrænum veikindum og varðandi eftirfylgd sjúklinga. Handleiðsla er veitt innan og utan sviðsins og sérfræðingar taka þátt í áfallahjálpi á vegum Landspítala. Á geðsviði er kennsla og þjálfun heilbrigðisstétta, auk fræðslu fyrir starfsmenn, sjúklinga og aðstandendur. Starfsmenn sinna árlega um eitt þúsund samráðskvaðningum á öðrum deildum sjúkrahússins.

Legudeildir með almenna bráða- og meðferðarþjónustu voru árið 2001 við Hringbraut (32C/33C), í Fossvogi (A-2) og á Kleppi (12/13). Auk þess var legudeild fyrir vímuefnasjúklinga með fjölkvillavandamál áfram rekin við Hringbraut (33A). Deildir 33A og 33C voru samreknar frá 15. maí til 1. október vegna mönnunarerfiðleika. Um mitt ár var ákveðið að bráðadeild 13 á Kleppi rynni saman við deild 33C við Hringbraut í október vegna skorts á hjúkrunarfræðingum. Sá samdráttur í rúmafjölda sem þetta og verkfall sjúkrálda haustið 2001 olli, leiddi síðari hluta árs til nokkurra erfiðleika í bráðþjónustu geðsviðs. Á haustdögum var afráðið að vistmenn deildar 27 á Vífilsstöðum flyttust í húsnæði deildar 13 á Kleppi um áramótin. Deild A-2 fluttist úr Fossvogi á Hringbraut í febrúar 2002 (32A).

Áhersla er lögð á samfellu í þjónustu við langveika sjúklinga eða einstaklinga með endurtekin veikindi. Er meginreglan því sú að einstaklingar sem koma til bráðainnlagnar fara á þá almennu geðdeild sem þeir hafa áður dvalist, óháð árafjölda frá síðustu innlögn. Tvö gæsludeildarrými eru inn af deild 32C við Hringbraut en auk þess hefur vakthafandi læknir deildar A-2 í Fossvogi haft tök á að vista fólk yfir nótt á gæsludeild í Fossvogi.

Barna- og unglingsgeðdeild (BUGL) er á Dalbraut með legudeildir fyrir börn og unglinga. Á Kleifarvegi er deild fyrir framhaldsmeðferð barna. Sérfræðingar á vegum BUGL veita ráðgjöf og þjónustu á Stuðlum, Vogum og víðar, samkvæmt þjónustusamningi frá 2000 milli geðsviðs, Barnaverndarstofu og SÁÁ.

Almennar legudeildir með eftirmeðferð og endurhæfingu eru á Kleppi (11/14/15/23), Arnarholti (T1/T2), Reynimel (24), Laugarásvegi (26), Vífilsstöðum (27) og Hátúni (28). Í Gunnarsholti er langtíma meðferð fyrir vímuefnasjúklinga sem flestir hafa að auki aðrar geðraskanir.

Dagdeildir eru á Hvítabandi, Kleppi og Teigi við Flókagötu. Dagdeildarþjónusta Teigs er sniðin að þörfum einstaklinga með fíknivanda. Stefnt er að aukinni dagdeildarþjónustu á næstu árum innan geðsviðsins. Bráðþjónusta, þar sem einstaklingar geta leitað sér hjálpar geðsviðs án tilvísunar læknis, var veitt á göngudeild geðdeildar við Hringbraut og í tengslum við slysadeild í Fossvogi, almenn göngudeildarþjónusta á Hringbraut, Kleppi, Hvítabandi, Dalbraut og í Fossvogi.

Í janúar 2002 var ný dagdeild opnuð í húsnæði Hvítabandsins fyrir tíma-bunda meðferð einstaklinga með alvarlegt þunglyndi og geðhvörf eða skyldar raskanir, bæði til að bæta meðferð og endurhæfingu slíkra sjúklinga og til að bregðast við fækkun rúma á bráðageðdeildum Landspítala.

af spítalastarfinu

BÆTT AÐSTADA OG BIFREIÐAR

Starfsemi sjúkraústengdrar heimaþjónustu fékk í ágúst 2001 endurbætt húsnæði á 8. hæð í Fossvogi til afnota. Við þetta breyttist allur aðbúnaður hennar til muna. Í lok ársins var síðan hafinn undirbúningur að skráningu þjónustunnar í „Sögukerfið“. Fyrir um sumarið tók þjónustan tvær Volkswagenbifreiðir á rekstrarleigu. Starfsmenn höfðu áður notað eigin bíla við störf sín. Með rekstrarleigusamningnum var stigið jákvætt skref til að tryggja öryggi starfsmanna og auka hagkvæmni þjónustunnar.



Sjúkraústengd heimaþjónusta er starfrækt á höfuðborgarsvæðinu alla daga ársins fyrir sjúklinga LSH. Markmiðið er að nýta alla möguleika til að stytta sjúkrahlégu með því að tryggja hjúkrun og áframhaldandi meðferð í heimahúsum. Tveir hjúkrunarfræðingar frá barnasviði unnu að þróun sjúkraústengdrar heimaþjónustu fyrir börn. Unnið var að þarfagreiningu og úttekt varðandi mögulega þjónustu sem gæti flýtt fyrir útskrift og þar með leitt til fækkunar á legudögum barna á sjúkrahúsinu.

Sjúkraústengd heimaþjónusta	Vitjanir	
	2001	2000
Blóðþyngningarmeðferð	838	1.080
Sýklalyfjagjafir	1.794	1.593
Hjúkrun eftir aðgerð á brjóstum	555	281
Sárameðferð	847	1.608
Stuðningsmeðf. v/krabbam.meðf.	369	462
Stuðningur/ eftirlit	309	101
Samtals:	4.709	5.125

ÁHERSLA Á NÆRINGU MÆÐRA OG BARNA

Áherslubreytingar í einstaklingsbundinni næringarráðgjöf á árinu voru til dæmis aukin þjónusta við varðandi mæður í kjölfar samnings milli LSH og mæðraværndar í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg. Einnig var þjónusta við átröskunar-sjúklinga og ofnæmissjúklinga bætt.

Rannsóknastofa í næringarfræði hefur auk þess unnið að bættum leiðbeiningum og þjónustu sem varðar bæði skjólstaðinga innan spítalans og utan. Hún hefur meðal annars leitt hóp um stefnumótun og leiðbeiningar um næringu ungbarna.

Næringarráðgjöf er veitt á klíniskum sviðum með áherslum innan sérgreina miðað við sjúkdóma og meðferð. Næringarástand sjúklinga er metið og næringarmeðferð ákveðin í samráði aðrar fagstéttir. Mikið er um fræðslu- og kennslustörf innan næringarfræðinnar og þar stunda starfsmenn einnig umfangsmikla rannsókn- og vísindavinnu, meðal annars í samstarfi við Háskólann og erlendar stofnanir.

Styrkir til verkefna við rannsóknastofu í næringarfræði voru 16 milljónir á árinu 2001. Meðal verkefna sem bæði hafa vísindalegt og hagnýtt klínískt gildi voru rannsóknir á næringarástandi sjúklinga, járnþúskap barna og næringarráðgjöf fyrir mæðraværnd.

UM 90 HELGISTUNDIR Í JÓLAMÁNUÐI

Þjónusta sál-gæslu presta og djákna sveiflast í takt við álag á bráðaþjónustu sjúkrahússins. Þungamiðjan í þjónustunni er oft á slysa- og bráðadeild og gjörgæsludeildum vegna slysa og bráðaveikinda. Útköll eru mismikil utan dagvinnutíma, sveiflast milli mánaða frá 39 upp í 52. Fjölskyldufundir eru 9 til 15 á mánuði. Dreifing sál-gæsluviðtala er hins vegar jafnari. Helgihald er mikilvægur og stöðugur þáttur í þjónustu sál-gæslu presta og djákna. Desembermánuður er þó þungamiðjan, þá stýra prestar og djákni miklu helgihaldi fyrir sjúklinga og ekki síður starfsfólk í spítalanum. Í desember 2001 voru til dæmis 87 guðsþjónustur og aðventustundir á LSH. Varlega áætlað sóttu um 2000 manns þessar helgistundir.



LYFLÆKNINGASVIÐ I

Lyflækningasvið I er eitt stærsta svið sjúkrahússins. Undir það heyra níu sérgreinar, þ.e. sjö undirgreinar lyflæknisfræðinnar auk taugalækninga og húð- og kynsjúkdómalækninga. Sérgreinarnar eru: Taugalækningar, smitsjúkdómalækningar, lungnalækningar, efnaskipta- og innkirtlalækningar, nýrnalækningar, gigtarlækningar, hjartalækningar, húð- og kynsjúkdómalækningar, meltingarlækningar og almennar lyflækningar og hjúkrun.

Meginþungi starfseminnar er í Fossvogi og við Hringbraut. Hluti af starfsemi sviðsins á Vífilsstöðum hefur verið fluttur annað innan Landspítala - háskólasjúkrahúss. Hjúkrunardeild á Vífilsstöðum fór á Landakot í september 2001 og lungnadeild í Fossvogi í janúar 2002.

Árið 2001 var ár stefnumótunar og ákvarðanir voru teknar um framtíðarstaðsetningu sérgreina sviðsins. Með sameiningu sérgreina er stefnt að öflugri starfseiningum sem geri kleift að bæta þjónustu við skjólstæðinga sviðsins. Hverri sérgrein er ætlað að hafa sína aðalbækistöð annað hvort í Fossvogi eða við Hringbraut. Í anda þess hafa lungnalækningar og smitsjúkdómalækningar sameinast í Fossvogi og hjartalækningar við Hringbraut.

Á sviðinu voru á árinu 2001 um 450 stöðugildi og var launakostnaður 1,8 milljarðar. Rekstrarkostnaður var rúmlega 700 milljónir króna. Sviðsstjóraskipti urðu árið 2001. Þórður Harðarson sviðsstjóri lækninga lét af því starfi en við tók Guðmundur Þorgeirsson.

Meðallegutími skjólstæðinga sviðsins var 6,0 dagar og styttist hann úr 6,7 dögum árið 2000. Meðalfjöldi sjúklinga á legudeildum var 179 manns á dag. Fjöldi legudaga á ári var rúmlega 65.000 og og komur á dag- og göngudeildir um 55.000.

Fræðsla er snar þáttur í starfseminni og miðast hún bæði við kennslu nema innan heilbrigðisstétta sem og fræðslufundi vegna viðhalds og framhaldsmenntunar starfsfólks. Heilbrigðisvísindi og ýmis konar rannsóknarstarfsemi er viðamikil, fjölþætt og fer stöðugt vaxandi.

Þjónusta við bráðveika sjúklinga er stærsta viðfangsefni sviðsins en langflestir skjólstæðingar þess koma frá bráðamóttökum sjúkrahússins. Hjúkrunarálag (bráðleiki) hefur aukist sem þýðir að innliggjandi sjúklingar eru veikari en áður. Það krefst meiri mannafla á flestum deildum.

Markmið lyflækningasviðs I er að skjólstæðingar fái bestu þjónustu sem unnt er að veita hverju sinni og að umhyggja fyrir skjólstæðingum verði höfð að leiðarljósi í allri starfsemi og ákvarðanatöku.

Við endurskipulagningu og endurnýjun á legurými sviðsins er lögð áhersla á að nægjanlegt rými verði til ráðstöfunar þannig að gangainnlagirnir heyri fortíðinni til sem fyrst.

Flestir skjólstæðingar sviðsins þurfa stutta innlögn á legudeildir en framhaldsmeðferð er oft veitt á göngudeildum. Markmið meðferðarinnar er ætíð hið sama, að veita sjúklingnum þá lækningu og hjúkrun sem gerir honum kleift að njóta lífs og heilsu utan sjúkrahússins.

Sviðsstjórn lyflækningasviðs I hefur það markmið að vinna að aukinni gæðastjórnun sem stuðlar að umbótum í rekstri og gæðum þjónustunnar.



af spítalastarfinu

DEILD 13 KLEPPI Í HÚSNÆÐI DEILDAR 33C

Vegna skorts á hjúkrunarfræðingum á móttökudeildum 33A og 33C á geðsviði var ákveðið að reka þær deildir saman á gangi 33C yfir sumartímann. Rúmafföldi á báðum þessum deildum var því skorinn niður um helming tímabundið. Á meðan gafst færi á að fara í nauðsynlegar breytingar og viðhald á húsnæði deildar 33A. Samrekstur deildanna var áætlaður frá miðjum maí til loka september. Þegar líða tók á sumarið varð ljóst að ekki yrði hægt að reka deild 33C sem sjálfstæða einingu vegna skorts á hjúkrunarfræðingum. Ákveðið var þá að flytja deild 13 á Kleppi í húsnæði deildar 33C við Hringbraut.



RAI-MH Á GEÐDEILDUM

Stýrihópur RAI-MH (Resident Assessment Instrument - Mental Health) var myndaður í janúar 2001. Hópin skípa Halldór Kolbeinsson yfirlæknir, Guðný Anna Arnþórsdóttir hjúkrunarfræðingur, Guðrún Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur og verkefnisstjóri, Guðríður Þorleifsdóttir hjúkrunarfræðingur og Rannveig Þöll Þórsdóttir hjúkrunarfræðingur. Mælitækið hefur verið þýtt af stýrihópnum og verður forprófað á vormánuðum 2002 á endurhæfingar- og hæfingardeildum geðsviðs LSH. Markmið með verkefni er að ná fram betri yfirsýn stjórnenda og meðferðaraðila við skipulagningu og fjármögnun þjónustu við sjúklinga geðsviðs LSH og þar með leggja grunn að auknum gæðum þjónustunnar. Þetta er gert með öflun ítarlegra upplýsinga um heilsufar og sálfélagslega þætti með mælitækinu RAI-MH við mat á þjónustubörf innliggjandi sjúklinga 18 ára og eldri á geðsviði LSH.

STYRKARSJÓÐUR FRIDRIKS E. SIGTRYGGSSONAR

Stofnaður var styrktarsjóður Friðriks E. Sigtryggssonar við Barnaspítala Hringbraut 21. október 2001. Tilgangur hans er að styðja starfsemi Barnaspítala Hringbraut með gjöfum til tækjakaupa eða á þann hátt annan sem best þjónar velferð skjólstæðinga hans.



Sjóðurinn er stofnaður af Friðriki Elíasi Sigtryggssyni sem fæddist 21. október 1916 að Ytri-Brekum í Sauðaneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu. Hann hefur stundað ymis störf en síðustu áratugi starfsævi sinnar vann hann í Áburðarverksmiðju ríkisins.

Stofnfé styrktarsjóðsins er 2,5 milljónir, sem er gjafafé frá Friðriki Elíasi á stofndegi sjóðsins. Jafnframt hefur hann gert erfðaskrá um að styrktarsjóðurinn erfi allar eigur sínar, fastar og lausar. Úthlutað verður úr sjóðnum ár hvert á afmælisdegi Friðriks E. Sigtryggssonar.

STYRKUR TIL GETNAÐAR- VARNAMÓTTÖKU

Á kvennasviði er rekin getnaðarvarnamóttaka sem er sérstaklega ætluð fyrir ungt fólk (ungar konur) og er hún opin tvo daga vikunnar frá kl 16:00 til 20:00. Við þessa einingu vinna hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir sem kvatt hafa til samráðs lækni þegar þörf er á. Þær hafa unnið að kennslu- og fræðsluefni um getnaðarvarnir sem hugsað er fyrir ungt fólk um land allt.

Lyfjafyrirtækið Schering færði getnaðarvarnamóttökunni 500 þúsund króna styrk sem kemur sér vel til þess að efla þessa starfsemi.



LYFLÆKNINGASVIÐ II

Starfsemi lyflækningasviðs II sem áður var í Fossvogi fluttist öll á Hringbraut 15. febrúar 2002 og sameinaðist þeirri starfsemi sem þar var fyrir. Líknardeild er sem fyrr staðsett í Kópavogi.

Fyrir flutninginn hafði sjúklingum með blóðsjúkdóma og krabbamein verið sinnt á tveimur legudeildum LSH, það er A-7 í Fossvogi og 11E á Hringbraut. Við flutninginn var ákveðið að sérhæfa legudeildirnar enn frekar.

Á deild 11E koma nú fyrst og fremst sjúklingar með krabbamein og á deild 11G eru aðallega sjúklingar með blóðsjúkdóma. Enn vantar mikið upp á að aðstaða fyrir sjúklingana sé eins og best verður á kosið. Á deild 11E er mikið um yfirlagnir og of fá rými fyrir þennan stóra sjúklingahóp. Á deild 11G þarf að byggja upp betri einangrunaraðstöðu fyrir sjúklinga með skert ónæmiskerfi sem þurfa á svonefndri varnareinangrun að halda til að verja þá fyrir sýkingum frá umhverfinu.

Fyrir flutninginn hafði lyfjameðferð utanspítalasjúklinga farið fram á tveimur deildum, það er deild 11F á Hringbraut og deild A-3 í Fossvogi. Á síðasta áratug hefur þróunin orðið sú að meira en 90% af lyfjameðferð illkynja sjúkdóma er gefin á dagdeildum. Öll þessi starfsemi hefur nú verið sameinuð á deild 11F. Fjöldi sjúklinga í lyfjagjöf hefur nú tvöfaldast á deildinni þrátt fyrir að aðeins hafi verið gerðar óverulegar úrbætur á húsnæðinu. Betri og rýmri aðstaða fyrir dagdeild er eitt af brýnustu málum sviðsins.

Eftir sameiningu blóð- og krabbameinslækningadeilda í febrúar 2002 var í fyrsta sinn stofnuð blóðlækningadeild á LSH. Á blóðlækningadeild liggja sjúklingar með ýmsa blóðsjúkdóma. Flestir þessara blóðsjúkdóma eru illkynja, svo sem hvítblæði, eitlakrabbamein og mergæxli. Einnig er um að ræða góðkynja sjúkdóma, það er storkutrufanir, blóðfrumufæð og blóðleysi. Það er því stórt framfaraspör að þessir sjúklingar séu lagðir inn á sérhæfða legudeild.

Geislameðferð illkynja sjúkdóma fer sífellt vaxandi. Á geislaeðlisfræðideild fer fram undirbúningur geislameðferðar en sjálf meðferðin er á vegum geislameðferðardeilda. Verið er að taka í notkun fjölblaðablendu sem eykur mjög nákvæmni og öryggi geislameðferðar. Fyrirhuguð er endurnýjun á línuhraðli.

Unnið hefur verið að frekari uppbyggingu líknarmedferðar í Kópavogi. Líknardeildin var upphaflega reist með mjög rausnarlegum stuðningi Oddfellow reglunnar.

Hafinn er undirbúningur að byggingu kapellu fyrir líknardeild, jafnframt er mikil þörf á opna dagdeild. Teikningar hafa verið gerðar og næsta skref að taka ákvörðun um framkvæmdir. Oddfellow reglan hefur lýst yfir áhuga sínum á að styðja áfram við uppbyggingu líknardeildarinnar. Ennfremur hefur verið unnið að því að Heimahlýning Krabbameinsfélags Íslands og líknarráðgjafarteymið geti flutt starfsemi sína í Kópavoginn.



af spítalastarfinu

VEL TEKIÐ Á MÓTI ERLENDUM HJÚKRUNAR- FRÆÐINGUM

Fræðasvið hjúkrunar mótaði árið 2001 og hratt í framkvæmd stefnu um bætt ráðningarferli, móttöku og starfsaðlögun erlendra hjúkrunarfræðinga á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Á sjúkrahúsinu starfa 35 hjúkrunarfræðingar frá 10 þjóðlöndum, flestir frá Norðurlöndum (15) og Filippseyjum (11), auk um 35 annarra erlendra fagaðila. Hjúkrunarstjórn áformar ekki að leysa skort á hjúkrunarfræðingum með fjöldaráðningum erlendis frá en lítur á erlenda hjúkrunarfræðinga sem dýr-mætan auð fyrir aukin gæði í þjónustu sjúkrahússins í fjölmennningarlegu samfélagi. Við móttun stefnunnar var tekið mið af öryggi og þörfum sjúklinga, kostnaði, getu sjúkradeilda til starfsaðlögunar, stefnumótun annarra hér-landis og erlendis og fjölmennningarlegri þróun íslensks samfélags. Hjúkrunarfræðingum er gefinn kostur á að hefja starfsaðlögun án íslenskukunnáttu en markvissu íslensku-námi er fylgt eftir með fjárhagslegum stuðningi og sveigjan-leika í vinnuhlutfalli. Miðlæg þjónusta við þá og sjúkradeildir felst í fræðslu, öflun nauðsynlegra gagna fyrir ráðningu, sér-hönnuðu ráðningarferli og almennri fræðslu og stuðningi eftir ráðningu. Einnig hefur verið tekið á réttindamálum hjúkrunar-fræðinga. Sérhæfð fagleg fræðsla takmarkast af því hve fámennur hópurinn er og er því enn að mestu í höndum sjúkradeilda.



Í maí 2001 var opnaður upplýsingavefur á ensku. Honum er ætlað að vera miðstöð faglegrar og samfélagslegrar fræðslu og fréttu fyrir erlenda hjúkrunarfræðinga. Efnið er ekki eingöngu bundið við hjúkrun og gagnast því öllum enskumælandi starfsmönnum spítalans. Verkefnisstjóri í málefnum erlendra fagaðila á hjúkrunarsviði er Hildur Magnúsdóttir, hjúkrunarfræðingur á fræðasviði hjúkrunar.

FJÖLBLAÐABLENDA BÆTIR ÁRANGUR OG ÖRYGGI GEISLAMEDFERÐAR

Fjölblaðablenda (Multi Leaf Collimator) hefur verið sett í línuhraðal á krabbameinslækningadeild og með því stigið mikilvægt skref í þróun geislamedferðar fyrir krabbameinssjúklinga. Vonir eru bundnar við notkun á þessum búnaði við svokallaða IMRT meðferð (Intensity Modulated Radiation Therapy), sem hefur leitt til bætrar geislamedferðar þar sem hún hefur verið þróuð. Henni er einkum beitt gegn litlum afmörkuðum krabbameinsæxlum í líkama sjúklinga. Með þessari meðferð er unnt að hlífa betur viðkvæmum og heilbrigðum vefjum, minnka aukaverkanir og jafnframt auka batálíkur sjúklinga.



Þróun geislamedferðar undanfarin ár hefur leitt til þess að unnt er að afmarka geislamedferðarsvæðið betur en áður hefur verið unnt og auka geislaskammt í æxlisvef. Framfarir í myndgerðartækni gera krabbameinslæknum auðveldara að draga upp meðferðarsvæði í þrívídd og afmarka nærliggjandi líffæri sem nauðsynlegt er að hlífa. Með því að fjölga geislareitum og beita fjölblaðablendunni til að dreifa geislum af réttum styrk (Intensity Modulate) úr mismunandi áttum hefur tekist að fá fram íhvolfa (concave) geisladreiferla þar sem það hentar vegna lögunar meðferðarsvæðisins.

Samhliða þessu hefur búnaður til að skorða sjúklinga í geislamedferð verið endurbættur. Framfarir hafa líka orðið í gerð tölvuvæðdra geislaáætlana sem byggja á notkun sneiðmynda af sjúklingnum. Ýmiss konar hugbúnaður, sjálfvirkni í stýringu tækja og nettengingar fyrir flæði mynda og annarra upplýsinga eru meðal forsenda þessara framfara.

Stór hluti tækjabúnaðar við geislun krabbameinssjúklinga hefur það hlutverk að auka öryggi í meðferð og tryggja gæði hennar. Tölvuvæddu eftirlits- og skráningakerfi er ætlað að koma í veg fyrir mannleg mistök og skrá rafrænt alla þætti geislamedferðarinnar.



SKURÐLÆKNINGASVIÐ

Skurðlækningasvið er ábyrgt fyrir skurðþjónustu við íbúa höfuðborgarsvæðisins og sértækari þjónustu við íbúa landsbyggðarinnar. Þjónustan er veitt í Fossvogi og við Hringbraut með aðgerðum og ráðgjöf og stundaðar allar greinar skurðlækninga, fyrir utan barnaskurðlækningar. Öllum sjúklingum með vandamál sem leysa má með aðgerðum er sinnt, að líffæraflutningum undanskildum. Meginskyldur sviðsins liggja í framkvæmd valaðgerða. Sviðið rekur umfangsmikla vaktþjónustu vegna starfseminnar. Aðgerðir árið 2001 voru ríflega 10.000. Þjónusta vegna slysa vegur þungt í starfseminni og er miðstöð slysamóttökunnar í Fossvogi. Kennsluþátturinn er afar mikilvægur. Háskólanemar eru í klínískri kennslu á deildum og nemendur í framhaldsnámi. Tengsl eru við háskólasítala á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum um framhaldsnám í skurðlækningum og skurðlæknafélög Bretlandseyja um upphafsnám lækna. Rannsóknir eru mikilvægur og vaxandi hluti starfseminnar og starfsmenn í samvinnu við fjölda annarra stofnana og félaga um þær.

Sviðsstjóráskipti urðu 2001. Elsa Friðfinnsdóttir sviðsstjóri hjúkrunar varð aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra. Elín J.G. Hafsteinsdóttir tók við.

Bæklunarskurðlækningar voru alfarið fluttar í Fossvog 2001 og einn yfirlæknir skipaður yfir sameinaða deild. Þvagfæraskurðlækningar voru sama ár sameinaðar við Hringbraut og nýr yfirlæknir skipaður. Stefnt er að sameiningu almennra skurðlækninga árið 2002. Þar með hafa allar greinar skurðlækninga verið sameinaðar til að ná sem bestri faglegrí og rekstrarlegri hagræðingu. Megináhersla var lögð á uppbyggingu skurðstofa í Fossvogi árið 2001 og voru þær endurskipulagðar og endurbættar í samvinnu við svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusvið.

Fossvogur: Almennar skurðlækningar á deild B-6. Áhersla á aðgerðir í meltingarfærum og aðgerðir í kjölfar fjölværka. Æðaskurðlækningar á B-6. Meðferð og eftirlit vegna æðasjúkdóma. Veigamikill þáttur þjónustunnar er eftirlit á æðarannsóknastofu sem stendur til að deildin fái. Háls-, nef- og eyrnadeild á A-5. Sjúklingum með slík vandamál er sinnt, auk einstaklinga með áverka á andliti. Á göngudeild HNE á B-3 fer fram mikil starfsemi í greiningu, meðferð og eftirliti. Heila- og tauga-skurðeild á A-5. Deildin er ábyrg fyrir meðferð sjúklinga með vandamál í heila, mænu og taugum og sinnir sjúklingum með áverka eftir slys. Bæklunarskurðeild á A-4 og einnig á A-5. Annast meðferð vegna áverka á stoðkerfi, auk hryggáðgerða og liðskipta.

Hringbraut: Almennar skurðlækningar á deild 12G. Áhersla á aðgerðir á brjóstum, innkirtlum og meltingarfærum. Lýtalækningadeild á 13A. Ábyrg fyrir aðgerðum vegna alls konar lýta, meðfæddra útlitsgalla, uppbyggingu brjósta, húðkrabbameina og allra meiriháttar brunasára á landinu. Starfsfólkið veitir mikla ráðgjafarþjónustu við aðrar greinar skurðlækningasviðs. Þvagfæraskurðeild á 13D. Nær öll þjónusta við sjúklinga með þvagfæravandamál. Á deild 11C (þvagfærarannsóknadeild) er umtalsverð göngudeildarþjónusta og steinbrjóturinn er þar. Þvagfærarannsóknir (ferliverk) eru einnig á deild A-3 í Fossvogi. Hjarta- og lungnaskurðeild á 11G (á 13G í byrjun árs 2002). Einstaklingum með sjúkdóma í hjarta og lungum er sinnt þar, auk þess gera sérfræðingar deildarinnar fjölda aðgerða á börnum. Augndeild. Meginhluti starfseminnar er á Eiríksstötu 39 í göngudeildarumhverfi, auk þess eru fjögur rými á deild 11G (13G) ætluð augnsjúklingum sem þurfa innlög.

Umfangsmikil göngudeildarstarfsemi er rekin á skurðlækningasviði og voru ríflega 31.000 komur á göngudeildir þess árið 2001.



af spítalastarfinu

ÚTSKRIFTARVANDI

Frá miðju ári 2001 hafa verið gerðar ársfjórðungslegar kannanir á því hversu margir sjúklingar á sólarhrings legudeildum hafa lokið fullri meðferð og biðu þess vegna eftir vistun eða úrræði annars staðar.

Í þessum tveimur könnunum kom í ljós að 17-18% innliggjandi sjúklinga á þessum deildum þurftu ekki lengur á sjúkrahúsvist að halda og hefðu getað útskrifast hefðu nauðsynleg úrræði verið fyrir hendi. Til dæmis biðu í lok júlí 105 sjúklingar eftir slíkum úrræðum utan spítala og 123 sjúklingar í lok október. Sem afleiðing af þessum skorti á viðeigandi úrræðum utan spítala þá biðu á sama tíma aðrir 75 sjúklingar í júlí (13% innliggjandi sjúklinga) og 65 sjúklingar í október (18% innliggjandi sjúklinga) eftir að flytjast til innan sjúkrahússins.

Bið eftir úrræðum utan spítala 2001:

	í júlí	í október
Hjúkrunarheimili	70	96
Sambýli fyrir geðfatlaða	11	12
Heimahjúkrun	9	7
Ýmsilegt annað	15	8
Samtals sjúklingar:	105	123

STARFSMENN HEIÐRAÐIR

á ársfundí LSH 2001 fyrir vel unnin störf

Amalía Svala Jónsdóttir skurðhjúkrunarfræðingur, Anna Andrésdóttir starfsmaður, Corazon Surban starfsmaður, Inga Þórsdóttir forstöðumaður, Eyrún Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur, Geirþrúður Sigurðardóttir skrifstofumaður, Guðrún Guðbrandsdóttir verkstjóri, Gunnar H. Gunnlaugsson yfirlæknir, Hans Hilariússon vaktmaður, Höskuldur Baldursson yfirlæknir, Jóhanna Benediktsdóttir hjúkrunarfræðingur, Jóna Eggertsdóttir forstöðufélagsráðgjafi, Jónhildur Halldórsdóttir forstöðumeinataeknir, Kalla Malmquist forstöðusjúkraþjálfari, Lovísa Guðmundsdóttir símaþvörður, Oddný Þorgerður Pálsdóttir ljósmóðir, Ólafur Þ. Jónsson yfirlæknir Ragnhildur Haraldsdóttir sjúkraliði, Sigrún Ólafsdóttir Flóvenz sjálfbodaliði RKÍ, Sólveig Jónsdóttir sjúkraliði, Þórunn Beinteinsdóttir verkefnastjóri.

MYNDGREINING OG ÆÐAÞRÆÐINGAR

Ómtæki röntgendeildarinnar í Fossvogi var endurnýjað með fullkomnu tæki frá General Electric, af gerðinni Logiq 700 Expert. Einnig var færanlegt röntgentæki frá Siemens keypt í Fossvogi til að sinna röntgenrannsóknnum utan deildarinnar. Árið 2001 var opnað fyrir aðgang að röntgensvörum í upplýsingakerfi röntgendeildar á Hringbraut, Kodak RIS 2010, sem ekki var hægt af tæknilegum ástæðum þegar kerfið var tekið í notkun árið áður. Sambærilegt kerfi er í notkun í Fossvogi þar sem aðgangur er opinn. Unnið er að samræmingu kerfanna.



Á árinu var gerður samningur milli klíníks þjónustusviðs og lyflækningsviðs I um fyrirkomulag æðaþræðinga. Hjartaþræðingar og inngríp á kransæðum verða í höndum hjartalækna en röntgenlæknar sjá um allar aðrar æðaþræðingar og rannsóknarinngríp. Náði samstarf verður áfram milli deildanna með sameiginlegri mönnun annarra starfsmanna.

BLÆÐARA-MIÐSTÖÐ LSH

Blæðaramiðstöð LSH (Hemophilia Center), hin eina sinnar tegundar hérlendis, var formlega stofnuð með stofnun blóðmeinafræðideildar 1. desember 2001. Guðrún Bragadóttir hjúkrunarfræðingur, meinataeknar á storkurannsóknastofu og Páll Torfi Önunardson yfirlæknir höfðu unnið að undirbúningi áður. Á blæðaramiðstöð fer fram greining, fræðsla og meðferð dreyrasjúkra og sjúklinga með aðra blæðingasjúkdóma auk fræðslu og ráðgjafar til arfbera með það að markmiði að skapa skjólstaðingum eðlileg lífsgæði. Nán samvinna er við lækna á Barnaspítala Hringinsins. Jafnframt er þar sinnt ráðgjöf vegna blóðsegamyndunar og blóðþynningu stýrt. Vísindarannsóknir eru í undirbúningi.



SVÆFINGA-, GJÖRGÆSLU- OG SKURÐSTOFUSVIÐ

Svæfinga-, gjörgæslu, og skurðstofusvið veitir almenna, sérhæfða og tæknivædda þjónustu á skurðstofum og í tengslum við þær. Sótthreinsun þjónar skurðeildum ásamt öðrum sviðum spítalans. Sviðið sér öllum sjúklingum sem þess þurfa, nema nýburum, fyrir sérhæfðri gjörgæslu. Á vöknun er skammtímaeftirlit eftir aðgerðir, svæfingar og deyfingar. Á sviðinu fer fram viðtæk kennsla heilbrigðisstétta og vaxandi rannsóknarvinna.

Svæfingadeild í Fossvogi og svæfingadeild við Hringbraut þjóna sjö skurðstofum hvor auk fjölda útstöðva svo sem röntgen-, geð- og hjartadeilda. Á deildunum er ýmis sérhæfð starfsemi svo sem verkjameðferð og ísetning holæðaleggja. Svæfingadeild kvennadeildar þjónar þremur skurðstofum, tæknifrjóvgunardeild og fæðingardeild.

Árlega liggja 1000 til 1100 sjúklingar á gjörgæsludeildum en auk þess taka þær við fjölda annarra sjúklinga eftir skurðaðgerðir. Á gjörgæsludeild í Fossvogi eru 11 rúm og var hún opnuð eftir breytingar í mars 2000. Sérhæfing tengist einkum slysum og sjúkdómum í miðtaugakerfi. Gjörgæsludeild við Hringbraut hefur 10 rúm og var hún öll endurnýjuð 1996. Sérhæfing tengist einkum hjartaskurðsjúklingum, brunasjúklingum og börnum. Á vöknun í Fossvogi eru 13 rúm og á vöknun við Hringbraut 11 rúm. Þar er tekið við sjúklingum eftir skurðaðgerðir og rannsóknir í svæfingu virka daga en gjörgæslurnar taka við hlutverki þeirra um helgar þegar einungis eru gerðar bráðaaðgerðir.

Skurðstofan við Eiriksgötu þjónar eingöngu augnaðgerðum á dagdeild. Á skurðeild í Fossvogi eru almennar skurðlækningar, heila- og tauga-, háls-, nef- og eyrna-, æða- og bæklunarskurðaðgerðir. Á skurðeild við Hringbraut fara fram auk almennra skurðlækninga, lýta-, barna-, þvagfæra-, brjósthol- og augnskurðlækningar.

Sótthreinsun í Fossvogi og við Hringbraut sjá um að pakka og dauðhreinsa aðkeyptar umbúðir og vörur auk verkfæra, aðgerðabakka og annarra sérpakkninga. Þær þjóna öllum deildum spítalans þótt megnið af starfsemi sé í þágu skurðeilda.

Samfara miklum breytingum við sameiningu og skipulag sérgreina í skurðlækningum á sl. ári voru gerðar umfangsmiklar breytingar og endurnýjun á skurðstofum í Fossvogi og á Hringbraut. Áhersla var lögð á að skapa hverri sérgrein sem sjálfstæðast aðgengi að eigin skurðstofu. Vonast er til að það skapi betri jarðveg fyrir gott skipulag á starfsemi skurðstofanna í framtíðinni. Vinna að formlegu gæðaþróunarstarfi fyrir sviðið hófst með ráðningu verkefnastjóra gæðamála. Unnið verður að því að allar verklagsreglur, vinnuleiðbeiningar og gáttlistar sem unnið er eftir á sviðinu fari inn í rafræna gæðahandbók LSH. Virkja þarf alla starfsmenn til þess að taka þátt í þessu viðamikla verkefni, efla gæðavitund þeirra og að þeir þekki þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.



af spítalastarfinu

SJALDGÆF MEÐFERÐ Á GJÖRGÆSLUDEILD

Einum sjúklingi var árið 2001 veitt mjög sjaldgæf meðferð á gjörgæsludeild við Hringbraut, s.k. ECMO meðferð. Meðferðin er stundum notuð við mjög alvarlega lungnabilun, þegar lungun eru ófær um að metta blóðið með súrefni. Meðferðin felst í því að settar eru slöngur inn í æðakerfi sjúklingsins og blóðinu pumpað með sérstakri pumpu gegnum einskonar síu sem virkar eins og gervilunga. Blóðinu er síðan aftur pumpað inn í sjúklinginn. Á þennan hátt er sjúklingnum hjálpað til að súrefnismetta blóðið og honum haldið lífandi þannig, þar til lungun fara að starfa eðlilega.

Árið 2001 var einn slíkur sjúklingur á þessari meðferð í 25 daga og lá hann samtals í 48 daga á gjörgæsludeildinni. Fullur batí náðist. Þessari meðferð hefur einu sinni verið beitt áður. Það var fyrir 15 árum og náðist góður árangur einnig þá.

ERFÐARÁÐGJÖF VEGNA ILLKYNJA SJÚKDÓMA

Til stendur að stofna til erfðaráðgjafar fyrir fólk með illkynja sjúkdóma. Það á sérstaklega við um þá sjúklinga sem eru greindir og meðhöndlaðir á sjúkrahúsinu. Hjá þeim og fjölskyldum þeirra vakna margar spurningar um erfðir sem er erfitt að svara.

Fjölmargar erfðarannsóknir eru nú gerðar í tengslum við illkynja sjúkdóma. Þessar rannsóknir eru langflestar á vegum líftækniyrirtækja í samstarfi við lækna á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Nú þegar hafa fjölmargir verið kallaðir í erfðarannsóknir vegna illkynja sjúkdóma. Sumir þeirra hafa greindan illkynja sjúkdóm, aðrir koma í rannsókn sem skyldfólk, hugsanlega með aukna áhættu á illkynja sjúkdómum. Við þetta skapast mikil þörf á vandaðri erfðaráðgjöf, bæði fyrir sjúklinga sem hafa greinst með illkynja sjúkdóm en ekki síður hina sem gætu verið í áhættuhópi.

Erfðaráðgjöfin verður á vegum lyflækningasviðs II en þjónar öllum krabbameinssjúklingum og fjölskyldum þeirra.



MÆÐRAVERNDIN FLYTUR

Mæðraverndin flutti endanlega úr kvennasviðsbyggingunni 10. maí 2001. Hún hafði verið á kvennadeildinni frá upphafi en Heilsugæslan í Reykjavík tók formlega við starfsemi 1999-2000. Má segja að þarna hafi verið brotið blað í starfsemi kvennasviðsins. Fyrirverandi starfsmenn stormuðu í táknrænni röð frá kvennasviðsbyggingunni niður á Barónstíg þar sem Miðstöð mæðraverndar er til húsa.

Áður höfðu stjórnendur Miðstöðvar mæðraverndar og stjórnendur kvennasviðs klippt endanlega á „naflastrenginn“ og skipst á lykklum að starfsemi.

ÍPRÓTTAFÉLAG LSH STOFNAÐ

Íþróttafélag Landspítala - háskólasjúkrahúss (ÍLSH) var stofnað 8. mars 2001. Félagar geta verið allir starfsmenn LSH, einnig fyrirverandi starfsmenn með samþykki stjórnar. Tilgangur félagsins er að auka atgervi til líkama og sálar með íþróttaiðkun og heilsurækt og stuðla að virkum samskiptum starfsfólks LSH. Íþróttafélag LSH var stofnað á grunni íþróttafélaga sem fyrir voru í Fossvogi og við Hringbraut. Stjórnir þeirra sameinuðust um eina uppstillingu til fyrstu stjórnar nýs íþróttafélags: Rudolf Adolfsson formaður, Egill T. Jóhannsson varaformaður, Erla Björk Sverrisdóttir ritari, Hulda Arnórsdóttir gjaldkeri, Anna Soffía Guðmundsdóttir meðstjórnandi, Sigrún Hjartardóttir meðstjórnandi og Sólrún Sverrisdóttir meðstjórnandi.



SLYSA- OG BRÁÐASVIÐ

Slysa- og bráðasvið ber ábyrgð á slysa- og bráðapjónustu við íbúa höfuðborgarsvæðisins. Flestir slasaðir og bráðveikir af öllu landinu koma einnig á Landspítala - háskólasjúkrahús. Frumskylda sviðsins er slysa- og bráðapjónusta en það ber jafnframt ábyrgð á rekstri á sólarhrings gæsludeildar- og göngudeildarþjónustu.

Miklar breytingar hafa verið árin 2001 og 2002 vegna sameiningar á slysa- og bráðapjónustu og aukinnar sérhæfni sérgreina í Fossvogi og við Hringbraut.

Slysa- og bráðadeildin í Fossvogi er opin fyrir alla árið um kring. Bráðamóttakan við Hringbraut er opin fyrir veik börn og er tilvísunarmóttaka fyrir hjartveika og sjúklinga með kviðverki sem þurfa á skurðaðgerð að halda. Göngudeildarsjúklingar sem eru í meðferð og bráðveikjast af sama sjúkdómi eiga að leita til bráðamóttöku þar sem sérgreinin er til húsa.

Í tengslum við bráðapjónustuna er rekin vel skipulögð þjónusta með neyðarbil og sjúkrabyrli með læknum sem geta sinnt slösuðum og bráðveikum við mjög erfiðar aðstæður.

Nýkomur á slysa- og bráðadeild í Fossvogi og á Hringbraut voru rúmlega 66.000 árið 2001 og endurkomur í Fossvogi rúmlega 4.000. Á heildina litið koma fleiri veikir (57%) en slasaðir (43%) á slysa- og bráðadeild LSH. Veikum hefur fjölgað hlutfallslega mun meira en slösuðum á undanförmum árum. Börn og unglingar eru um 31% af veikum og slösuðum.

Langflestir sem koma á slysa- og bráðadeild í Fossvogi tóku sjálfir um það ákvörðun. Næst flestir koma vegna tilvísunar frá lækni og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum. Flestir koma á eigin vegum en margir koma í fylgd sinna nánustu.

Slysa- og bráðadeild veitir slösuðum og veikum, aðstandendum, vitnum og gerendum nauðsynlega áfallahjálpar. Miðstöð áfallahjálpar hefur jafnframt í vaxandi mæli farið í fræðsluferðir út á land og fer slikum beiðnum fjölgandi.

Til þess að aðlaga slysa- og bráðastarfsemina að auknum fjölda eru hafnar gagngerar endurbætur á húsnæðinu í Fossvogi og bráðaherbergi við Hringbraut var tekið í notkun til þess að bæta þjónustu við hjartveika. Þá hefur verið unnið við að stækka og flytja gæsludeildina sem sinnir sólarhringsjúklingum en vaxandi þörf er fyrir slíka starfsemi og um mjög hagkvæma rekstrareiningu er að ræða.

Neyðarmóttakan í Fossvogi fyrir þá sem hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi hefur vakið athygli fyrir góða þjónustu. Þar er einnig til húsa eitrunarmiðstöðin sem er ráðgefandi fyrir allt landið um eitranir og hættuleg efni.

Göngudeildarþjónusta jókst árið 2001 og komu samtals 50.368 veikir og slasaðir þrátt fyrir nokkurt rót vegna flutninga sérgreina á milli Fossvogs og Hringbrautar en uppbyggingin miðar að því að gera þjónustuna markvissari.

Umfangsmikil fræðslustarfsemi er rekin á sviðinu. Hátt á þriðja hundrað nemendur dvelja í lengri eða skemmri tíma enda óviða hægt að fræðast um jafn fjölbreytileg viðfangsefni í tengslum við slys og sjúkdóma. Vonast er til að uppbygging í tengslum við slysarannsóknir og „slyaskrá Íslands“ skili miklum árangri.



af spítalastarfinu

KJARASAMNINGAR Í BRENNIDEPLI

Flest þeirra rúmlega 30 stéttarfélag sem starfsmenn Landspítala - háskólasjúkrahúss tilheyra luku gerð kjarasamnings á árinu 2001. Í nýju launakerfi er gert ráð fyrir því að á hverri stofnun sé í sérstökum stofnasamningum samið um röðunarreglur og röðunarkerfi Þessi breyting hefur haft mikil áhrif á vinnu við kjaramál innan stofnunarinnar og fært ákvarðanatöku og stefnumótun á sviði röðunarstarfa í launaflokka mun nær vettvangi en áður var. Tvö stór stéttarfélög innan LSH eru þó enn með miðlæga kjarasamninga, Efling og Læknafélag Íslands.

Samstarfsnefndir eru starfandi gangvart hverju stéttarfélagi sem annast gerð stofnasamninga og leysa úr ágreiningi um túlkun samninga. Mikil vinna var við gerð kjarasamninga af hálfu spítalans árið 2001. Í flestum tilfellum gekk hún vel. Til að knýja á um kröfur sínar í kjarasamningaviðræðum kom til verkfallsaðgerða af hálfu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Sjúkraliðafélags Íslands. Um var að ræða tveggja daga verkfall hjúkrunarfræðinga og þrjú þriggja daga verkfall sjúkraliða. Fyrsti miðlægi kjarasamningurinn var gerður í mars og þeim hafði flestum verið lokið í ágúst. Síðasti kjarasamningurinn var undirritaður í nóvember. Í kjölfar kjarasamninganna hófst vinna við framkvæmd ákveðinna þátta þeirra og í samstarfsnefndum við endurskoðun stofnasamninga eftir því sem á þurfti að halda.

Breytingar á ýmsum rekstrareiningum LSH árið 2001 hafa leitt til þess að breyta hefur þurft ráðningarkjörum margra starfsmanna. Störf hafa breyst, vinnustaðir verið færðir og í nokkrum tilfellum lögð niður störf. Skrifstofa starfsmannamála hefur aðstoðað yfirmenn og veitt ráðgjöf vegna þessa, svo og þeim starfsmönnum sem hafa átt hlut að máli og rætt við stéttarfélög.



MENNINGARHEIMAR MÆTAST

Ritið „Menningarheimar mætast“ er samvinnuverkefni LSH og Landlæknisembættis. Það var gefið út 2001 og í því eru upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsfólk um þætti er lúta að menningu, arfleifð og trú sértrúarhópa og trúarbrotu sem kunna að hafa áhrif á samskipti og meðferð innan heilbrigðis-þjónustunnar. Höfundar eru Þorbjörg Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur á LSH og Vilborg Ingólfssdóttir yfirhjúkrunarfræðingur við Landlæknisembættið. Ritinu er ætlað að upplýsa heilbrigðisstarfsfólk um ólík menningar- og

trúaráhrif sem geta mótað líf og viðhorf einstaklinga, ekki síst þegar þeir standa frammi fyrir lífsatvikum eins og fæðingu, sjúkdómum, þjáningu og dauða. Markmiðið er að auka skilning heilbrigðisstarfsfólks á þörfum þessara einstaklinga með því að varpa ljósi á þá trúarheimspekni, viðhorf og lífsgildi sem rekja má til arfleifðar sem sjúklingar af ýmsum trúarbrögðum og þjóðernum hafa, svo og viðhorf þeirra sem aðhyllast ákveðnar trúarskoðanir.



TÆKI TIL BLÓÐFLOKKUNAR ENDURNÝJUÐ

Í Blóðbankanum voru tekin í notkun tæki og mótað vinnuferli sem snertir blóðflokkanir og skyldar aðferðir, svo og veiruskimun. Mikið annrki var í starfsemi Blóðbankans í tengslum við það. Þessi nýju tæki og vinnuferli kröfðust nákvæmra fullgildinga eins og gert er ráð fyrir í ISO-staðlinum. Tækjabúnaður til blóðflokunar leysti af hólmi 7 ára gamla blóðflokunarvel sem var hætt að skila sínu. Nýr búnaður til veiruskimunar uppfyllir í hvívetna alþjóðlegar kröfur um rektanleika og vinnuáferðir.

Starfsfólk Blóðbankans er farið að sjá greinileg merki ávinnings af starfi síðustu ára á sviði gæðamála. Alþjóðleg vottun starfsmanna hefur með skýrum hætti styrkt öll vinnuferli, eft umbótastarf og styrkt faglega þekkingu og þjálfun starfsmanna. Hér á landi eru hvorki til lög né reglugerðir um blóðbankaþjónustu. Það varð til þess að Blóðbankinn valdi að leita eftir alþjóðlegri gæðavottun til að tryggja að þjónustan væri í takt við það sem best gerist í nágrennlöndum.



KLÍNÍSKT ÞJÓNUSTUSVIÐ

Í samþykktri stefnu fyrir klínískt þjónustusvið kemur meðal annars fram að einingar þess eiga það sameiginlegt að veita öðrum klínískum sviðum spítalans þjónustu sem meðal annars felst í ráðgjöf, klínískri þjónustu og rannsóknunum, kennslu, vísindastörfum og ýmsum þróunarstörfum. Einnig að hagsmunir sjúklinga eru hafðir að leiðarljósi og áhersla lögð á kennslu, vísindarannsóknir og skyldur gagnvart háskólahlutverki spítalans.

Næringarráðgjöf er veitt á klínískum sviðum með áherslum innan sérgreina miðað við sjúkdóma og meðferð. Næringarráðgjöf er einstaklingsbundin og sérhæfð miðað við sjúkdóma og ástand sjúklinga. Mikið er um fræðslu- og kennslustörf innan næringarfræðinnar. Unnið er að bættum leiðbeiningum og þjónustu sem varðar skjólstæðinga bæði innan spítalans og utan. Starfsmenn stunda einnig umfangsmikla rannsókn- og vísindavinnu, meðal annars í samstarfi við Háskólann og erlendar stofnanir.

Þjónusturannsóknir eru stundaðar á einingum Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði og vísindastarf er þar mikið. Starfsemin er í húsnæði á Landspítala Hringbraut, í Læknagarði, Ármúla 30 og Dungalssafnið (lífsýnasafn) er við Skógarhlíð. Meirihluti vísindarannsókna er á sviði krabbameinsrannsókna, annars vegar flokkun krabbameina eftir líffærum og tegundum og hins vegar grunnrannsóknir í erfðafræði krabbameins.

Röntgendeildir eru á Hringbraut og í Fossvogi. Röntgendeild á Landakoti er hluti af deildinni í Fossvogi. Röntgenstarfsemi sem tilheyrir lyflækningasviði I er einnig á Vífilsstöðum. Ísótópamyndgreining fer fram á röntgendeildinni í Fossvogi en við Hringbraut fellur sú starfsemi undir Rannsóknarstofnun LSH. Röntgendeildirnar sinna myndgreiningu fyrir skjólstæðinga innan spítalans og utan. Deildirnar gegna veigamiklu hlutverki í kennslu og starfsþjálfun geislafræðinema. Einnig fer þar fram kennsla læknanema og hluti framhaldsmenntunar unglækna.

Sálgæsla presta og djákna felst meðal annars í viðtölum, fræðslu og leiðsögn í andlegum og trúarlegum efnunum. Þjónustan er veitt skjólstæðingum sjúkráðsins og aðstandendum þeirra. Prestar og djákni styðja einnig starfsfólk spítalans og veita því fræðslu. Helgihald er veigamikill þáttur í þjónustu við skjólstæðinga sjúkráðsins og ris það hæst í desembermánuði.

Sjúkrahústengd heimaþjónusta hefur þann megingilgang að veita þá hjúkrun og meðferð sem hægt er í heimahúsum í því skyni að stytta eða jafnvel koma í veg fyrir sjúkráðslegu. Þannig er sjúklingum gert kleift að dvelja heima þrátt fyrir sérhæfða meðferð sem oft getur verið til langs tíma.

Sjúkraskrársafn varðveitir sjúkraskrár og annast útlán gagna vegna þjónustu við sjúklinga og í vísindaskyni. Meginsöfnin eru við Hringbraut og í Neskoti á Seltjarnarnesi. Að auki eru sjúkraskrár látinna varðveittar í húsnæði sjúkráðsins á Tunguhálsi. Sjúkraskrár eru einnig varðveittar innan einstakra sviða.

Sýkingavarnardeild sér um framkvæmd sóttvarna í daglegum rekstri sjúkráðsins og miðlar fræðslu um smitgát, sýkingar og varnir við þeim til starfsmanna. Sýkingavarnardeild annast eftirlit með sýkingum og skráningu þeirra, tölfraeðilega úrvinnslu og vísindalegar rannsóknir á þeim vettvangi. Hún hefur einnig eftirlit með hugsanlegum smitleiðum og veitir öðrum sjúkráðsnum ráðgjöf og aðstoð ef þarf.




af spítalastarfinu


„MÓSI“ Í HAM

Faraldur varð af völdum fjölgónæmra baktería á spítalanum árið 2001 og allt kapp lagt á að koma í veg fyrir að þær næðu varanlegri bólfestu á deildum. Þann 21. janúar ræktaðist MÓSA (Methisillin Ónæmra Staphylococcus Aureus) frá sjúklingi á deild 12G á Landspítala Hringbraut. Sjúklingurinn kom mánuði áður frá erlendu sjúkrahúsi og við innlögn var MÓSA-leit neikvæð. MÓSA greindist 2. mars frá öðrum sjúklingi á 12G. Þá hófst kembileit hjá öllum innliggjandi sjúklingum á deildinni. Þann 5. mars, strax og ljóst var að a.m.k. 2 sjúklingar, auk fyrsta tilfellis, höfðu fengið bakteríuna var innlögnum á deildina hætt, heimsóknir til sjúklinga takmarkaðar og starfsfólki meinað að vinna á öðrum deildum. Sjúklingar sem gátu útskrifast voru sendir heim, aðrir einangraðir á sínum stofum eða í einangrunarherbergjum á öðrum deildum. Deildin var hreinsuð og sóttþreinsuð. Gerð var kembileit hjá öllu starfsfólki sem hugsanlega hafði smitast og jafnframt haft samband við alla útskrifaða sjúklinga sem legið höfðu á deildinni í febrúar og fram í mars og þeir beðnir að koma til sýnatöku. Alls voru rúmlega 2000 sýni tekin af sjúklingum, starfsfólki og úr umhverfi á þessu tímabili. Við kembileitina fannst MÓSA hjá 9 sjúklingum, flestir voru þá þegar útskrifaðir. MÓSA fannst ekki hjá starfsmönnum en nokkur umhverfissýni voru jákvæð. Allir jákvæðir sjúklingar fengu „upprætingarmeðferð“ undir eftirliti starfsmanna sýkingavarna og þeim var fylgt eftir með sýnatökum, jafnvel í nokkrar vikur. Nokkrir voru komnir á önnur sjúkrahús/stofnanir og jákvæðir einstaklingar fundust bæði vestur á fjörðum og suður með sjó. Útbúnar voru viðamiklar bráðabirgðaleiðbeiningar um vinnubrögð, umgengni og smitgát, sem nýttust bæði á LSH og út um land. Milki fræðsla var vegna MÓSA, samráðs- og fræðslufundir með starfsfólki á deildum og fyrirlestarar.

Hlutfall MÓSA af Staphylococcus Aureus ræktunum á LSH



MÓSA á Íslandi frá upphafi



Í júlí fannst MÓSA hjá barni á Barnaspítalanum sem legið hafði inni í 2 mánuði eftir aðgerð á sjúkrahúsi í Bandaríkjunum. MÓSA-leit við innlögn var neikvæð. Gerð var kembileit hjá starfsfólki og foreldrum barnsins, alls um 200 sýni sem öll reyndust neikvæð. Í júlí ræktaðist MÓSA úr útbrotum hjá íslenskum lækni í sérnámi erlendis sem kom heim til sumarflýsinga á spítalanum. Láðst hafði að gera MÓSA-leit hjá honum við komu og var hann búinn að vinna í 2-3 vikur þegar það kom í ljós. Læknirinn fékk ekki að ljúka afleysingastarfinu. Skurðstofum á Landspítala Hringbraut var lokað í 2 daga meðan verið var að sóttþreinsa þær og rækta úr umhverfi og einnig var lokað fyrir frekari innlagningar á gjörgæsludeild. Kembileit var gerð hjá samstarfsfólki læknisins og öllum sjúklingum sem hann hafði sinnt, bæði innliggjandi og útskrifuðum. Um 700 sýni alls, enginn var jákvæður.

Í áður nefndum tilfellum var talið ljóst að bakterían hefði borist erlendis frá en MÓSA ræktaðist einnig frá tveimur einstaklingum sem fengu þjónustu á slysa deild og ekki var hægt að tengja erlendum sjúkrahúsum. Tekin voru um 150 sýni frá starfsfólki og úr umhverfi. Öll sýni frá starfsmönnum voru neikvæð en 1 umhverfissýni var jákvætt. Hluti deildarinnar var hreinsaður og sóttþreinsaður. Einnig komu jákvæð MÓSA sýni, annars vegar frá starfsmanni á vistheimili og hins vegar heimilismanni á öðru vistheimili, báðum á höfuðborgarsvæðinu. Viðeigandi aðgerðum var stjórnað af fulltrúum sýkingavarnadeildar og sóttvarnalæknis.



ÖLDRUNARSVIÐ

Öldrunarsvið Landspítala - háskólasjúkrahúss er rekið samkvæmt þjónustusamningi milli stjórnenda þess og yfirstjórnar spítalans. Markmiðið er að styðja aldraða til sjálfsbjargar og stuðla að því að þeir geti búið sem lengst heima með því að greina og meðhöndla margvísleg vandamál sem fylgja hækkandi aldri. Jafnframt að bæta færni með þjálfun og hjálpartækjum og veita andlegan og líkamlegan stuðning. Meginþungi starfseminnar er á Landakoti en nauðsynlegur bráðáþáttur öldrunarlækninga er á B-4 í Fossvogi.

Starfsemi öldrunarsviðs er skipt í fimm hluta: Almennar öldrunarlækningar taka að meginhluta til heildræns öldrunarmats og endurhæfingar. Heilabilun tekur til minnismóttöku sem annast greiningu minniskertra og á legudeildir koma greiningar- og meðferðarvandamál, auk hvíldarinnlagna. Þeir sem þurfa hátæknistuðning eru meðhöndlaðir á bráðaöldrunarlækningadeild og þar er einnig veitt ráðgjöf. Skipulag, þróun og gæði, vinna stöðugt að endurskoðun á þjónustunni með skjólstæðinginn í huga. Þjónustusamningar snúa fyrst og fremst að lækni- og vaktþjónustu á átta hjúkrunarheimilum, þremur dagvistum og einu sambýli fyrir aldraða.

Deild B-4 er nú eina bráðaöldrunarlækningadeildin eftir sameiningu sjúkrahúsanna, en slík deild er nauðsynleg vegna aðgengis að hátækni og þangað leggjast flestir beint frá bráðamóttöku eða gæsludeild. Á almennar öldrunarlækningadeildir koma sjúklingar oftast eftir að bráðavanda hefur

verið bægt frá á öðrum deildum Landspítala - háskólasjúkrahúss, aðrir koma úr heimahúsi. Deild L-2 hefur fest sig í sessi sem fimm daga deild með virkri endurhæfingu. Á heilabilunardeildunum fer fram mat, greining og lækni- og hjúkrunarmeðferð heilabilaðra auk stuðnings við fjölskyldur þeirra. Móttöku- og endurkomudeild skiptist í minnismóttöku og almenna móttöku og sinnir þjónustu, forkönnun fyrir innlagnir og eftirfylgd. Á dagdeildinni dvelur hinn aldraði tvo til þrjú daga í viku í 4-8 klst. í senn og þjónar deildin 64 einstaklingum vikulega.

Teymisvinna margra heilbrigðisstarfstétta einkennir starfsemi öldrunarþjónustunnar, enda er oftast um verulega flókin viðfangsefni að ræða. Auk hjúkrunar og lækninga á öldrunarsviði starfa þar og hafa aðstöðu á Landakoti þátttakendur í teymisvinnu; sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfarar og félagsráðgjafar. Aðrir koma að teymisvinnunni eftir því sem aðstæður krefjast, svo sem næringarfræðingur, talmeinafræðingur, sálfræðingur, taugasálfræðingur og sjúkrahúsprestur.

Í september árið 2001 fluttist deild fyrir langveika lungnasjúklinga af Vífilsstöðum á K-1 á Landakoti. Ennfremur er gert ráð fyrir að deildin sinni skammtímainnlögnum fyrir aldraða.

Í október árið 2001 var formlega opnuð 9 rúma líknardeild fyrir aldraða á L-5. Deildinni voru færðar höfðinglegar gjafir frá Kvennadeild

Reykjavíkurdeldar Rauða Kross Íslands
og Styrktarsjóði St. Jósefsspítala
Landakoti.



af spítalastarfinu

STJÓRNENDUR RÁÐNIR

Sameiningu sérgreina hefur fylgt nokkur upp-
stokkun í stjórnkerfi á klínískum sviðum. Lögð
er áhersla á að hafa skipulag stjórnunar skýrt,
einfalt og skilvirkt. Fljótlega eftir stofnun LSH
voru valdir sviðsstjórar til að stjórna klínískum
sviðum. Síðan hefur kappsamlega verið unnið að
því að færa saman sérgreinar og deildir. Í
tengslum við það hafa verið ráðnir fjölmargir nýir
stjórnendur sérgreina og sjúkradeilda, þ.e. yfir-
læknar og deildarstjórar í hjúkrun.

Deildarstjórar í hjúkrun ráðnir 2000 - apríl 2002

Barnasvið

Björg Eysteinsdóttir, ung barnadeild 13E.
Herdís Gunnarsdóttir, skurðlækningadeild 13E.
Sigríður Magnúsdóttir, lyflækningadeild 12E.

Geðsvið

Díana Líz Franksdóttir, deild 13 Kleppi.
Ingibjörg Einarsdóttir, deild 14 Kleppi.
Kristín Þorbjörnsdóttir, deild 15 Kleppi.

Kvennasvið

Rósa Guðný Bragadóttir, Hreiðrið - fæðingadeild.
Sólveig Friðbjarnardóttir, sængurkvennadeild 22A.
Þórhildur Pálsdóttir, skurðdeild kvenna 23A.

Lyflækningasvið I

Alda Gunnarsdóttir, lungnadeild A-6.

Lyflækningasvið II

Gunnhildur Magnúsdóttir, dagdeild 11F.
Lilja Arnardóttir, krabbameinslækningadeild 11E.
Ingibjörg Fjölfnisdóttir, blóðlækningadeild 11G.
Þórunn M. Lárusdóttir, líknardeild Kópavogi.

Svæfinga- gjörgæslu- og skurðstofusvið

Herdís Alfreðsdóttir, skurðdeild 12CD.
Ríkka Mýrdal Einarsdóttir, svæfingadeild E-5.

Endurhæfingarsvið

Þórveig Hulda Bergvinsdóttir, endurhæfingar- og taugadeild R-2.

Öldrunarsvið

Sigrún Lind Egilsdóttir, öldrunarlækningadeild B-4.

Ráðningar yfirlækna á LSH 2000 - apríl 2002

Geðsvið

Engilbert Sigurðsson, almennar geðlækningar I.
Halldóra Ólafsdóttir, ferli- og bráðþjónusta.
Þórður Sigmundsson, almennar geðlækningar II.

Kvennasvið

Hildur Harðardóttir, meðganga, fæðing og sængurlega.

Lyflækningasvið I

Bjarni Þjóðleifsson, meltingarlækningar.
Gestur Þorgeirsson, hjartalækningar.
(Ráðinn þegar Guðmundur Þorgeirsson varð sviðsstjóri).
Guðmundur Þorgeirsson, hjartalækningar.
Gunnar Sigurðsson, efnaskipta og innkirtlalækningar.
Már Kristjánsson, smitsjúkdómalækningar.
Þórarinn Gíslason, lungnalækningar.

Lyflækningasvið II

Sigurður Björnsson, lyflækningar krabbameina.
Þórarinn E. Sveinsson, geislaalækningar.

Skurðlækningasvið

Eiríkur Jónsson, þvagfæraskurðlækningar.
Jens Kjartansson, lýtalækningar.
Halldór Jónsson jr., bæklunarskurðlækningar.
Margrét Oddsdóttir, almennar skurðlækningar.

Slysa- og bráðasvið

Jón Baldursson, slysa- og bráðalækningar.

Krabbameinsmiðstöð LSH

Helgi Sigurðsson KM-LSH.



BLÓÐSÖFNUNARBÍLL

Blóðbankinn og Rauði Kross Íslands innsigliðu
í árslok 2001 samkomulag um gjöf RKÍ á full-
komnum blóðsöfnunarbíl. Bíllinn verður afhentur
Blóðbankanum síðari hluta ársins 2002 og hefur
rekstur hans verið tryggður með yfirlýsingu
Landspítala - háskólasjúkrahúss þar að
lútanandi. Bíllinn verður ekki nákvæmlega
svona en eitthvað í áttina.



ENDURHÆFINGARSVIÐ

Helstu verkefni endurhæfingarsviðs eru umsjón og endurhæfing sjúklinga á legudeild á Grensá, þjónusta þjálfunar og ráðgjafar við vefrænar deildir LSH, göngudeildarþjónusta allra faghópa og hæfingarþjónusta við vistmenn í Kópavogi. Þjónustusamningur er milli framkvæmdastjórnar LSH og sviðsstjórnar endurhæfingarsviðs frá júní 2000 um starfsemi, stjórnun, afkastatengdar greiðslur, selda þjónustu og áherslur í þjónustu sviðsins. Samningurinn var endurnýjaður í júní 2001 og var umsjá hæfingarstarfsins í Kópavogi bætt við hann. Vinna við gerð samninga um selda þjónustu hófst árið 2001. Stefnt er að samningum við öll svið spítalans um sölu á veittri þjónustu sjúkraþjálfunar, iðjuþjálfunar, félagsráðgjafar, sálfræðiþjónustu og talþjálfunar.

Árið 2001 var unnið að stefnumótun á sviðinu og hún gefin út í nóvember. Fjallað var um hlutverk, framtíðarsýn og markmið starfseminnar. Vinna við eftirfylgd markmiða hófst í ársbyrjun 2002. Þau ná til þjónustu við sjúklinga, starfsreglna, menntunar og kennslu, rannsóknna, gæðastarfs, starfsmannamála, rekstrar, kynningarstarfs og almannatengsla.

Unnið var að opnun dagdeildar fyrir endurhæfingu krabbameinssjúklinga í Kópavogi. Það tókst ekki en þess í stað var hafin í ársbyrjun 2002 göngudeildarstarfsemi fyrir þjálfun sjúklinga sem greinst hafa með krabbamein.

Starfsstöðvar sviðsins eru í Fossvogi, á Grensá, við Hringbraut, í Kópavogi og á Landakoti. Sviðið skiptist í hjúkrun, þjálfun, ráðgjöf og lækningar.

Hjúkrun. Legudeild á Grensá. Þar er 24 rúma deild sem sinnir frumendurhæfingu sjúklinga með heilaskaða, mænuskaða, fjölværka, aflimun, nýja gerviliði og þeim sem þurfa endurhæfingu eftir langvarandi veikindi. Flestir sjúklinganna koma frá bráðadeildum. Deildin sinnir einnig eftirfylgd og mati einstaklinga með skaða á heila og mænu.

Hæfing í Kópavogi. Fjórar deildir og eitt sambyli fyrir um 28 þroskahefta og fjölfatlaða. Þar er m.a. rekin hjúkrunar- og öldrunardeild fyrir þroskahefta og heimilisdeild fyrir mikið fatlaða. Rekstur deildanna er frábrugðinn rekstri annarra deilda spítalans, enda um heimili að ræða. Vinnustofur eru reknar í tengslum við hæfinguna með forþjálfun og vinnuþjálfun auk einstaklingshæfingar fjölfatlaðra. Árið 2001 var tveimur deildum lokað og 1. júní var rekstur fjögurra sambyla fluttur frá LSH til svæðisskrifstofu Reykjaness.

Lækningar. Meginverkefni lækna er þjónusta við innritaða sjúklinga á Grensá og Kópavogi auk samráðskvaðninga á aðrar deildir LSH og göngudeildarþjónustu. Viðfangsefni lækna í Kópavogi hafa farið minnkandi í tengslum við breyttar áherslur þar.

Þjálfun. Starfsemi þjálfunar snýr að iðjuþjálfun og sjúkraþjálfun. Þjálfarar veita flestum legudeildum spítalans þjónustu. Afar misjafnt er hve mikla þjónustu hinar ýmsu deildir óska eftir. Starfsemin fer ýmist fram í húsnæði þjálfunar eða á legudeildum, eftir eðli viðfangsefna. Flestir starfsmenn þjálfunar eru staðsettir í Fossvogi og við Hringbraut og sinna þjónustu á bráðadeildum spítalans. Þjálfun á Grensá og Landakoti er hluti af langtíma endurhæfingu en þjónusta þjálfunar í Kópavogi er fyrst og fremst í hæfingu. Umfangsmikil göngudeildarþjónusta er veitt í sjúkraþjálfun. Nokkur tilfærsla hefur orðið á starfsfólki í tengslum við flutning á starfsemi á spítalanum.

Ráðgjöf. Samanstendur af félagsráðgjöf, sálfræðiþjónustu og talþjálfun. Þjónusta er veitt á flestum legudeildum LSH auk göngudeildarþjónustu. Félagsráðgjafar sameinuðust í eina starfseiningu í janúar 2001. Talmeinafræðingar sameinuðust einnig þá. Á því ári var jafnframt unnið að sameiningu sálfræðinga. Í apríl 2001 sameinuðust sálfræðingar á vefrænum deildum spítalans og tilheyra endurhæfingarsviði. Starfsmenn ráðgjafar veita fjölbreytta þjónustu á vefrænum deildum LSH og hafa leitast við að þróa hana í nánú samráði við starfsmenn viðkomandi deilda.



af spítalastarfinu

ELDHÚSIN SAMEINUÐ

Í ársbyrjun 2001 var rekstur eldhúsa á Landspítala - háskólasjúkrahúsi sameinaður og veitir Heiða Björg Hilmisdóttir starfseminni forstöðu. Með sameiningu er skipulag reksturs eldhúsa sjúkrahússins einfaldað verulega og samræmt. Þetta hefur m.a. haft í för með sér fækkun yfir- og millistjórnenda. Ein stjórn er nú yfir eldhúsunum, unnið er að gerð sameiginlegs matseðils, aukinni þjónustu eldhúsrekstrar, auk þess sem verið er að laga hana að óskum og þörfum sjúklunga og starfsfólks. Verkefni hafa verið flutt á milli framleiðslueldhúsa eftir því sem við hefur átt með það að markmiði að sameina alla matargerð í framleiðslueldhúsi við Hringbraut og auka hagræðingu í rekstri. Unnið hefur verið að tillögum um breytingar á eldhúsinu við Hringbraut, þannig að hægt verði að sinna þar allri framleiðslu á mat fyrir eldhús LSH. Einnig er í undirbúningi að breyta og bæta matsal starfsfólks við Hringbraut og á Grensási.



Eldhús LSH annast matargerð fyrir sjúklunga og starfsfólk spítalans. Það sér um rekstur matsala, sölu matvæla til deilda, veitingaþjónustu og innkaup og dreifingu á leirtaui fyrir stóran hluta deilda. Framleiðslueldhús eru við Hringbraut og í Fossvogi. Matsalir eru við Hringbraut, í Fossvogi, á Grensás, Landakoti, Kleppi og Ármúla 1A. Fyrstu mánuði ársins 2002 hefur matsölum á Arnarholti og Víflsstöðum verið lokað og matsal í Kópavogi 1. maí. Eldhúsin útbúa einnig mat fyrir börn á leikskóla sem er í rekstri Dagvistar barna og fyrir starfsfólk þvottahúss við Tunguháls.

Um 130 stöðugildi eru í eldhúsrekstri LSH og þar eru um 170 starfsmenn. Í eldhúsinu starfa næringarráðgjafar, matarfræðingar, matvælafræðingar, matreiðslumenn, matartæknar, ritarar og ófaglært starfsfólk.

VERKEFNI Á VEGUM SKRIFSTOFU HJÚKRUNARFORSTJÓRA



Hjúkrunarfræðingarnir Anna Soffía Guðmundsdóttir og Gerður Baldursdóttir ráku sem verktakar 22 rúma hjúkrunardeild í húsnæði deildar 32A á Hringbrautarlóð frá september 2000 og fram í janúar 2002, undir merkjum Lampans ehf. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið óskaði eftir því að LSH kannaði möguleika á að taka hjúkrunardeild fyrir aldraða í notkun þar til Sóltúnsheimilið yrði opnað síðla árs 2001. Jafnframt var gert ráð fyrir að efla sjúkrahótel og sjúkrahústengda heimaþjónustu.

Forstjóri LSH og framkvæmdastjóri hjúkrunar sömdu við Lampann ehf. um að reka hjúkrunardeild á 32A en einnig var samið sérstaklega um þjónustu sjúkrahjúfa og læknis af öldrunarsviði. Á þessu 14 mánaða tímabili dvöldu 65 einstaklingar á deildinni og þótti vel takast til með reksturinn. Hjúkrunarforstjóri samdi einnig við Lampann ehf um rekstur hvíldarinnlagna sumarið 2001. Boðið var upp á rými fyrir átján til nítján aldraða einstaklinga sem lögðust inn til hvíldar í samráði við Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar og öldrunarteymi LSH. Deild 33A var nýtt fyrir hvíldarinnlaginir.

Auk þessa var samið við Rauða kross Íslands um að fjölga rýmum á sjúkrahótelinu í 7 mánuði á ári um 20 og bjóða alls upp á 48 rými á 3. og 4. hæð hótelsins við Rauðarárstíg. Sem dæmi um hópa frá LSH sem nýta aðstöðu hótelsins má nefna einstaklinga í krabba-meinsmeðferð, fólk sem gengist hefur undir gervillíðasetningu og aldraða sem þarfnast frekari endurhæfingar og aðlögunar í heimilislegu umhverfi. Nær fullbókað hefur verið á sjúkrahótelinu flesta mánuði. Fólk af landsbyggðinni er að jafnaði um 65% dvalargesta.



BLÓÐBANKI

Blóðbankinn veitir alhliða þjónustu á sínu sérsviði með því að framleiða og afgreiða blóðhluta til stofnana á sviði heilbrigðisþjónustu um allt land. Hann sér um innköllun blóðgjafa, móttöku þeirra og blóðsöfnun í húsnæði sínu við Barónsstíg. Einnig er farið í blóðsöfnunarferðir víða um land. Sérstök blóðsöfnun, svo sem blóðfrumuskiljun hefur aukist á síðustu árum, sérstaklega blóðflögusöfnun fyrir valinn hóp sjúklinga.

Blóðbankinn var stofnaður árið 1953. Honum er skipt í rekstrarsvið, gæðatryggingu, blóðsöfnun, framleiðslu blóðhluta, þjónusturannsóknir og rannsóknir og nýsköpun.

Í gæðatryggingadeild er yfirumsjón alls gæðaeftirlits með framleiðslu og þjónustu. Þessi starfsemi hefur margfaldast síðustu árin í takt við alþjóðlegar kröfur. Að auki er í deildinni stýrt innra eftirliti gæðakerfisins, innri úttektum gæðakerfa og samskiptum við erlenda vottunaraðila.

Blóðhlutavinnsla miðar að því að framleiða sérhæfða blóðhluta, svo sem rauðkornaþykkni, plasma (blóðvökva) og blóðflögupykkni. Ennfremur eru framleiddar nýburaeiningar fyrir börn á vökudeild, blóðskiptablóð fyrir nýbura og hvítkornasiðir blóðhlutar fyrir valinn hóp sjúklinga. Veiruskimun allra blóðhluta fer fram í Blóðbankanum.

Blóðflokkun sjúklinga og blóðgjafa er framkvæmd í þjónusturannsóknnum Blóðbankans, ásamt krossprófun og mótefnaskimun. Viðtækt gæðaeftirlit með framleiðslu og vinnuferlum er til staðar. Vefjaflokkar eru hluti af þjónustu við sjúklinga sem þurfa ígræðslu líffæra og mergs, auk þess sem þær eru hluti af samstarfs-vekefnum á sviði grunnrannsókna.

Rannsóknir á sviði blóðmyndandi stofnfrumna fara fram í grunnrannsóknadeild. Jafnframt hefur verið undirbúið að veita þá þjónustu sem þarf við ígræðslu eigin stofnfrumna, þegar ákvörðun verður tekin þar að lútandi.

Blóðbankinn hefur síðan í mars 2000 alþjóðlega ISO-9002 vottun vegna starfsemi á sviði blóðsöfnunar, veiruskimunar, blóðflokunar og gæðaeftirlits. Einu sinni til tvisvar á ári fer fram úttekt á vegum alþjóðlegra aðila á þessu sérsviði.

Yfiræknir Blóðbankans situr í sérfræðinefnd Evrópuráðsins um málefni blóðbankaþjónustu. Starfsfólk Blóðbankans á aðild að norrænum starfshópum á nokkrum sérsviðum sinnar starfsemi, meðal annars nefnd Scandiatransplant um vefjaflokkar vegna líffæra- og stofnfrumuígræðslu.



af spítalastarfinu

VÍÐTÆKT FRÆÐSLUHALD

Endur- og símenntun starfsmanna með víðtæku fræðsluhaldi er eitt af meginviðfangsefnum skrifstofu starfsmannamála. Markmiðið er að gera stjórnendur og starfsmenn sem hæfastá til að gegna störfum sínum. Haldin eru lykilnámskeið fyrir starfsfólk í Starfsmannafélagi ríkisstofnana og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og sérstök námskeið fyrir starfsmenn Ellingar og stjórnendur þeirra. Námskeið eru fyrir starfsmenn sem eru að ljúka störfum vegna aldurs, kynningar fyrir nýbyrjað starfsfólk og sérstakar kynningar fyrir nýja erlenda starfsmenn. Erlendum starfmönnum er einnig boðið upp á starfstengd Íslenskunámskeið. Fræðsla fyrir stjórnendur á sjúkrahúsinu er líka mikil. Haldin hefur verið röð námskeiða fyrir framkvæmdastjórn og sviðsstjóra og önnur fyrir millistjórnendur.

TRÚNAÐARLÆKNIR OG STARFSMANNA- HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Trúnaðarlæknir veitir læknisfræðilega ráðgjöf um „heilsu, öryggi og vinnuumhverfi“ á samnefndri deild á skrifstofu starfsmannamála. Trúnaðarlæknir er starfsmönnum og yfirmönnum til ráðgjafar, til dæmis vegna endurtekinnna/langvarandi veikinda.

Trúnaðarlæknir er einnig læknisfræðilegur ráðgjafi varðandi heilbrigðisefirlit starfsmanna LSH. Linn Getz var árið 2001 ráðin trúnaðarlæknir LSH.

Starfsmannahjúkrunarfræðingur stuðlar að heilsuvernd, velliðan og öryggi starfsmanna samkvæmt starfsmannastefnu LSH og lögum um vinnuvernd. Meðal verkefna eru fræðsla og heilsuvernd starfsmanna, berklapróf og bólusetningar. Starfsmannahjúkrunarfræðingur boðar alla nýja starfsmenn í viðtal sem hefja störf við spítalann. Linda Björnsdóttir var árið 2001 ráðin starfsmannahjúkrunarfræðingur á skrifstofu starfsmannamála LSH.

ATHYGLISVERÐASTA RANNSÓKN UNGS VÍSINDAMANNS



Håvard Jakobsen, doktorsnemi á Rannsóknastofu Háskólans í ónæmisfræði, fékk viðurkenningu menntamálaráðherra fyrir athyglisverðustu rannsókn ungs vísindamanns sem kynnt var á X. ráðstefnu um rannsóknir í læknadeild. Håvard kynnti tvö verkefni, annað með erindi sem hann nefndi „Slímhúðarbólusetning með próteintengdum pneumókokkafjölsýkrum verndar mýs gegn pneumókokkasýkingum“, og hitt á veggspjaldi „Stökkbrigði af Eschericia coli gata-toxinum (LT) örvar aðallega myndun IgG2a og IgG3 mótefni eftir slímhúðarbólusetningu með próteintengdum pneumókokka fjölsýkrum í músum“. Rannsóknirnar voru unnar í samstarfi við vísindamenn í Frakklandi og á Ítalíu.

Håvard lauk B.S. prófi í líffræði frá Háskóla Íslands 1998 og hefur síðan unnið á Rannsóknastofu Háskólans í ónæmisfræði að rannsóknum til meistaraþrófs undir handleiðslu dr. Ingileifar Jónsdóttur, dósents við læknadeild. Rannsóknirnar hafa beinst að bólusetningum um nef til að verja mýs gegn pneumókokkasýkingum og hafa verið styrktar af Rannsóknánámssjóði og Rannsóknasjóði Háskólans.

Håvard er nú í doktorsnámi við læknadeild Háskóla Íslands og vinnur að rannsókn sem nefnist „Verndandi ónæmissvar í fullorðnum og nýfæddum músum eftir bólusetningu með mismunandi bóluefnum, ónæmisglæðum og bólusetningarleiðum“. Doktorsverkefnið er hluti af stærri rannsókn á bólusetningum nýbura gegn ýmsum sýklum sem herja á ungbörn, sem er samstarfsverkefni 15 rannsóknastofnana, lyfja- og líftæknifyrirtækja í Evrópu, styrkt af lífvísinda-áætlun Evrópusambandsins.



RANNSÓKNARSTOFNUN LSH

Rannsóknarstofnun Landspítala - háskólasjúkrahúss varð til í kjölfar sameiningar sjúkrahúsanna í Reykjavík þegar framkvæmdastjórn LSH ákvað þann 29. janúar 2001 að sameina rannsóknarstofnun Landspítalans við Hringbraut, rannsóknarstofnu spítalans í Fossvogi, svo og rannsóknastofur í sýkla- og veirufræði í Fossvogi. Unnið var að þeirri sameiningu á árinu 2001.

Í lok ársins hafði starfsemi veirufræðideildar í Fossvogi verið lögð niður og flutt á veirufræðideild í Ármúla 1a. Sýklafræðideild í Fossvogi var sameinuð sýklafræðideild við Hringbraut en starfsemin rekin áfram á báðum stöðum. Framkvæmdastjórn tók þá ákvörðun á árinu að stefnt skyldi að því að aðeins ein deild starfaði í hverri sérgrein. Unnið var að endurskipulagningu blóðmeinafræði og meinafræði á árinu en starfinu var ekki lokið í árslok. Jafnframt tók framkvæmdastjórn sjúkrahússins þá ákvörðun að breyta stöðu stofnunarinnar í skipuriti sjúkrahússins þannig að í stað þess að teljast sjálfstæður rekstur með sérstakri stjórn fengi stofnunin stöðu sviðs undir stjórn sviðsstjóra. Stjórn stofnunarinnar var lögð niður.

Nánnar tilgreint er forsaga Rannsóknarstofnunar LSH eftirfarandi: Fjármálaráðherra, heilbrigðisráðherra og borgarstjórnin í Reykjavík gerðu í september 1997 með sér samkomulag um að rekstur rannsóknarstofa stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík yrði gerður sjálfstæður og aðskilinn frá öðrum rekstri húsanna. Í kjölfarið voru fimm deildir rannsóknarsviðs sameinaðar í Rannsóknarstofnun Landspítalans. Þetta voru blóð-, meinafræði-, ónæmis-, sýkla- og veirufræðideildir. Rekstrarstjórn, skipuð forstöðumanni, rekstrarstjóra og yfirlæknum hinna einstöku deilda var falið dagleg framkvæmdastjórn stofnunarinnar. Þriggja manna stjórn var falið yfirstjórn stofnunarinnar. Frá janúar 2001 sameinaðist þessi stofnun rannsóknarstofu í Fossvogi. Helstu starfseiningar hennar voru klínískar blóðmeina- og lífefnafræðirannsóknir.

Hlutverk hinnar nýju Rannsóknarstofnunar LSH er óbreytt þrátt fyrir skipulagsbreytingar. Meginviðfangsefni hennar er að stunda þjónusturannsóknir á öllum sviðum lækningarannsóknna fyrir LSH og aðrar heilbrigðisstofnanir í Reykjavík. Hún er jafnframt bakhjarl allra annarra lækningarannsóknarstofa á landinu og fjölmargar sérhæfðar rannsóknir eru aðeins gerðar þar en ekki annars staðar.

Stofnunin gegnir einnig mikilvægu hlutverki við vísindarannsóknir í læknisfræði. Umtalsverð vísindastarfsemi fer fram á vegum starfsmanna Rannsóknarstofnunar LSH en hún aðstoðar einnig og hefur mikla samvinnu við vísindamenn utan stofnunarinnar.

Mikil fræðslu- og kennslustarfsemi fyrir heilbrigðisstéttir fer fram á Rannsóknarstofnun LSH og í tengslum við hana. Á stofnuninni starfa tveir prófessorar í læknadeild og sjö dósentar við Háskóla Íslands, flestir við læknadeild.



af spítalastarfinu

TÆPAR

80 MILLJÓNIR TIL HJARTALÆKNINGA

Stjórn Gjafa- og styrktarsjóðs Jónínu S. Gísladóttur úthlutaði í júní 2001 tæpum 80 milljónum króna til kaupa á tækjabúnaði vegna hjartalækninga á LSH, til stuðnings annari þjónustu við hjartasjúklinga og eflingar rannsóknna á hjartasjúkdómum. Sjóðurinn var stofnaður í júlí 2000 með 200 milljóna króna framlagi Jónínu S. Gísladóttur, ekkju Pálma Jónssonar í Hagkaupi. Meginhlutverk sjóðsins er að efla hjartalækningar á Landspítala - háskólasjúkrahúsi.

- Hjartapræðingartæki - 40 milljónir.

Þegar tilkynnt var um stórgjöf Jónínu var ákveðið að kaupa nýtt hjartapræðingartæki á spítalann.

- Hjartabilunardeild JSG.

Fé til að koma á fót göngudeild fyrir hjartabílaða.

- Rannsóknarstofa í hjarta- og æðasjúkdómum.

Fé til að koma upp hjartarannsóknarmiðstöð LSH til grunnrannsókna í hjarta- og æðasjúkdómum.

- ST-monitorar.

Fé til að kaupa ST-monitora á hina nýju hjartadeild 14E/G við Hringbraut til að fylgjast með blóðþurrð í hjarta kransæðasjúklinga.

Hjartapræðingartækið var formlega tekið í notkun 28. september 2001. Viðstödd athöfn af því tilefni voru meðal annarra Jónína S. Gísladóttir, Jón Pálmason sonur hennar og Magnús Pétursson forstjóri.



KOMUR Á BRÁÐAMÓTTÖKU VIÐ HRINGBRAUT VEGNA HJARTASJÚKDÓMA


Hjartasjúklingum sem heimsótt hafa bráðamóttöku við Hringbraut hefur fjölgað jafnt og þétt allan síðasta áratug. Svipuð þróun hefur átt sér stað í Fossvogi.

Vegna mikila breytinga sem orðið hafa á skipulagi sjúkráhusþjónustu í Reykjavík á þessu tímabili gefa slíkar starfsemiðölur frá einum stað ekki áreiðanlegar upplýsingar um nýgengi eða algengi hjartasjúkdóma í samfélaginu.

Aukningin er þó ótvíræð og á sér margar og flóknar orsakir: Breytt aldurssamsetning í þjóðfélaginu, bætt lífun kransæðasjúklinga, hækkandi algengi hjartabilunar og gáttatífs, einkum meðal aldraðra, miðsækni í þjónustu við hjartasjúklinga vegna tækniframfara o.s. frv.



Komur á bráðamóttöku
við Hringbraut vegna hjartasjúkdóma



af spítalastarfinu






KRANSÆÐAÞRÆÐINGAR KRANSÆÐAVÍKKANIR STOÐNET

Kransæðaþræðingar hófust á Landspítala árið 1977 og síðasta áratug voru þær stundaðar af miklum krafti bæði í Fossvogi og við Hringbraut en þessi starfsemi hefur nú sameinast á tveimur vel búnum þræðingastofum við Hringbraut.

Síðustu ár hefur heildarfjöldi þræðinga verið í kringum 1150. Mikil fjölgun hefur hins vegar orðið í kransæðavíkkunum sem komust yfir 500 árið 2001 og sjúklingum sem fá stoðnet í tengslum við kransæðavíkkana hefur einnig fjölgað hröðum skrefum. Stoðnet eru gerð úr örfinu, ryðfríu vírneti sem er þanið út innan kransæðanna í lok belgvíkkunar og haldast þannig útspennt það sem eftir er.

Vandamál sem tengjast rofi í æðavegg við víkkun, samfalli æðar í lok víkkunar og fleiri hafa að verulegu leyti verið leyst með þessari tækni. Þótt frumfjölgun og bandvefsmýndun innan á netinu geti þrengt æðina á ný og valdið einkennum hafa rannsóknir sýnt að þegar stoðnetum er beitt við réttar aðstæður og af þekkingu bæta þau mjög árangur kransæðavíkkana.

Í vaxandi mæli er farið að meðhöndla bráða kransæðastíflu með tafarlausrí víkkun og stoðnetsgræðslu þegar við á. Rannsóknir hafa sýnt að árangur af slíkri meðferð er betri en árangur af segaleysandi lyfja meðferð sem verið hefur kjörmeðferð við kransæðastíflu um árabil.



af spítalastarfinu



ENDURBÆTT HJARTA- OG LUNGNASKURÐSTOFA

Endurbótum og viðhaldi á skurðeild 12CD var haldið áfram árið 2001. Hjarta- og lungnaskurðstofan, skurðstofa 5, var endurnýjuð og færð í nýjan búning eins og iðnaðar- og tæknimönnum spítalans einum er lagið. Skurðstofan var endurnýjuð og búin nýjum skurðstofusúlum, ljósum, skurðborði og skipt um önnur tæki sem ýmist voru orðin of slitin eða úrelt.

Að endurnýjun lokinni er stofan sem ný og búin tækjum af nýjustu og bestu gerð og hæf til að þjóna við sífellt flóknari og stærri hjarta- og lungnaskurðaðgerðir. Þar má til dæmis nefna fullkominn myndbandsbúnað sem fékkst að gjöf á árinu frá A. Karlssyni hf. og komið var fyrir á skurðstofu 5.

NÝJUNGAR Í HJARTA-SKURÐLÆKNINGUM

Fjöl margar nýjungar í hjartaskurðlækningum voru teknar upp árið 2001. Hjartaskurðaðgerðir á sláandi hjarta voru meðal nýjunga sem náðu að festa sig í sessi.

Hjarta- og lungnaskurðeildin var meðal fyrstu hjartaskurðeilda í heiminum til að nýta þessa nýju tækni sem gagnast nú sífellt fleiri sjúklingum. Þessi tækni minnkar álagið af aðgerðinni á sjúklinginn, sem þolir hana þess vegna betur.


Farið var að nota nýja gerð af lífrænum hjartalokum, svokölluðum „stentless lokum“ og ígræðsla hafin með góðum árangri seinni hluta árs 2001. Hjarta- og lungnaskurðeildin varð þar með meðal fyrstu hjartaskurðeilda í heiminum til að hefja ígræðslu slíkra hjartaloka hjá stórum hluta sjúklinga sinna.

Sífellt fleiri hjartasjúklingar þarfnast ígræðslu eða viðgerðar á hjartalokum og kemur því ný og betri lífræn hjartaloka í góðar þarfir. Ígræðsla á þessari gerð hjartaloka er flóknari en ígræðsla fyrri gerða og þarf því lengri skurðstofutíma en áður. Endurnýjuð og fullkomin hjarta- og lungnaskurðstofa kemur þar að góðum notum.

RAFLÍFÆDLISFRÆÐILEGAR RANNSÓKNIR OG AÐGERÐIR

Miklar framfarir hafa orðið í greiningu og meðferð hjartsláttartruflana hin síðustu ár. Raflífeðlisfræðilegum rannsóknum og aðgerðum (brennslum) hefur fjölgað á LSH í takt við þessa auknu möguleika og auknu þekkingu. Raflífeðlisfræðilegar rannsóknir ganga m.a. út á það að þræða rafskaut inn í hólf hjartans og staðsetja uppsprettu taktrufllana. Stundum eiga meðfæddar aukabrautir innan rafleiðslukerfis hjartans sök á endurteknum taktrufllunum. Ef þær finnast er oft mögulegt að taka þær sundur, rjúfa rafleiðnina og lækna varanlega hjartsláttarköstin. Er þitt til þess hátíðnilygjum en í daglegu tali er aðgerðin kölluð „brennsla“.

Raflífeðlisfræðilegar rannsóknir og aðgerðir



af spítalastarfinu



GANGRÁÐSÍGRÆDSLUR GANGRÁÐSMÆLINGAR RAFLOSTGANGRÁÐAR


Þótt gangráðar séu orðnir gamalreynt úrræði við alvarlegum leiðslu-
truflunum í hjarta og hægum hjartslætti hafa miklar tækniáframfarir
hafi átt sér stað í gerð þeirra og starfshæfni. Þróunin hefur snúist um
að gera gangráðana færari um að örva hjartsláttinn þannig að
starfsgeta hjartans truflist sem minnst. Algengar gerðir gangráða
geta nú numið rafvirkni bæði í forhólfum og sleglum hjartans og
örvað þar sem þörfin krefur. Við það að gangráðarnir verða
flóknari eykst hins vegar vinnan við eftirlit og stillingar.

Á þriðja hundrað gangráða hafa verið græddir í sjúklinga
samtals á hjartadeildunum í Fossvogi og við Hringbraut
undanfarin ár.


Raflostgangráðar eru miklu sjaldgæfara úrræði en hefur
fjölgað mjög allra síðustu ár. Raflostgangráður hefur til
þess hæfni að greina lífshættulega taktruflun og gefa
síðan raflost sem oftast nægir til að koma sjúklingnum í
réttan takt og bjarga lífi hans.

Raflostgangráður er dýrt úrræði og umfangsmikið og
eingöngu beitt þegar endurteknar lífshættulegar takt-
truflanir hafa greinst við raflífeðlisfræðilegar
rannsóknir. Í rétt völdum tilfellum getur slíkur
raflostgangráður skilið milli lífs og dauða.


Gangráðsigræðslur



Gangráðsmælingar



Raflostgangráðar



af spítalastarfinu

RANNSÓKNAR- STOFNUN LSH

Blóðmeinafræðideild -

Meinefnafraeðideild - Ónæmisfræðideild -

Sýklafræðideild - Veirufraeðideild

Meginverkefni sýklafræðideilda eru þjónusturannsóknir á sviði sýklafræði fyrir LSH, aðrar heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi lækna. Er um að ræða greiningar á bakteríu-, sveppa- og snikjudýrasýkingum, ásamt faglegri ráðgjöf á þessum sviðum. Á síðastliðnu ári var óvenjumikið álag vegna MÓSA faraldurs á LSH, aukningar á sýkla-lyfjaónæmi og leit að miltisbrandsbakteríu í póstsendingum. Á deildinni er unnið að fjölmörgum verkefnum sem tengjast lýðheilsu, sýkingavörnum, kennslu, fræðslu og vísindarannsóknnum. Samvinna er við embætti sóttvarnalæknis um skráningu bakteríu- og snikjudýrasýkinga. Vísindastarfsemi og kennsla hafa aukist og voru nokkrir nemendur í BS, meistara- og doktorsnámi við deildina. Sérfræðingar og meinatæknar kenna sýklafræði við lækna-, lyfjafræði- og hjúkrunarfræðideildir HÍ og við meinatæknideild TÍ. Starfsemi sýklafræðideilda hefur verið til húsa á Landspítalalóðinni við Barónstíg og í Ármúla 1A. Þann 1. júní voru sýklafræðideildir LSH við Hringbraut og í Fossvogi sameinaðar.

Á rannsóknastofu Fv eru fjölbreyttar blóðmeina- og meinefnarannsóknir og leitast við að framkvæma þær á þann hátt og það fljótt að þær komi að sem bestum notum við sjúkdómsgreiningar og meðferð. Þá er það markmið rannsóknastofunnar að stunda og stuðla að vísindarannsóknnum og kenna lækna- og meinatæknanemum. Á árinu 2001 var heildarfjöldi rannsókna meiri en nokkru sinni áður eða rúmlega 1.050.000 og jókst hann um 5% miðað við árið 2000. Miklum breytingum og endurbótum á rannsóknastofum lauk síðla árs en eftir er að laga aðstöðu til sýnatöku úr göngudeildarsjúklingum. Afkastamikil tölvustýrð flæðilína til meinefnarannsókna var tekin í notkun á haustdögum og gerir hún rannsóknastofunni mögulegt að mæta vaxandi rannsóknafjölda.

Blóðmeinafræðideild var stofnuð sem rannsóknastofa í blóðmeinafræði 1961 til umsjónar blóðstorku- og blóðfrumurannsókna og ráðgjafar. Þungi klínískrar þjónustu var litill í byrjun en fór mjög vaxandi á síðustu 20 árum. Sérgreinin veitir læknum ráðgjöf um niðurstöður blóðrannsókna, og meðhöndlar góðkynja og illkynja blóðmeið (s.s. hvítblæði, eitilfrumkrabbamein, mergblanir, o.fl.) á legudeild 11E og göngudeild 11F. Blóðfrumu-, merg-, stofnfrumu- og vökvarannsóknastofur eru nú í K-byggingu og þar er einnig storkurannsóknastofan þar sem fram fer greining storkuvandamála. Kennsla læknanema og annarra heilbrigðisstétta og vísindarannsóknir á fræðasviðinu eru vaxandi þáttur í starfseminni. Greiningarþáttur heyrði á árinu 2001 undir Rannsóknarstofnun LSH og meðferðarþátturinn undir lyflækningasvið II. Frá og með 1. des. 2001 var deildinni skipt í blóðmeinafræðideild (rannsóknastofur á RLSH) og blóðlækningadeild (á lyflækns.sviði II). Jafnframt var formlega stofnuð miðstöð greiningar og meðferðar blæðara á blóðmeinafræðideild.

Meinefnafraeðideild annast þjónusturannsóknir, aðferðaþróun, kennslu, ráðgjöf og vísindavinnu. Starfseiningar eru bráðæfnarannsóknir, almennar efnarannsóknir, próteinrannsóknir, nýburaskimun og forburðarskimun, lyfjarrannsóknir, hormónarannsóknir og sameindalíffræði. Vaxandi áhersla var lögð á skimun og forvarnir með lífefna- og sameindalíffræðirannsóknnum m. a. vegna járn- ofhleðslu. Helstu tækjakaup voru alhliða efnagreiningartæki til ýmissa meinefna- og próteinrannsókna og fullkomin tækjasamstæða til ónæmisefnagreininga. Sá tækjabúnaður leiðir til aukinnar sjálfvirkni með samtengingu mælitækja. Unnið er margvíslegt gæðastarf og undirbúningur er í gangi fyrir faggingingu. Unnið var að margvíslegum vísindaverkefnum í samvinnu við ýmsa aðila. Starfsfólk annaðist kennslu og rannsóknarþjálfun í lífnavísindum og skyldum greinum fyrir margvíslega námshópa. Námsþjálfun meinatæknanema fór einnig fram á deildinni.

Sýklafræði	2001	Breyting frá 2000
Þvagræktanir	22.604	1,2%
Almennar ræktanir	12.079	33,9%
Öndunarfæraræktanir	6.731	-14,2%
Blóðræktanir	10.476	0,7%
Lekandaræktanir*	1.556	11,6%
Saurræktanir & Cl.diff.próf	5.828	-17,4%
Mænu- & liðvökvar	599	-21,6%
Klamýdíupróf með PCR**	15.468	6,2%
Svepparæktanir	2.748	13,9%
Berklaræktanir	798	7,8%
Greining bakteríustofna	261	-7,4%
Snikjudýrarannsóknir	1.243	-32,6%
Lyfjamælingar	853	-9,4%
Blóðvatnsrannsóknir	995	3,9%
Sýfilis - Luespróf	6.105	-2,4%
Fjöldi beiðna/sýna	83.106	1,8%
Fjöldi rannsókna á beiðni	1.06	-0,1%

Skýringar: * Innifalið er ureaplasma og mycoplasma ** innifalið Klamýdíuræktanir 2000 = 25 ræktanir

af spítalastarfinu

Verkefni **ónæmisfræðideildar** eru þjónusturannsóknir og klínísk ráðgjöf fyrir greiningu og meðferð á sjúklingum með sjúkdóma sem rekja má til bilana eða truflana á starfsemi ónæmiskerfisins. Helstu sjúkdómflokkar eru ónæmissjúkdómar, sjálfsöfnæmissjúkdómar, ónæmibilanir og æxli í ónæmiskerfinu. Þjónustan er á landsvísi í samstarfi við sérdeildir sjúkrahúsa og sérfræðinga og heilsugæslu-lækna. Kennsla er fyrir nemendum í læknisfræði, hjúkrunarfræði, lyfjafræði, líffræði og meinatækni. Rannsóknanam lækna og líffræðinga vex ört. Reynt er að samþætta sem mest þjónustu, kennslu og fræðilega starfsemi. Þannig hefur sérhver meinatæknir, líffræðingur og læknir deildarinnar sinnt því öllu í einhverjum mæli. Einnig er lögð áhersla á að þjónustan beinist að sjúklingum fremur en sýnum. Því hefur í vaxandi mæli verið boðið upp á sjúkdómsmiðuð rannsóknarferli sem hefjast með næmum skimprófum er geta leitt til sértækari prófa sem gjarna eru tilkuð í samráði við þann lækni sem sendir sýnið til greiningar. Verulegur hluti af starfi lækna deildarinnar felst í klínískri þjónustu og ráðgjöf á legu- og göngudeildum og einnig símleiðis.

Veirufraeðideild sinnir veirugreiningu fyrir sjúkrahús, heilsugæslu og starfandi lækna og annast kennslu heilbrigðisstétta. Helstu viðfangsefni vegna veirusóttu eru greining öndunarferasýkinga í börnum og fullorðnum og greining alnæmis og lífrarbolgna en þessar alvarlegu sýkingar fara vaxandi, einkum þær síðarnefndu vegna mjög aukinnar neyslu fikniefna í æð. Einnig greining á heila- og heilahimnubólgu, iðrakvefi og kynsjúkdómum, af völdum veira. Nán samvinna er við embætti sóttvarnalæknis um skráningu veirusýkinga og vandamála í veirufraeði og vörnum gegn veirusýkingum. Sýna fjöldi hefur aukist með ári hverju og tekin eru upp ný próf fyrir veirum þegar ástæða er til. Vísindarannsóknir eru snar þáttur í starfsemi.

Á **Ísótópastofu** fer fram fjölþætt starfsemi með notkun geislavirkra efna til greiningar og meðferðar sjúkdóma. Gerðar voru 2089 rannsóknir, og geislameðferð fór fram 89 sinnum. Er það í heild um 5% fækkun frá árinu 2000. Á árinu var í fyrsta sinn hér á landi reynd meðferð á liðbólgu í fingri með ísótópnum Er-169 og einnig var kannaður æðaförði (vascular reserve) eins sjúklings með því að gera blóðflæðirannsókn (SPECT) eftir gjöf á æðavíkkandi lyfi í vönu. Á árinu voru gerðar víðtækar endurbætur á húsnæði Ísótópastofu. Sér í lagi fór fram gagnger endurnýjun á aðstöðu þar sem blönduð eru geislavirk efnasambönd og þau gefin í æð. Með lagni tókst að haga þessum framkvæmdum þannig að ekki þurfti að loka stofunni nema einn dag, en óhjákvæmilega öllu þær nokkrum óþægindum og einhver samdráttur hefur orðið í starfsemi vegna þeirra.

Rannsóknarstofa Fv	2001	Breyting frá 2000
Fjöldi rannsókna	1.059.860	4,5%

Skýringar: Notast er við aðra aðferð til talningar á fjölda rannsókna hjá rannsóknastofu í FV. en hjá öðrum rannsóknastofum innan RLSH. Munur felst í hvort taldar er rannsóknaniðurstöður eða rannsóknabeiðni en sumar tegundir rannsókna gefa nokkrar rannsóknaniðurstöður samtímis. Aðferðarfræði talningar verður samræmd.

Meinefnafraeði	2001	Breyting frá 2000
Próteinrannsóknir	6.348	-12,6%
Bráðefna og almennar efnaranns.	423.658	6,6%
Lyfjarannsóknir	7.880	0,1%
Hormónarannsóknir	78.424	5,6%
Mælingar á PKU & TSH í nýburum	8.300	-4,7%
Rannsóknir í sameindalíffræði	144	22%
Fjöldi beiðna/sýna	139.521	0,2%
Fjöldi rannsókna á beiðni	3,76	5,7%

Blóðfræði	2001	Breyting frá 2000
Almennar blóðrannsóknir	87.045	-3,4%
Smásjárrannsóknir	15.279	-14,3%
Vökvarannsóknir	16.328	-8,9%
Storkurannsóknir	34.995	11,7%
Sérrannsóknir	369	5,4%
Flæðifrumusjármælingar	100	100%
Fjöldi beiðna/sýna	102.092	-0,2%
Fjöldi rannsókna á beiðni	1,51	-0,3%

Ónæmisfræði	2001	Breyting frá 2000
Rannsóknir alls:	36.394	5,6%
Fjöldi beiðna/sýna	9.165	4,8%
Fjöldi rannsókna á beiðni	3,97	0,7%

Veirufraeði	2001	Breyting frá 2000
Almennar veirurannsóknir	25.671	7,5%
Áhætturannsóknir	29.748	-3,1%
Fjöldi beiðna/sýna	18.825	4,2%
Fjöldi rannsókna á beiðni	2,94	-2,5%

Ísótópastofa	2001	Breyting frá 2000
Fjöldi rannsókna	2.178	-5,1%

af spítalastarfinu

SLYSA- OG BRÁÐAÞJÓNUSTAN Í TÖLUM

Nýkomur á slysa- og bráðadeild í Fossvogi og á Hringbraut voru rúmlega 66.000 árið 2001 og hefur fjölgað lítillega frá fyrra ári. Auk þess var fjöldi endurkoma á slysa- og bráðadeild í Fossvogi 4.249. Hlutfall veikra var 57% af komum á slysa- og bráðadeild en slasaðir voru 43%. Börn undir 18 ára aldri eru um 30% af þeim sem koma. Slösuðu börnin koma í Fossvog en þau veiku fara á Hringbraut.

Sex mánaða úrtak á komum sjúklinga á slysa- og bráðadeild í Fossvogi sýnir að meirihluti sjúklinga kemur á eigin vegum eða 55,6%, 25,6% koma í fylgd aðstandenda, foreldra, maka eða barna og 12,8% koma með sjúkrabíl. Þrír af hverjum fjórum sjúklingum taka sjálfir ákvörðun um að leita til slysa- og bráðadeilda í Fossvogi, skv. sama úrtaki. 15,4% þeirra sjúklinga sem leita þangað er vísað af læknum eða öðrum heilbrigðisstarfsmönnum.



Komur á slysa- og bráðadeild	2001	2000
Slysa- og bráðadeild í Fossvogi	49.926	49.121
Bráðamóttaka við Hringbraut	16.085	16.705
Endurkomur á sl.- og bráðad. Fv.	4.249	4.713
Samtals	70.260	70.539

Börn undir 18 ára á slysa- og bráðadeild	2001	af heild
Slysa- og bráðadeild í Fossvogi	14.522	27%
Bráðamóttaka við Hringbraut	6.390	40%

Hver tók ákvörðun um komu sjúklings	Hálfs árs úrtak
Eigin ákvörðun	75,2%
Tilvisandi læknir /aðrir heilbrigðisstarfsmenn	15,4%
Fékk ekki tíma hjá eða hefur ekki heimilislækni	0,2%
Lögregla	1,6%
Skóli / leikskóli	1,2%
Annað	6,5%

Flutningur og fylgd á slysideild Fv.

Hálfs árs úrtak	Hlutfall
Á eigin vegum	55.6%
Í fylgd skyldmenna	25.6%
Með sjúkrabíl	12.8%
Með lögreglu	1.9%
Með þyrlu	0.4%
Með flugvél	0.2%
Annað	3.7%

Skipting umferðarslysa	2001	2000	% breyt.
Í einkabifreið	2.409	2.385	1%
Í sendibifreið	53	83	-36%
Í vörubifreið / rútu	73	123	-41%
Flutningar	69	42	64%
Á bifhjóli	78	71	10%
Á reiðhjóli	56	46	22%
Fótgangandi	78	85	-8%
Ekki skráð	13	16	-19%
Samtals	2.829	2.851	-1%

af spítalastarfinu



Slösuðum úr umferðarslysum fækkaði um 0,8% frá árinu 2000.

Önnur athyglisverð breyting hefur átt sér stað á sama tíma, þar sem aldurshópurinn 20-24 ára er nú fjölmennastur en um árabíl hefur aldurshópurinn 15-19 ára verið fjölmennastur.


Konur eru, eins og áður, fjölmennastar í langflestum aldurshópum en sérstaklega áberandi frá 15 og upp í 35 ára aldur.

Eins og áður slasast langflestir í einkabífreid eða 2.409 einstaklingar árið 2001.


Komum vegna áverka eftir ofbeldi fækkaði um tæplega 100 miðað við árið 2000 eða um 5,8%. Karlar eru í miklum meirihluta og langfjölmennastir á aldrinum 20-24 ára. Flestir karlar hljóta sína áverka í nánd eða inni á skemmtistöðum en konurnar eru hins vegar beittar ofbeldi í heimahúsum.

Íþróttaslysum fjölgaði um 500 frá fyrra ári eða um tæplega 18%. Karlar eru mun fleiri en konurnar og einnig eldri þegar þeir slasast við sína íþróttaiðkun.


Íþróttaslys 2001



Komur vegna ofbeldis 2001



Umferðarslys 2001



af spítalastarfinu

SAMNINGUR UM HÁPRÝSTIKLEFA

Íslensk alþjóðlega þjónustufélagið ehf heldur áfram að sjá um og stjórna þjónustu í háþrýstlækningum í Fossvogi, samkvæmt endurnýjuðum samningi. Þjónustan hófst sem alþjóðlegt samstarf árið 1992 að ósk íslenskra stjórnvalda og hefur verið studd af ítalska utanríkisráðuneytinu. Að verkefninu stóðu í byrjun ítalski sjóherinn, Sikileyska köfunar- og háþrýstlækningafélagið í Palermo, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands og Borgarspítalinn. Íslensk alþjóðlega þjónustufélagið hf. var stofnað til að hafa umsjón með verkefninu. Vegna þess hefur verið háþrýstiklefi í Fossvogi frá 1993 á 2. hæð B-álm. Dr. Calcedonio Gonzales frá Palermo hefur verið yfirlæknir háþrýstiklefas en fyrir hans tilstilli fyrst og fremst komst á samstarfið við Ítali. Reynslan af þjónustunni hefur verið mjög góð og var samningurinn við Íslensk alþjóðlega þjónustufélagið endurnýjaður til ársloka 2006. Félagið sér til þess að í klefanum verði meðhöndluð bæði neyðartilfalli og einnig verði regluleg meðferð með aðstoð starfsfólks, þ.e. læknum, hjúkrunarfræðingum og tæknimönnum með sérþekkingu á köfunar- og háþrýstlækningum. Þá heldur félagið áfram að útvega lækni til að stjórna, hafa yfirumsjón með og bera ábyrgð á starfsemi í samráði við stjórnendur LSH. Íslensk alþjóðlega þjónustufélagið ábyrgist að hafa starfandi tvo lækna og/eða einn lækni og einn hjúkrunarfræðing, einn tæknimann og einn ritara út samningstímabilið.

ÖFLUGUR VÍSINDASJÓÐUR

Allir háskólamenntaðir starfsmenn LSH eiga aðild að vísindasjóði Landspítala - háskólasjúkrahúss sem stofnaður hefur verið. Tilgangur sjóðsins er að styrkja og efla vísindarannsóknir, athuganir og tilraunir í vísindalegum tilgangi á LSH eða í náinni samvinnu við sjúkrahúsið. Stofnfé var 36 milljónir króna. Stærstur hluti þess er kominn til vegna eigna sjóðs sem stofnaður var til minningar um Þórð Sveinsson lækni og Þórð Úlfarsson flugmann. Í sjóðinn runnu einnig eignir vísindasjóðs Landspítalans. Tekjur sjóðsins verða árlegir fjármunir sem koma í hlut stofnunar og starfsmanna hennar með samstarfi við einkafyrirtæki og rannsóknarstofnanir. Til að tryggja fjárhagsstöðuna enn frekar ákvað stjórnarnefnd að leggja fé í sjóðinn. Þess er væntst að árlega verði hægt að veita um 30 milljónir króna í styrki til vísindaverkefna.

SMITSJÚKDÓMADEILDIR SAMEINADAR

Smitsjúkdómadeildir sjúkrahússins sameinuðust 1. september 2001. Um vorið voru sýkla- og veirugreiningadeildir smitsjúkdómadeildarinnar í Fossvogi sameinaðar tilsvarendi deildum Rannsóknastofnunar LSH. Nýju deildinni var fundinn staður í Fossvogi í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar. Skrifstofur sérfræðinga smitsjúkdómadeilda eru þar á 8. og 9. hæð. Viðfangsefni smitsjúkdómadeilda eru mörg. Í fyrsta lagi sinna sérfræðingar deildarinnar sjúklingum á deild A-7 en auk þess hefur verið skipulögð öflug ráðgjöf smitsjúkdómalækna í báðum megin húsum starfseminnar. Sérfræðingar deildarinnar stunda kennslu læknanema og annarra nema á háskólastigi í heilbrigðisvísindum, þar með talið rannsóknartengt nám lækna, líffræðinga og meinatækna. Rekin er göngudeild fyrir sjúklinga með tilkynningaskylda sjúkdóma í samræmi við lög. Á árinu 2002 er stefnt að því að sameina alla göngudeildarstarfsemi smitsjúkdómalækna við göngudeild í Fossvogi.

BÆKUR UM SORG OG SÁLGÆSLU

Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur fjallar um sorgina í bók sinni, „Sorg í ljósi lífs og dauða“. Í henni eru greinar, fyrirlestrar og ljóð höfundar frá 1989 til 2001. Tilgangur bókar sr. Braga er að vekja umræðu um sorgina í ljósi lífs og dauða. Efnisþættir bókarinnar eru meðal annars missir barna, sjálfsvíg, fósturlát, líkbrensla, bernsku-áföll og sorgarferli í ýmsu samhengi.



Sr. Sigfinnur Þorleifsson sjúkrahúsprestur er höfundur bókarinnar „Nærvera - nokkrir sálgæsluþættir“ sem kom út hjá Skálholts-útgáfunni 2001. Í bókinni er komið inn á margt af því sem sálusorgari fæst



við í samfylgd sinni með sóknarbörnum, þ.e. í samskiptum prests og þess sem til hans leitir. Meðal annars er fjallað um sorgina, fyrirgefninguna og hvernig hægt er að nota bókmenntir til að hjálpa sjálfum sér og öðrum í erfiðleikum. Kveikjan að bókinni var sú að sr. Sigfinnur slasaðist og þurfti sjálfur að dvelja lengi á spítalanum meðan hann var að jafna sig.



ÁRSREIKNINGUR 2001

Staðfesting ársreiknings

Stjórn Landspítala - háskólasjúkrahúss og forstjóri staðfesta hér með ársreikning sjúkrahússins fyrir árið 2001 með áritun sinni.

Reykjavík 2. maí 2002

Guðný Sverrisdóttir
formaður stjórnarnefndar

Magnús Pétursson
forstjóri

Stjórnarnefnd:

Esther Guðmundsdóttir
Ari Skúlason

Hanna Birna Kristjánsdóttir
Már Kristjánsson

Pálmi Ragnar Pálmason
Egill T. Jóhannsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnarnefndar Landspítala - háskólasjúkrahúss

Við höfum endurskoðað ársreikning Landspítala - háskólasjúkrahúss fyrir árið 2001. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sjóðstreymi ásamt skýringum og sundurliðunum nr. 1-14. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjúkrahússins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og starfsskyldur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Landspítala - háskólasjúkrahúss á árinu 2001, efnahag 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög og góða reikningskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 2. maí 2002

Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi

Sigurjón I. Haraldsson



REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2001

Fjárhæðir í þúsundum króna	Skýringar	2001	2000
Tekjur:			
Sérfræðipjónusta.....	2	757.172	511.940
Aðrar tekjur.....	3	682.912	564.268
<i>Tekjur alls:</i>		<u>1.440.084</u>	<u>1.076.208</u>
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld.....	4	14.554.652	13.568.831
Vörukaup.....	5	4.767.985	3.508.254
Aðkeypt þjónusta.....	6	2.044.880	1.721.314
Annar rekstrarkostnaður.....	7	141.060	142.739
<i>Rekstrargjöld samtals:</i>		<u>21.508.577</u>	<u>18.941.138</u>
Eignakaup.....	8	147.752	185.443
Stofnkostnaður og meiriháttar viðhald.....	9	1.048.564	782.701
<i>Gjöld alls:</i>		<u>22.704.893</u>	<u>19.909.282</u>
Tekjuafgangur (halli) án fjármagnsliða.....		(21.264.809)	(18.833.074)
Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld).....	10	<u>19.340</u>	<u>6.712</u>
Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags.....		(21.245.469)	(18.826.362)
Framlag úr ríkissjóði.....		20.758.000	18.772.919
Tekjuafgangur (halli).....		<u>(487.469)</u>	<u>(53.443)</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2001

Fjárhæðir í þúsundum króna	Skýringar	31.12 2001	01.01 2001
Eignir			
Ríkissjóður	12	23.723	113.420
Veltufjármunir:			
Aðrar skammtímakröfur		612.069	454.124
Birgðir	11	234.638	216.447
Sjóðir og bankainnistæður		110.507	221.335
<i>Veltufjármunir samtals:</i>		957.214	891.906
Eignir alls:		980.937	1.005.326
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
Eigið fé:			
Höfuðstóll:			
Höfuðstóll í ársbyrjun		(393.711)	(340.268)
Tekjuafgangur (halli)		(487.469)	(53.443)
<i>Höfuðstóll samtals:</i>	13	(881.180)	(393.711)
Annað eigið fé:			
Endurmat		(5.902)	(5.902)
Framlag til eignamyndunar		180.494	180.494
<i>Annað eigið fé samtals</i>		174.592	174.592
<i>Eigið samtals:</i>		(706.588)	(219.119)
SKULDIR			
Langtímaskuldir:			
Langtímaskuldir samtals		36.804	52.132
-næsta árs afborgun		(18.402)	(20.595)
<i>Langtímaskuldir samtals:</i>		18.402	31.537
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir	14	1.650.721	1.172.313
Næsta árs afborgun af langtímaláni		18.402	20.595
<i>Skammtímaskuldir samtals:</i>		1.669.123	1.192.908
Skuldir og eigið fé alls:		980.937	1.005.326



SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2001

Fjárhæðir í þúsundum króna	2001	2000
Handbært fé frá rekstri		
(Halli) tekjuafgangur.....	(487.469)	(53.443)
<i>Veltufé frá rekstri:</i>	(487.469)	(53.443)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun.....	(157.945)	65.940
Birgðir, (hækkun) lækkun.....	(18.191)	4.585
Viðskiptaskuldir, hækkun (lækkun).....	476.215	(130.414)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:	300.079	(59.889)
<i>Handbært fé frá rekstri</i>	(187.390)	(113.332)
Fjármögnunarhreyfingar		
Breyting á greiðslustöðu ríkissjóðs:		
Framlag ríkissjóðs.....	(20.758.000)	(18.772.919)
Greitt úr ríkissjóði.....	20.847.697	18.741.248
<i>Breyting á greiðslustöðu við ríkissjóð</i>	89.697	(31.671)
Breyting á langtímalánum.....	(13.135)	13.578
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>	76.562	(18.093)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	(110.828)	(131.425)
Handbært fé í ársbyrjun.....	221.335	352.760
Handbært fé í árslok	110.507	221.335



SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskil Landspítala - háskólasjúkrahúss eru með sama hætti og almennt tíðkast hjá A-hluta stofnunum ríkisins. Þannig eru áhrif almennra verðbreytinga á rekstur ekki færð í ársreikninginn. Eignir eru gjaldfærðar þegar þær eru keyptar og ekki færðar upp í efnahagsreikningi. Í samræmi við ákvörðun laga um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997 er framsetning ársreikningsins í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga nr. 144/1994 og reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996.

Ársreikningur Landspítala - háskólasjúkrahúss samanstendur af fjárlagalið 08-373 í fjárlögum ársins 2001.

Ársreikningur hlutafélagsins Sjúkrahúsapótekið ehf er birtur í E-hluta ríkisreiknings eins og háttar til með hlutafélag í eigu ríkisins og er því ekki meðtalinn í ársreikningi LSH.

Bókhald og fjármál

Bókhald Landspítala - háskólasjúkrahúss er fært hjá stofnuninni í samræmi við samræmdan bókhaldslykil ríkisstofnana. Auk þess sér stofnunin um allar fjárreiður sem og starfsmannahald. Laun eru unnin hjá stofnuninni og færð í launakerfi hennar.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna stofnunarinnar eru áhvilandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs eru lífeyrisskuldbindingar ekki færðar í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði. Lífeyrisskuldbindingar vegna núverandi og fyrirverandi starfsmanna Landspítala - háskólasjúkrahúss hafa ekki verið reiknaðar sérstaklega. Viðbótariðgjald í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er innborgun á framtíðarskuldbindingar.

Orlof

Áunnið orlof tímabilið maí til desember 2001 hefur ekki verið reiknað út og er því ekki fært í bókhald Landspítala - háskólasjúkrahúss. Þá hefur ekki verið áætlað fyrir frítökurétti starfsmanna vegna EES samkomulagsins. Þetta er í samræmi við reikningsskilavenjur stofnana ríkisins.

Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum til Landspítala - háskólasjúkrahúss fyrir árið 2001 námu 18.363 m.kr. Viðbótarheimildir samkvæmt fjárlagaliðum vegna launabóta og leiðréttinga sem voru millifærðar af öðrum fjárlagaliðum námu 2.395 m.kr. Þar af var viðbótarheimild í fjárlagaliðum 216 m.kr., tilfærsla frá Tryggingastofnun 819 m.kr. vegna S-merktra lyfja, launabætur 628 m.kr., leiðrétting á sértekjum 637 m.kr., aðrar millifærslur til stofnunarinnar 137 m.kr. og 42 m.kr. tilfærsla frá LSH til lækunar. Fjárheimildir ársins 2001 námu því samtals 20.758 m.kr.

Heildargjöld að frádregnum tekjum á árinu 2001 námu samtals 21.245 m.kr. og eru því 487 m.kr. umfram heimildir ársins.

Sundurliðun fjárheimilda greinist skv. eftirfarandi samanborið við rekstramiðurstöðu og fjárlög ársins:

Í m. kr.	Reikningur	Fjárheimild	Fjárlög 2001
Launagjöld.....	14.555	14.836	14.120
Önnur rekstrargjöld.....	6.987	6.170	5.174
Sértekjur.....	(1.445)	(1.249)	(1.886)
	20.097	19.757	17.408
Eignakaup.....	148	166	166
Stofnkostnaður og meiriháttar viðhald.....	1.049	835	789
Sértekjur v/stofnkostnaðar.....	(48)		
Samtals:	21.245	20.758	18.363



Fasteignir og aðrar eignir utan efnahagsreiknings

Fasteignir sem tilheyra Landspítala - háskólasjúkrahúsi eru ekki eignfærðar í ársreikningi. Í árslok nam fasteignamat þessara fasteigna tæpum 9,4 milljörðum króna og brunabótamat um 13,3 milljörðum króna. Eignirnar greinast á eftirfarandi hátt í þús.kr.

Landspítali - háskólasjúkrahús	Fasteignamat	Brunabótamat
í þús. kr.		
Hringbraut.....	3.394.376	4.817.507
Fossvogur.....	2.402.352	3.433.465
Landakot.....	694.893	919.121
Kópavogur.....	773.206	739.765
Kleppur.....	443.647	666.038
Vífilsstaðir.....	195.054	671.672
Grensás.....	338.810	501.911
Arnarholt.....	135.076	354.556
Aðrar eignir.....	1.000.864	1.208.669
Samtals:	9.378.278	13.312.704

Samkvæmt eignaskrá í árslok 2001 er verðmæti varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum afskriftum um 1,3 milljarður króna.

2. Sérfræðipjónusta

Tekjur vegna seldrar sérfræðipjónustu nema 757 m.kr. en það eru aðallega tekjur af seldum rannsóknum á rannsóknarstofum og röntgendeildum, tekjur af komum á göngudeildir og slysa- og bráðadeild. Þá er innifalið í sérfræðipjónustu, þjónusta glasafrjónunardeildar, sjúkrapjálfun og réttarkrúfningar.

3. Aðrar tekjur

í þús.kr.	2001	2000
Daggjöld.....	181.621	153.848
Selt fæði.....	91.698	92.515
Rannsókn- og þróunarverkefni.....	86.334	11.828
Önnur seld þjónusta.....	72.691	97.913
Framlög opinberra aðila.....	89.212	52.710
Framlög og gjafir.....	35.176	10.781
Vörusala.....	67.333	98.285
Leigutekjur.....	41.639	36.429
Sala eigna.....	16.428	2.689
Aðrar tekjur.....	780	7.270
Samtals:	682.912	564.268

4. Laun og launateng gjöld

Launagjöld nema alls 14.555 m.kr., þar af eru launateng gjöld 2.156 m.kr. Þetta er stærsti útgjaldaliður Landspítala - háskólasjúkrahúss eða 64% af heildargjöldum. Stöðugildi árið 2001 voru 4.019 að ársmeðaltali.

í þús. kr.	2001	2000
Dagvinnulaun.....	7.977.315	7.441.331
Yfirvinna.....	2.767.738	2.836.121
Álagsgreiðslur.....	1.298.350	1.181.441
Önnur laun.....	355.600	182.508
Launateng gjöld.....	2.155.649	1.927.430
Samtals:	14.554.652	13.568.831



5. Vörukaup

Á árinu 2001 námu vörukaup 4.768 m.kr. Þar af eru lyf, rannsóknavörur, hjúkrunar- og lækningavörur tæp 76% eða samtals 3.610 m.kr. Kostnaður vegna S-merktra lyfja, sem eru eingöngu notuð á sjúkrahúsum, fluttist frá Tryggingastofnun ríkisins á árinu og var því ekki meðtalinn í útgjöldum fyrra árs.

Af lækninga-, hjúkrunar- og rannsóknavörum er stærsti kostnaðarliður ýmsar einnota spítalavörur og áhöld um 664 m.kr. og rannsóknavörur 448 m.kr. Þá falla undir þennan kostnaðarlið m.a. hjartagagnráðar, hjartalokur, dauðhreinsaðar vörur, blóðskilunavörur, raförvar til ígræðslu, blóðpokar, frumuskiljur, skurðstofuáhöld, hjálpartæki og gervihlutir.

Í þús. kr.	2001	2000
Lækninga-, hjúkrunar- og rannsóknavörur.....	1.631.202	1.384.589
S-merkt lyf.....	1.011.368	
Lyf	967.420	934.402
<i>Samtals:</i>	<i>3.609.990</i>	<i>2.318.991</i>
Matvæli.....	420.933	417.549
Tæki, áhöld, varahlutir.....	184.053	222.808
Orkugjafar.....	188.026	175.482
Tímaritaáskrift, bækur og skrifstofuvörur.....	148.616	139.798
Önnur vörukaup.....	216.367	233.626
<i>Alls:</i>	<i>1.157.995</i>	<i>1.189.263</i>
Samtals:	4.767.985	3.508.254

6. Aðkeypt þjónusta

Keypt þjónusta á árinu 2001 nam 2.045 m.kr. Til sérfræðikaupa teljast m.a. aðkeyptar innlendar og erlendar rannsóknir, samningur um rekstur hjúkrunardeildar, þjónustusamningar m.a. vegna hugbúnaðar og þjónustu sérfræðinga.

Til verkkaupa telst kostnaður vegna aðkeyptra iðnaðarmanna, verkstæða, viðgerða og viðhalds á vélum og lækningatækjum. Leigugjöld eru m.a. rekstrarleiga, afnotagjald af línum, símakostnaður og húsaleiga.

Í þús.kr.	2001	2000
Sérfræðikaup.....	605.407	383.286
Verkkaup.....	476.605	519.246
Leigu og afnotagjöld.....	391.625	331.777
Ferðir, fundir, risna o.fl.	245.982	206.468
Aðkeyptur akstur.....	151.651	160.427
Annað.....	173.610	120.110
Samtals:	2.044.880	1.721.314

7. Annar rekstrarkostnaður

Í þús. kr.	2001	2000
Opinber gjöld og tryggingar.....	46.578	49.189
Framlag til rannsókna.....	66.832	25.450
Aðrar tilfærslur.....	16.591	17.245
Afskrifaðar kröfur.....	11.059	50.855
Samtals:	141.060	142.739

8. Eignakaup

Í þús. kr.	2001	2000
Áhöld, húsgögn, skrifstofuáhöld.....	123.431	149.845
Lækninga- og rannsóknataeki.....	24.228	33.819
Annað.....	93	1.779
Samtals:	147.752	185.443

9. Stofnkostnaður

Á árinu 2001 námu útgjöld vegna stofnkostnaðar og meiriháttar viðhalds alls um 1.048 m.kr. Stærsti hlutinn eru framkvæmdir við barnaspítala, legudeildir og skurðstofur. Endurnýjun og lagfæringar á legudeildum voru í A-álmu í Fossvogi, á legudeildum við Hringbraut auk líknardeildar á Landakoti, sem að hluta var styrkt af Framkvæmdasjóði aldraðra. Þá var unnið að lagfæringum á rannsóknarstofu í Fossvogi, Ísótópastofu og hjartaþræðingardeild við Hringbraut. Stofnkostnaður skiptist þannig á einstök verkefni:

Í þús.kr.	2001	2000
Barnaspítali.....	293.871	196.491
Tækjakaup.....	221.803	247.338
Legudeildir.....	221.981	
Skurðstofur.....	109.696	
Rannsóknarstofur.....	53.160	
Utanhúsviðhald og stofnlagnir.....	34.699	
Símstöð.....	56.818	
Fossvogur.....		202.507
Hringbraut.....		82.616
Framtíðarskipulag.....	19.079	11.362
Skrifstofuhúsnæði.....	17.545	20.150
Annað.....	19.912	22.237
Samtals:	1.048.564	782.701

10. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Í þús.kr.	2001	2000
Vaxtatekjur.....	52.505	45.363
Vaxtagjöld.....	(33.165)	(38.651)
Samtals:	19.340	6.712

11. Birgðir

Í árslok 2001 nam verðmæti birgða 235 m.kr. sem greinast á eftirfarandi hátt:

Í þús.kr.	2001	2000
Lyf.....	0	33.847
Lækninga- og hjúkrunarvörur.....	127.164	96.145
Rannsókn- og röntgenvörur.....	64.077	47.161
Rekstrarvörur.....	39.397	33.427
Matvæli.....	4.000	5.867
Samtals:	234.638	216.447



12. Ríkissjóður

Í efnahagsreikningi er birt viðskiptastaða Landspítala - háskólasjúkrahúss gagnvart ríkissjóði. Þessi staða sýnir mismun á milli ríkisframlags og raunverulegra greiðslna úr ríkissjóði. Í árslok 2001 átti spítalinn 23.7 m.kr. hjá ríkissjóði, en í ársbyrjun nam inneignin 113.4 m.kr.

13. Höfuðstóll

Höfuðstóll Landspítala - háskólasjúkrahúss sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í árslok 2001 hafði spítalinn ráðstafað um 881 m.kr. meira til útgjalda en heimildir gerðu ráð fyrir og staðan versnað um 487 m.kr. frá árinu á undan eða sem nam tekjuhalla ársins.

14. Viðskiptaskuldir

Viðskipaskuldir eru 1.669 m.kr. í árslok 2001 og hafa aukist um 476 m.kr. frá fyrra ári. Skuldir eru nær eingöngu við innlenda birgja vegna kaupa á vöru, búnaði og þjónustu. Gjöld umfram fjárveitingar skýra hækkun á viðskiptaskuldum.




HELSTU REKSTRARTÖLUR

Tekjur og rekstrargjöld á föstu verðlagi		fjárhæðir í þús.kr.		2001	2000
Tekjur:					
Sérfræðipjónusta	1	757.172		546.752	
Aðrar tekjur	1	682.912		602.638	
Tekjur alls:		<u>1.440.084</u>		<u>1.149.390</u>	
Gjöld:					
Laun og launatengd gjöld	2	14.554.652		14.870.744	
Vörukaup	1	3.756.617		3.746.815	
S-merkt lyf		1.011.368		0	
Keypt þjónusta	1	2.044.880		1.838.363	
Annar rekstrarkostnaður	1	141.060		152.445	
Rekstrargjöld samtals		<u>21.508.577</u>		<u>20.608.368</u>	
Eignakaup	1	147.752		198.053	
Stofinkostnaður	3	1.048.564		831.228	
Gjöld alls:		<u>22.704.893</u>		<u>21.637.650</u>	
Gjöld umfram tekjur án fjármagnsliða		(21.264.809)		(20.488.260)	
Gjöld án S-merktra lyfja		(20.253.441)		(20.488.260)	
Hlutfallsleg lækkun raunkostnaðar milli ára				<u>-1,2%</u>	<u>-0,6%</u>

1. Vísitala neysluverðs án húsnæðis hækkaði á einu ári um 6,8%
2. Launavísitala opinberra starfsmanna og bankamanna hækkaði á einu ári um 9,59%
3. Vísitala byggingarkostnaðar hækkaði á einu ári um 6,2%

Rekstrargjöld -skipt eftir sviðum <small>Fjárhæðir í m.kr.</small>	Launagjöld	Rekstrar- kostnaður	Rekstrar- gjöld alls	Hlutfallsleg skipting
Yfirstjórn	273	66	339	1,6
Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga	339	90	429	2,0
Skrifstofa tækni og eigna	1.565	1.813	3.378	15,7
Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar	95	76	172	0,8
Barnasvið	691	123	814	3,8
Kvennasvið	739	136	875	4,1
Geðsvið	1.801	191	1.992	9,3
Lyflækningasvið I	1.785	808	2.593	12,1
Lyflækningasvið II	367	107	474	2,2
Skurðlækningasvið	1.557	388	1.945	9,0
Svæfinga-, gjörgæslu- og skurðst.svið	1.231	706	1.937	9,0
Klínískt þjónustusvið	814	460	1.275	5,9
Slysa- og bráðasvið	728	140	868	4,0
Öldrunarsvið	663	129	792	3,7
Endurhæfingarsvið	778	87	865	4,0
Blóðbanki	164	129	293	1,4
Rannsóknarstofnun LSH	838	416	1.254	5,8
Utan sviða - óreglulegir liðir	127	1088	1.215	5,6
	14.555	6.953	21.508	100

Skipting ársverka milli sviða



YFIRLITSTÖLUR


Starfsfólk LSH 2001 M.v. alla starfsmenn sem hafa fengið greitt á árinu	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Stöðugildi	Fjöldi	Stöðugildi
Yfirstjórn / Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga	85	54,4	218	138,2
Skrifstofa tækni og eigna	442	227,2	771	361,3
Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar	7	5,0	44	27,0
Barnasvið	44	25,1	218	95,3
Kvennasvið	18	13,3	264	149,2
Geðsvið	506	134,6	626	282,8
Lyflækningasvið I	175	94,5	711	329,2
Lyflækningasvið II	34	18,3	180	99,4
Skurðlækningasvið	108	63,9	421	201,3
Svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusvið	63	44,6	336	215,7
Klínískt þjónustusvið	62	33,6	278	161,3
Slysa- og bráðasvið	52	23,5	305	135,4
Öldrunarsvið	43	23,4	426	201,2
Endurhæfingarsvið	68	22,8	378	187,7
Blóðbanki	13	9,4	52	33,8
Rannsóknarstofnun LSH	42	34,2	280	193,8
Utan sviða - óreglulegir liðir	47	27,4	442	214,8
Samtals	1.809	855,2	5.950	3.027,3
Þar af tímavinnufólk	227		438	

Störf á LSH 2001 M.v. alla starfsmenn sem hafa fengið greitt á árinu	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Stöðugildi	Fjöldi	Stöðugildi
Læknar	589	350,9	217	108,9
Hjúkrunarfræðingar	30	20,7	1.554	867,3
Ljósmeður	0	0,0	129	82,4
Sjúkraliðar	25	17,5	766	362,8
Þjálfun	16	7,5	161	106,6
Rannsóknir	37	27,0	374	259,6
Ráðgjöf	23	17,6	98	68,7
Rítarar	3	1,8	388	224,9
Leikskólakennarar	0	0,0	12	7,6
Matvælafræðingar	10	2,7	50	35,6
Apótek	4	1,3	36	3,5
Iðnaðarmenn	59	52,7	2	1,9
Tæknimenn	21	12,9	5	2,1
Forstöðumenn	28	27,8	22	19,0
Skrifstofustörf	91	60,8	418	236,4
Ófaglærðir	861	253,5	1.637	617,7
Ýmis störf	9	0,2	26	3,2
Nemar	3	0,3	55	19,2
Samtals	1.809	855,2	5.950	3.027,3
Þar af tímavinnufólk	227		438	



Rúmum fækkar enn á legudeildum

Fjöldi legurýma hefur lengi verið mælikvarði á stærð sjúkrahúsa. Skráning legurýma spítalans hefur verið endurskoðuð og yfirfarin. Skráðum legurýmum fækkaði á árinu 2001 um 10% frá árinu áður en virk legurými voru nokkuð færri. Á miðju ári fluttust 20 skjólstæðingar hæfingar í Kópavogi frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis. Fækkun legurýma er rúmlega 8,5% þegar tekið hefur verið tillit til þess.




Legum fjölgar en legudögum fækkar og meðallegutími stytst

Innlögnum á spítalann fjölgaði um 2,1% á einu ári en legudögum fækkaði um rúmlega 19.000 eða tæplega 6%. Meðallegutími á spítalanum hefur því styst um 0,7 legudaga eða 7,8%. Meðallegutími var 9,3 dagar árið 1999 en fór niður í 8,3 árið 2001. Legusjúklingar voru að meðaltali 828 á degi hverjum árið 2001, 50 færri en árið á undan. Legusjúklingar voru að meðaltali 919 á degi hverjum árið 1999. Innlögnum fjölgaði á lyflækningasviði I og II en fækkaði á öðrum sviðum. Meðallegutími styttist á öllum sviðum nema geðsviði og öldrunarsviði. 20 skjólstæðingar hæfingar í Kópavogi fluttust í umsjá félagsmálaráðuneytis á árinu og hefur það áhrif á meðallegutíma endurhæfingarsviðs.

Legudeildir	Legur		Legudagar		Meðalfjöldi á dag		Meðallegutími	
	2001	2000	2001	2000	2001	2000	2001	2000
Barnasvið	4.412	4.513	17.857	20.039	48,9	54,8	4,0	4,4
Kvinnasvið	6.516	6.601	15.965	17.865	43,7	48,8	2,5	2,7
Geðsvið	2.658	2.754	87.102	88.730	238,6	242,4	32,8	32,2
Lyflækningasvið I	10.970	9.946	65.340	66.637	179,0	182,1	6,0	6,7
Lyflækningasvið II	1.506	1.310	11.373	11.596	31,2	31,7	7,6	8,9
Skurðlækningasvið	8.912	8.986	44.653	47.100	122,3	128,7	5,0	5,2
Slysa- og bráðasvið	29	0	31	0	0,1	0,0	1,1	0,0
Öldrunarsvið	1.013	1.143	39.467	40.416	108,1	110,4	39,0	35,4
Endurhæfingarsvið	378	390	20.399	28.939	55,9	79,1	54,0	74,2
Legur samtals:	36.394	35.643	302.187	321.322	827,9	877,9	8,3	9,0

Mun veikari sjúklingar á legudeildum

Með styttingu legutíma eykst umönnunarþörf innliggjandi sjúklinga. Til að mæla umönnunarþörf sjúklinga á legudeildum er notað alþjóðlegt sjúklingaflokkunarkerfi. Á hverjum degi eru innliggjandi sjúklingar flokkaðir í 6 mismunandi flokka. Sem dæmi þá er umönnunarþörf sjúklings í flokki I innan við 4 klst. á sólarhring en í flokki III er hún 7-10 klst. og í flokki VI yfir 20 klst. Kerfið umreiknar niðurstöðurnar úr flokkunum í stuðul sem kallaður er bráðleiki. Bráðleiki er mælikvarði á mismikla umönnun eftir því hversu veikir sjúklingar eru og hefur hækkað jafnt og þétt á öllum sviðum spítalans í takt við styttri legutíma og flóknari hjúkrun. Bráðleiki sjúklinga á legudeildum mælist á bilinu 0,80 - 1,80 og vegur hver aukastafur þungt í mælingunni. Bráðleiki gjörgæslusjúklinga er mun hærri.





Fleiri koma á dagdeildir

Legur og komur á dag- og göngudeildir lýsa fjölda sjúklinga sem spítalinn annast. Komum á dagdeildir hefur fjölgað um 2,3% á einu ári, sem er svipuð aukning og árið á undan. Það er í samræmi við stefnu spítalans að stytta legutíma en auka þjónustu dag- og göngudeilda.

Enn aukning á göngudeildum

Komur á göngudeildir spítalans voru rúmlega 201.000 árið 2001 og fjölgaði um rúmlega 1% á einu ári.

Komur á dagdeildir	2001	2000
Barnasvið	999	1.125
Kvennasvið	6.774	6.567
Geðsvið	67.139	64.531
Lyflækningasvið I	4.376	4.053
Lyflækningasvið II	4.137	4.107
Skurðlækningasvið	656	909
Öldrunarsvið	5.007	5.035
Endurhæfingarsvið	0	722
Dagdeildir samtals:	89.088	87.049

Komur á göngudeildir	2001	2000
Barnasvið	4.077	3.671
Kvennasvið	20.513	21.526
Geðsvið	39.490	40.026
Lyflækningasvið I	51.154	53.422
Lyflækningasvið II	21.783	19.872
Skurðlækningasvið	31.131	30.417
Slysa- og bráðasvið	28.966	27.828
Öldrunarsvið	1.709	1.418
Endurhæfingarsvið	2.273	689
Heilbrigðisæknisvið	380	514
Göngudeildir samtals:	201.476	199.383

Slysa- og bráðadeild	2001	2000
Komur v/slysa og óhappa Fossvogi	29.209	29.451
Ofbeldisverk og handalögmál	1.549	1.644
Bráðveikir o.fl. Fossvogi *	19.168	18.026
Bráðamóttaka Hringbraut	16.085	16.705
Slysa- og bráðadeild samtals	66.011	65.826

* O.fl. er m.a. komur í áfallahjálpi, neyðarmóttöku, blóðprufu vegna gruns um ölvunarakstur o.fl.

Komum á slysa- og bráðadeild fjölga enn

Nýkomum á slysa- og bráðadeild spítalans hefur fjölgað lítillega frá árinu 2000. Á hverjum degi kemur að meðaltali 181 sjúklingur á slysa- og bráðadeild spítalans í Fossvogi og við Hringbraut. Börn, 18 ára og yngri, eru u.þ.b. 30% þeirra sjúklinga sem leita til slysa- og bráðadeilda.

Skurðlækningar	2001	2000
Almennar skurðlækningar	1.911	2.176
Augnskurðlækningar	1.454	1.116
Barnaskurðlækningar	463	614
Brjóstholsskurðlækningar	586	543
Bæklunarskurðlækningar	1.936	2.115
Háls-, nef- og eyrnaskurðlækn.	1.171	1.256
Heila- og taugaskurðlækningar	529	625
Kvenlækningar	3.297	3.527
Lýtaskurðlækningar	330	367
Þvagfæraskurðlækningar	992	1.106
Æðaskurðlækningar	331	352
Óflokkað annað	14	0
Skurðlækningar samtals:	13.014	13.797

Færri skurðaðgerðir

Árið 2001 voru aðgerðir á skurðstofum spítalans 13.014 og hefur fækkað um 5,6% frá árinu 2000 eða tæplega 800 aðgerðir. Fækkunina má að mestu leyti rekja til mikilla byggingaframskvaðna á skurðstofum, einkum í Fossvogi, svo og endurnýjunar kvenlækningadeilda. Aðgerðum augnlækna fjölga þó um rúm 30% vegna mikillar aukningar ferliverka.



Lyfjanoftkun ásamt S- merktum lyfjum		Verð með VSK
A	Meltingafæra- og efnaskiptalyf	52.807.762
B	Blóðlyf	471.412.397
C	Hjarta- og æðalyf	30.549.946
D	Húðlyf	19.181.636
G	Þvagfæra-, kvensjúkdómalyf og kynhorm.	88.660.153
H	Hormónalyf önnur en kynhormónar	32.646.986
J	Sýklalyf	182.654.460
L	Æxlishefjandi og lyf til ónæmistemperunar	417.944.364
M	Gigtarlyf	38.760.835
N	Tauga- og geðlyf	149.862.455
P	Sníklalyf	564.537
R	Öndunarfæralyf	22.947.150
S	Augn- og eyrnalyf	15.770.397
Y	Ýmis lyf	134.535.786
Samtals:		1.658.298.864

Lyfjakostnaður á LSH

Sjúkrahúsapótekið seldi lyf fyrir rúma 1,6 milljarða króna árið 2001. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ákvað að færa frá Tryggingastofnun ríkisins til Landspítala - háskólasjúkrahúss umsýslan og afgreiðslu svokallaðra S-merktra lyfja.

Í þessum lyfjaflokki eru öll nýjustu og þá oft dýrustu lyfin. Færsla S-merktra lyfja til spítalans varð í byrjun ársins 2001. Hún skýrir að mestu leyti þá miklu hækkun sem orðið hefur á sölu lyfja í apóteki spítalans eða um rúmar 800 milljónir króna.

Sjúkrahúsapótekið er hlutafélag í eigu Landspítala - háskólasjúkrahúss og starfsmenn eru um 40 talsins. Aðalsteinn Snævar Guðmundsson viðskiptafræðingur er formaður stjórnar. Valgerður Bjarnadóttir viðskiptafræðingur var haustið 2001 ráðin framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Rannsóknarstofnun LSH	2001	2000	Breyting
Blóðmeinafræðideild	154.116	157.524	-2,2%
Meinefnafræðideild	524.754	495.809	5,8%
Rannsóknarstofa í Fossvogi	1.059.860	1.014.220	4,5%
Ónæmisfræðideild	36.394	34.458	5,6%
Sýklafræðideild	88.344	86.811	1,8%
Veirufræðideild	55.419	54.589	1,5%
Ísótópastofa	2.178	2.295	-5,1%
Heildarfjöldi rannsókna	1.921.065	1.845.706	4,1%

Flairi rannsóknir

Rúmlega 1,9 milljón rannsóknir voru gerðar á Rannsóknarstofnun LSH árið 2001. Rannsóknum fjölgaði um rúmlega 75 þúsund frá fyrra ári eða um 4,1%. Þess ber að gæta að notast er við aðra aðferð til talningar á fjölda rannsókna hjá rannsóknastofu í Fossvogi en hjá öðrum rannsóknarstofum á LSH.

Röntgenrannsóknir	2001	2000
Almennar röntgenskoðanir	70.247	77.328
Ísótópaskoðanir	1.378	1.942
Ómskoðanir	11.667	14.628
Segulómskoðanir	2.249	2.519
Tölvusneiðmyndarannsóknir	17.646	18.131
Æðaþræðingar	4.189	4.037
Röntgenrannsóknir samtals:	107.376	118.585

Röntgenrannsóknnum fækkar á spítalanum

Röntgenrannsóknnum hefur fækkað um 9,5% á einu ári og fækkar öllum röntgenrannsóknnum nema æðaþræðingum. Skýringin er einkum auknar röntgenrannsóknir á einkareknum stofum.

Námsferðakostnaður starfsmanna	2001	2000
Námsferðakostnaður	206.422	179.862
Hlutfall af launakostnaði	1,4%	1,3%

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Námsferðakostnaður

Kostnaður við námsferðir starfsmanna á LSH jókst um tæp 15% á einu ári.

